


**skoðun** 16

## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Föstudagur




## Hjátrú og hryllingur

*Hrollvekjusérfræðingar mæla með heppilegu sjónvarpsefni á föstudaginn þrettánda.*

**allt** 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**13. janúar 2012**
11. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Óttaðist lýðheilsuógn

*Þetta er eins og að lenda í náttúruhamförum, segir Jens Kjartansson lýtalæknir.*

**föstudagsviðtalið** 12

## Forgangur í skóla

*Ungt fólk á að meta að verðleikum þess, ekki búsetu segir Pawel Bartoszek.*

**umræðan** 17



## Hópurinn valinn í dag

*Guðmundur Guðmundsson mun tilkynna þá 17 leikmenn sem fara með landsliðinu til Serbíu.*

**sport** 30

# 90 milljónir vegna starfsloka

**Tveir forstjórar Geysis Green Energy fengu háar starfslokagreiðslur á árinu 2010 vegna uppsagnarfresta. Annar þeirra starfar enn hjá félaginu að ósk stjórnar. Félagið tapaði 5,5 milljörðum króna á árinu 2010.**

**VIÐSKIPTI** Tveir forstjórar Geysis Green Energy (GGE) fengu samtals greiddar 90 milljónir króna í starfslokagreiðslur á árinu 2010. Þá keypti félagið einnig eignarhlut Ásgeirs Margeirssonar, fyrrum forstjóra þess, í því á 5 milljónir króna. GGE tapaði 5,5 milljörðum króna á árinu 2010 og eigið fé þess var neikvætt um 13,8 milljarða króna. Þetta kemur fram í ársreikningi GGE fyrir árið 2010. Stærsti eigandi félagsins er Íslandsbanki.

Í skriflegu svari til Fréttablaðsins segir Alexander Guðmundsson, forstjóri GGE, starfslokagreiðslurnar vera annars vegar vegna starfsloka Ásgeirs Margeirssonar og hins vegar þar sem formlegu starfssambandi hans sjálfs og GGE hafi lokið í árslok 2010. „Greiðslur vegna starfsloka voru í samræmi við fyrirliggjandi ráðningarsamninga. Ekki komu til neinar viðbótargreiðslur vegna starfslokanna. Ég hef hins vegar haldið áfram að vinna að málefnum félagsins eftir þetta samkvæmt ósk stjórnar.“ Heimildir Fréttablaðsins herma að ráðningarsamningarnir hafi gert ráð fyrir allt að tveggja ára uppsagnarfresti sem hafi allur verið greiddur.



ALEXANDER K. GUÐMUNDSSON



ÁSGEIR MARGEIRSSON

> Greiðslur vegna starfsloka voru í samræmi við fyrirliggjandi ráðningarsamninga.
>
> ALEXANDER GUÐMUNDSSON
> HJÁ GEYSI GREEN ENERGY

Í ársreikningnum kemur einnig fram að GGE hafi tapað 1,4 milljörðum króna á sölu á 57,4% hlut sínum í HS Orku í maí 2010. Hluturinn var seldur til Magma Energy sem greiddi meðal annars fyrir hann með 7,9% hlut í sjálfu sér. Skuldir GGE drógust saman um rúma 42 milljarða króna á árinu 2010 og stóðu í um 27 milljörðum króna í lok þess árs. Alexander segir skuldirnar hafa breyst vegna tveggja þátta: annars vegar vegna þess að HS Orka hafi horfið úr samstæðuuppgjöri félagsins og hins vegar vegna endurgreiðslu skulda á tímabilinu sem fjármögnuð var með söluandvirði eigna. - þsj / sjá síðu 8



**HJÁLP BERST Í HELGAFELL** Landhelgisgæslunni barst beiðni frá lögreglu klukkan fjögur í gær vegna karlmanns sem hafði hrapað í hlíðum Helgafells við Hafnarfjörð. Þyrlan fann manninn skömmu síðar og sigmaður og læknir sigu niður og hlúðu að honum. Maðurinn, sem var vel búinn til göngu, var fluttur á Landspítalann í Fossvogi en að sögn varðstjóra var hann þá „illa á sig kominn“. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**veðrið í dag**




**RIGNING** Í dag verða víða sunnan 10-18 m/s og rigning en dregur úr úrkomu er líður á daginn, síst þó V-til. Hiti 4-10 stig, mildast syðst.

**VEÐUR** 4

FTT leitar leiða til tekjuöflunar:

## Youtube hafnar lagahöfundum

**TÓNLIST** Myndbandasíðan Youtube, hafnaði nýlega beiðni Félags tónskálda og textahöfunda um að greiða höfundarréttargjöld í sjóði íslenskra rétthafa. „Við vildum að þeir myndu greiða einhvers konar greiðslu, eins og þeir gera víða um heim. Að þeirra mati verðskuldar Ísland ekkert slíkt. Við erum ekki nógu stór og digur að þeirra mati,“ segir Jakob Frímann Magnússon, formaður FTT.



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

FTT leitar nú leiða til að afla tekna á móti því sem félagið telur að tapist með ólöglegu niðurhali og streymi á vefsíðum á borð við Youtube, Facebook og Grooveshark. Síðustu ár hafa verið uppi hugmyndir innan FTT um að fara í samningaviðræður við íslenskar netþjónustur um að rukka ákveðið gjald af hverri nettengingu á Íslandi. - afb / sjá síðu 34






Tryggingafélagið VÍS biður fólk að gera viðeigandi ráðstafanir vegna veðurs:

# Vara sterklega við asahlákunni

**VEÐUR** Sterklega er varað við vetrarumhleypingunum sem fylgja vatnsveðrinu sem nú dynur á landsmönnum. Asahlákan um helgina verður mun meiri en um síðustu helgi og hætt við eignaspjöllum og hálkuslysum.

Í tilkynningu frá tryggingafélaginu VÍS er vitnað til orða Einars Sveinbjörnssonar, veðurfræðings Veðurvaktarinnar, sem segir að vatnsveðrið verði allt annað og meira en um liðna helgi.

Við þessar aðstæður bráðnar snjór fljótt en klakinn síður, en hann er hins vegar prýðis vatnsfarvegur sem getur beint rigningar- og leysingavatni í aðrar áttir en æskilegt er með tilheyrandi skemmdarmætti, segir Einar.

Borgarstarfsmenn eru í viðbragðstöðu vegna hlýindanna. Dreifa á sandi á hálkuna í dag ef aðstæður verða eins og um síðustu helgi. „Snjóruðningstrukkarnir tíu sem eru venjulega í því verkefni að dreifa salti á stofnbrautir og helstu umferðaræðar verða sendir út til að sanda allar götur í borginni ef með þarf,“ segir í tilkynningu frá borginni. Þar segir einnig að margir hafi sótt sand og salt á hverfastöðvarnar til að bera á einkalóðir og innkeyrslur. - shá, gar



**UMHLEYPINGAR** Stórrigningar ofan í mikinn snjó skapa hættu. Hér hreinsa borgarstarfsmenn frá niðurföllum við Rauðarárstíg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## SPURNING DAGSINS



*Björn, er ekki bara málið að smella sér í diskógallann?*

„Nóg er að minnsta kosti ljósasjóið.“

Björn Ingimarsson er bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs sem skorað hefur á Ríkisútvarpið að lagfæra viðvörunarljós í langbylgjumastrinu á Eiðum sem á stundum sendir ofurbjört og taktlaus leiftur út í nóttina.

Meirihlutinn í íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur harmar mistök innilega:

# „Hefðbundið stjórnsýsluklúður“

**REYKJAVÍKURBORG** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur eru ósáttir við að tillaga um skipun samstarfshóps um mál tengd ÍTR skuli hafa komið fram í menningar- og ferðamálaráði og verið send beint þaðan til borgarráðs. Frumkvæðið hafi átt að vera hjá íþrótta- og tómstundaráði.

Tillagan umdeilda lýtur að sundlaugum, ferðamálastefnu, atvinnustefnu og stefnu ÍTR.

„Í ljósi þess sem á undan er gengið kemur því miður ekki á óvart að formaður og aðrir fulltrúar meirihlutans í íþrótta- og tómstundaráði uni slíkum yfirgangi. Sú spurning vaknar hvort um sé að ræða hefðbundið stjórnsýsluklúður af hálfu meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins eða hvort þarna komi fram með óvenju skýrum hætti metnaðarleysi meirihlutans í málefnum ÍTR, bókuðu sjálfstæðismenn.

Fulltrúar Samfylkingar og Besta flokksins sögðu að víðtæks samráð verði leitað við þá sem málið er viðkomandi. Þeir sögðust hins vegar „harma innilega“ að tillagan hafi ekki fyrst komið fram í ÍTR heldur Menningar- og ferðamálaráði. „Ástæðan er ekki metnaðarleysi meirihlutans gagnvart málaflokknum heldur hefðbundið stjórnsýsluklúður,“ útskýrðu þeir. **- gar**



**ODDVITAR Í ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐI** Eva Einarsdóttir úr Besta flokknum er formaður íþrótta- og tómstundaráðs og Kjartan Magnússon er annar fulltrúa Sjálfstæðisflokks í ráðinu.

Umdeild ísraelsk lög staðfest:

# Blönduð hjónabönd bönnuð

**ÍSRAEL, AP Hæstiréttur Ísraels hefur staðfest umdeild lög sem meina flestum Palestínuaröbum sem gifst hafa Ísraelum búsetu í landinu.**

**Í fjölskipuðum rétti komust sex af ellefu dómurum að þeirri niðurstöðu að af íbúum Palestínu sem fengið hafa ríkisborgararétt í Ísrael vegna hjónabands stafi öryggishætta. Þingið samþykkti lögin árið 2003. Samkvæmt þeim má heimila undantekningar þegar palestínskir eiginmenn eru yfir 35 ára og konur eldri en 25.** **- óká**

Ákæra vegna LSK þingfest:

# Ákærðu neita sök fyrir dómi

**DÓMSMÁL Fimm af sex sem ákærð eru fyrir ólögmætar lánveitingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar til bæjarsjóðs Kópavogs neituðu sök þegar málið var þingfest í gær.**



FLOSI EIRÍKSSON

**Flosi Eiríksson, sem sat í stjórn sjóðsins, tók sér frest til að fara yfir ákæruna áður en hann tæki afstöðu til hennar. Fimm ákærðu voru stjórnarmenn í sjóðnum, en auk þeirra er fyrrverandi framkvæmdastjóri ákærður.**

**Í ákæru kemur fram að ólögmæt lán hafi verið sjö talsins, veitt á sjö mánaða tímabili. Hæst var upphæðin 490 milljónir króna.** **- bj**

Hermenn vanvirða lík:

# Myndband vekur mikla reiði

**BANDARÍKIN** Myndband sem sýnir bandaríska hermenn kasta af sér þvagi yfir lík afganskra manna hefur vakið mikla reiði. Hinir látnu voru að öllum líkindum talibanar.

Leon Panetta, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, er meðal þeirra sem hafa lýst hneykslan sinni á málinu og segir hegðun hermannanna algjörlega óviðunandi. Hann segir þá sem tóku þátt í þessu verða dregna til ábyrgðar.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, sagði myndbandið sýna ómennsku og að hann fordæmdi verknaðinn. Einn talsmaður talíbana sagði málið þó ekki munu hafa áhrif á viðræður milli þeirra og bandamanna. **- þeb**

# Meiri áhersla á sölu leyfa til útlendinga

**Sala til fyrirtækja og útlendinga mun standa undir hærri leigu í Þverá og Kjarrá segir nýr leigutaki. Mun bjóða Litlu-Þverá sem nýtt tveggja stanga veiðisvæði. Gamlar hefðir verða endurvaktar við Kjarrá og veiðimenn fá undir sig hesta.**

**VEIÐI** Nýir leigutakar Þverár og Kjarrár í Borgarfirði boða töluverðar breytingar sumarið 2013; Litla-Þverá verður boðin sem nýtt tveggja stanga svæði og veiðimönnum stendur til boða að sækja veiði í Kjarrá á hestum hluta úr sumri, eins og tíðkaðist fyrr á árum. Þrátt fyrir töluverða hækkun á leigu ánna reikna nýir húsbændur með því að verð á jaðartíma verði svipað og fyrri ár. Besti tíminn, sem hefur um áratuga skeið aðallega verið seldur til fyrirtækja og útlenskra veiðimanna, mun standa undir hærri leigu.

Leigutaki árinnar, Starir ehf., greiðir Veiðifélagi Þverár 111,7 milljónir króna á ári. Greiðslur fyrir uppkaup netalagna í Hvítá og vegagerð koma því til viðbótar.

Töluverð umræða spannst í haust um hækkun veiðileyfa í kringum útboð Þverár og Kjarrár. Ingólfur Ásgeirsson, einn leigutaka, segir að í umræðunni gleymist að um áratuga skeið hafi besti tíminn í ánni, eins og öllum öðrum sambærilegum ám, verið seldur til fyrirtækja og útlendinga.

„Við munum reyna að auka hlutdeild erlendra viðskiptamanna eftir föngum og lítum til þess verðs sem gengur og gerist í sambærilegum ám, sem eru fáar. Íslenski markaðurinn tekur ekki við miklum hækkunum á veiðileyfum og við munum taka tillit til þess.“

Ingólfur segir þá félaga ætla að byggja á þeim hefðum sem veiðifélagið Sporður, fyrri leigutaki ánna, hafi skapað undanfarin ár en hrinda jafnframt sínum hugmyndum í framkvæmd.

„Við erum að taka við frábæru búi; áin hefur sérstöðu og yfir henni hvílir sérstakur andi. Við ætlum að bjóða veiðimönnum nýtt tveggja stanga svæði sem er Litla-Þverá. Það verður spennandi kostur á mjög sanngjörnu verði. Svo langar okkur að endurvekja gamlar hefðir með því að bjóða hestaferðir á efri hluta Kjarrár hluta úr sumri.“



**VIÐ KJARRÁ** Starir, í eigu Davíðs Mássonar, Halldórs Hafsteinssonar og Ingólfs Ásgeirssonar, mun ekki bjóða í aðrar ár heldur er félagið alfarið stofnað til að sinna Þverár/Kjarrár-verkefninu. Hér sést Vaðið í Kjarrá og Neðri-Pottur. Veiðihúsið Víghóll er uppi á leitinu.

> Svo langar okkur að endurvekja gamlar hefðir með því að bjóða hestaferðir á efri hluta Kjarrár, hluta úr sumri …
>
> **INGÓLFUR ÁSGEIRSSON**
> EINN LEIGUTAKA ÞVERÁR OG KJARRÁR

Ingólfur segir jafnframt að eftir 20. ágúst verði boðið upp á nýjan kost í Þverá, en tvær stangir verða þá seldar til silungsveiða, með góðri laxavon, á neðsta hluta árinnar. „Við teljum okkur vera að auka töluvert við þá kosti sem eftirsóttastir eru af íslenskum veiðimönnum,“ segir Ingólfur.

Þeir félagar ætla að leggja frekari áherslu á veiða/sleppa og veiðimenn fá að taka færri fiska með sér heim en áður. „Við ætlum að innleiða enn frekar þessa hugsun fluguveiðimanna enda er það framtíðin að stórum laxi, og hluta af smálaxinum, sé sleppt. Það er til hagsbóta fyrir veiðimenn að árnar séu fullar af laxi út veiðitímann, auk þess sem það eykur líkur á sjálfbærni ánna.

svavar@frettabladid.is

Jafnrétti kynjanna:

# Ísland stendur vel í samanburði

**JAFNRÉTTISMÁL** Ísland er í efsta sæti árlegs lista World Economic Forum, yfir stöðu kynjajafnréttis í heiminum árið 2011, þriðja árið í röð.

Það eru einkum pólitísk áhrif kvenna og staða í menntamálum sem gerir að verkum hve Ísland kemur vel út. Þegar litið er á kynjajafnrétti á vinnumarkaði versnar ástandið heldur og einnig í heilbrigðismálum, en litlu munar milli landa í mælingunum á þessum þáttum.

Noregur, Finnland og Svíþjóð eru í sætum tvö til fjögur en Danmörk er í sjöunda sæti. **- shá**

Fjórir menn ákærðir:

# Sjötugt burðardýr fyrir dómi

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært fjóra menn fyrir tilraun til að smygla til landsins 878 grömmum af kókaíni, sem unnt hefði verið að framleiða 3,7 kíló úr með íblöndunarefnum.**

**Þrír mannanna, allir á þrítugsaldri, eru ákærðir fyrir að hafa lagt á ráðin um innflutning efnanna frá Danmörku. Einn þeirra fékk svo sjötugan mann til verksins og afhenti honum farsíma, flugnúmer og 200 þúsund krónur í reiðufé til fararinnar. Sá elsti faldi efnin í farangri sínum ytra og hélt síðan heim, þar sem tollverðir stöðvuðu för hans við hefðbundið eftirlit og fundu kókaínið.** **- jss**

## LÖGREGLUMÁL

### Tóku 200 kannabisplöntur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á 200 kannabisplöntur í fjórum íbúðum í fjölbýlishúsum í Reykjavík á miðvikudag. Tveir menn voru handteknir í aðgerðum lögreglu.






Stjórn Vaðlaheiðarganga segir veggjöld standa undir göngunum til „lengri tíma“:

# Aflétta þarf óvissu verktaka

**SAMGÖNGUR** Stjórn Vaðlaheiðarganga hf. segir að unnið hafi verið að gerð ganga undir Vaðlaheiði á faglegum forsendum í fullu samráði við „þar til bæra aðila“, eins og segir í yfirlýsingu.

„Leitað hefur verið til helstu sérfræðinga landsins varðandi undirbúning og dreginn lærdómur af fyrri jarðgangaverkefnum,“ segir stjórnin. „Niðurstaða útreikninga varðandi endurgreiðslur lána er sú að verkefnið geti endurgreitt lán að fullu á grundvelli veggjalda út frá þeim forsendum sem kynntar hafa verið.“

Bornar eru saman skýrsla Pálma Kristinssonar verkfræðings og skýrsla IFS Greiningar fyrir fjármálaráðuneytið. Meginmunurinn er sagður sá að Pálmi kveðist einkum byggja á eigin reynslu ásamt upplýsingum af fundi í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis en IFS hafi unnið með gögn helstu sérfræðinga landsins. Fyrir liggi tilboð eða kostnaðaráætlanir fyrir alla þætti.

> Það er von félagsins að ákvörðun um framhald og undirbúning Vaðlaheiðarganga verði tekin sem fyrst…
>
> **ÚR YFIRLÝSINGU STJÓRNAR VAÐLAHEIÐARGANGA**

„Það er von félagsins að ákvörðun um framhald og undirbúning Vaðlaheiðarganga verði tekin sem fyrst til að aflétta óvissu gagnvart verktökum og öðrum sem hagsmuni hafa af framkvæmdinni. Mikilvægt er að tafir á ákvörðun skaði verkefnið ekki enn frekar,“ segja Kristín H. Sigurbjörnsdóttir formaður og meðstjórnendurnir Kristján L. Möller og Pétur Þór Jónasson í stjórn Vaðlaheiðarganga hf. **- gar**




**VAÐLAHEIÐI** Formaður stjórnar Vaðlaheiðarganga og meðstjórnendur hennar segja helstu sérfræðinga landsins hafa komið að undirbúningi gangagerðarinnar.




## NÝÁRSFAGNAÐUR TOYOTA

Laugardaginn 14. janúar frá kl. 12-16, verður Stórsýning hjá Toyota á Íslandi þar sem nokkrar af stjörnum Toyota láta ljós sitt skína hjá öllum viðurkenndum söluaðilum. Frumsýndur verður glænýr Avensis, beint úr kassanum. Einnig koma fram hinir gríðarvinsælu Yaris og Land Cruiser 150. Söluráðgjafar Toyota verða í sérstöku samningsskapi og eru til alls líklegir. Ekki missa af tækifæri til að gera fantagóð bílakaup á nýja árinu. Nánari upplýsingar á **www.toyota.is**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogi | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

**GENGIÐ 12.01.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,24 | 124,84 |
| Sterlingspund | 190,65 | 191,57 |
| Evra | 158,49 | 159,37 |
| Dönsk króna | 21,306 | 21,430 |
| Norsk króna | 20,643 | 20,765 |
| Sænsk króna | 17,926 | 18,032 |
| Japanskt jen | 1,6148 | 1,6242 |
| SDR | 189,67 | 190,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,9174

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Átak í Hafnarfirði vegna rangrar skráningar atvinnuhúsnæðis í fasteignaskrá:

# Verða af hundruðum milljóna króna

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ljóst er að Hafnarfjörður hefur orðið af tekjum sem skipta tugum ef ekki hundruðum milljóna vegna þessa,“ bókuðu fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks eftir að meirihluti skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar ákvað að gera átak í að leiðrétta skráningu fasteigna.

Meirihluti Samfylkingar og VG í ráðinu sagði það mikið hagsmunamál fyrir bæjarsjóð og íbúa Hafnarfjarðar að byggingarstig fasteigna væri rétt skráð. Umtalsverður árangur hafi náðst í þessu á undanförnum árum en áhersla yrði lögð á málið á næstu vikum og mánuðum.

„Samkvæmt staðfestum upplýsingum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Skipulags- og byggingarráði hefur verið verulegur misbrestur á réttri skráningu byggingarstigs og þar af leiðandi innheimtu réttra fasteignagjalda af íbúðar-, verslunar- og iðnaðarhúsnæðis undanfarin ár. Eigendum fasteigna í Hafnarfirði sem hafa hirt um að skrá fasteignir sínar og greiða réttmæt gjöld til Hafnarfjarðarbæjar hefur verið stórlega mismunað í innheimtu fasteignagjalda vegna þessa,“ bókuðu sjálfstæðismenn. Þeir lögðu til rannsókn á ástæðu þess að skráningin hafi misfarist og úttekt á tekjutapi Hafnarfjarðar vegna þess. **- gar**



**HAFNARFJÖRÐUR** Bent var á það í skipulagsráði Hafnarfjarðar að þeim sem skrá fasteignir sínar á réttu byggingarstigi sé mismunað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fatlaðir borga ekki í bili:

# Fæðisgjald ekki sett á 1. febrúar

**SAMFÉLAGSMÁL** Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að draga til baka ákvörðun um að taka gjald fyrir hádegisverð á þeim stöðum þar sem fatlað fólk sækir dagþjónustuúrræði. Borgin mun endurskoða málið í samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og notendur þjónustunnar.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 var ákveðið að samræma gjaldtöku vegna matarþjónustu. Tekin var ákvörðun um að gjaldið yrði alls staðar það sama eða 610 krónur frá 1. febrúar. **- shá**

2.400 styrkja UN Women:

# Framlag aukist um 140 prósent

**JAFNRÉTTISMÁL** Framlag Íslendinga til UN Women, stofnunar Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og jafnréttis, jókst um 140 prósent á fyrsta starfsárinu. Stofnunin var mynduð úr fjórum stofnunum innan SÞ og aðildarríki samþykktu að leggja meira fé í jafnréttismál og að tryggja konum í fátækustu löndum heimsins líf án ofbeldis og mismununar.

Yfir 2.400 Íslendingar styrkja nú starf UN Women mánaðarlega. Framlag íslensku landsnefndarinnar er þannig næsthæst í heiminum á eftir Ástralíu, segir Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi. **- þeb**

Minnsta sólkerfi sem sést hefur:

# Uppgötvuðu smáplánetur

**VÍSINDI Stjörnufræðingar við Caltech-háskólann í Bandaríkjunum hafa uppgötvað þrjár minnstu reikistjörnur sem sést hefur til utan sólkerfisins.**

**Reikistjörnurnar þrjár eru á sporbaug um stjörnu sem nefnist KOI-961 og er í 130 ljósára fjarlægð frá jörðinni. Er radíus þeirra 0,78, 0,73 og 0,57 sinnum radíus jarðar. Reikistjörnurnar eru taldar vera úr bergi eins og jörðin en fæstar þeirra reikistjarna sem fundist hafa eru úr bergi. Þá eru þær of nálægt stjörnunni sem þær eru á sporbaug um til að teljast lífvænlegar.**

**Stjörnufræðingarnir studdust við gögn frá Kepler-sjónauka bandarísku geimferðastofnunarinnar. Sjónaukinn var tekinn í notkun árið 2009 og hefur það hlutverk að leita að reikistjörnum í Vetrarbrautinni.** **- mþl**

# Samþykkja flestar beiðnir um hleranir

**Dómstólar samþykkja meirihluta beiðna lögreglu um heimild til símhlerana. Túlka verður lög um hleranir þröngt segir fyrrverandi ríkissaksóknari. Segir einstök tilvik líta út eins og sérstakur saksóknari sé að fiska með hlerunum.**

**DÓMSMÁL** Meirihluti þeirra beiðna um heimild til hlerana sem lögregla hefur lagt fyrir dómstóla á undanförnum árum hefur verið samþykktur. Fyrrverandi ríkissaksóknari segir að túlka verði þröngt heimildir til hlerana.

Ríkissaksóknari hefur eftirlit með símhlerunum lögreglu, sem og öðrum hlerunum, notkun eftirfararbúnaðar og annars eftirlits. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari boðaði nýverið auknar áherslur á eftirlit með þessum rannsóknum, og hefur nú fengið alla úrskurði frá dómstólum frá ársbyrjun 2009.

„Menn þekkja hver skilyrðin eru og fara ekki fram með kröfur nema líklegt sé að dómstólar fallist á þær, með hliðsjón af dómaframkvæmd,“ segir Sigríður.

„Símhleranir eru gríðarlegt inngrip í persónuleg réttindi manna, og það verður að mínu mati að túlka lögin mjög þröngt,“ segir Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari.

Valtýr starfar nú sem lögmaður og gætir meðal annars hagsmuna einstaklinga sem hafa verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. Embættið hefur ítrekað beitt símhlerunum við rannsóknir sínar.

> Lögin taka ekki fyrir að hlerunum sé beitt gegn vitni, en þetta lítur út eins og menn hafi hreinlega verið að fiska.
>
> **VALTÝR SIGURÐSSON**
> FYRRVERANDI RÍKISSAKSÓKNARI

Valtýr þekkir dæmi um rannsókn sérstaks saksóknara þar sem maður var boðaður til yfirheyrslu sem vitni. Á sama tíma fékkst heimild til að hlera síma viðkomandi. „Lögin taka ekki fyrir að hlerunum sé beitt gegn vitni, en þetta lítur út eins og menn hafi hreinlega verið að fiska. Ef svo er er það ekki í samræmi við lög,“ segir Valtýr.

„Það vekur í það minnsta spurningar að maður sé boðaður til yfirheyrslu sem vitni og svo er fylgst með í hvern hann hringir í kjölfarið. Og upptökur úr símtölum hans svo spilaðar fyrir þriðja aðila, meðal annars samtöl hans við eiginkonu og bróður,“ segir Valtýr.

Hann segir það einnig umhugsunarefni að dæmi séu um að eitt og hálft ár líði frá því að atvik sem eru til rannsóknar eigi sér stað þar til símar séu hleraðir. Það rími illa við að aðeins megi hlera þegar líklegt sé að upplýsingar sem fáist með hlerunum fáist ekki fram með öðrum rannsóknaraðferðum.

„Dómstólar hafa metið það svo að þetta væri þess eðlis að eðlilegt væri að heimila þetta. Svo kemur í ljós við meðferð málanna fyrir dómi hvaða þýðingu öflun þessara sönnunargagna hefur,“ segir Sigríður.

„Hagsmunirnir af því að sækjast eftir þeim upplýsingum sem gætu fengist eru til staðar í þessum málum eins og öðrum,“ segir Sigríður. „Þetta er aðeins öðruvísi en í öðrum málum. Til dæmis er í umfangsmiklum fíkniefnamálum yfirleitt eitthvað í gangi sem tengist brotinu, en þarna er ekki um það að ræða. Það er helsti munurinn.“

**brjann@frettabladid.is**



SIGRÍÐUR FRIÐJÓNSDÓTTIR

VALTÝR SIGURÐSSON



**STUTTNEFJA Í BJARGI** Stofninn hefur minnkað um 44% á landsvísu á 25 árum. MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON

Vernd svartfugla:

# Fuglavernd styður bannið

**UMHVERFISMÁL Fuglavernd styður eindregið niðurstöðu meirihluta svartfuglanefndar umhverfisráðherra um að veiðar á svartfugli verði bannaðar í fimm ár. Í tilkynningu segir að ástundun veiða úr hnignandi stofnum sé siðlaus umgengni við náttúruna og veiðibann eina siðlega viðbragðið við stofnhruni tegunda.**

**Þá segir að það hljóti að vera hagsmunir allra sem nýta svartfugla að stofnarnir séu sterkir og sjálfbærir, en öll sérhagsmunavarsla geti spillt tiltrú almennings á siðferði veiðimanna. Ívilnanir á fyrirkomulagi veiðistjórnunar séu í andstöðu við varúðarreglu sem leyfir sjófuglum að njóta vafans.** **- shá**

Skilorð og skaðabætur:

# Missti tennur eftir skókast

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða fyrrverandi sambýliskonu sinni tæplega 1,6 milljónir króna í skaðabætur eftir að hann kastaði skó í andlit hennar. Afleiðingarnar urðu meðal annars þær að konan missti tvær tennur og sú þriðja losnaði. Þá hlaut konan áverka í andliti.

Maðurinn neitaði sök og bar að hurð hefði skollið framan í konuna. Framburður hans þótti ótrúverðugur. Konan var hins vegar talin trúverðug. **- jss**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**MILT OG BLAUTT** á landinu í dag og víða asahláka. Á morgun gengur í suðvestanátt með kólnandi veðri og éljum síðdegis um vestanvert landið en úrkomulítið norðaustan til. Á sunnudag verður úrkomulítið í fyrstu en lítur út fyrir rigningu syðra undir kvöld.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 7° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 10° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | -1° |
| París | 8° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

**KJÖRKASSINN**



*Ætti að úthluta stangveiðileyfum til almennings úr pottum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 85,5% |
| NEI | 14,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Stundar þú líkamsrækt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Síðasta ár metár í fjölda ferðamanna. Icelandair aldrei flutt fleiri farþega en 2011:

# Aldrei fleiri farið um Leifsstöð

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um 21 þúsund erlendir ferðamenn fóru úr landi um Leifsstöð í desember. Eru það ríflega 11 prósentum fleiri en í desember árið 2010. Samanlagt fóru því 541 þúsund erlendir ferðamenn úr landi um Leifsstöð á árinu 2011 sem er metfjöldi og tæplega 18 prósentum fleiri en árið 2010. Áður var árið 2008 metár þegar 473 þúsund erlendir ferðamann fóru um Leifsstöð.

Fyrstu tíu mánuðir síðasta árs voru allir metmánuðir yfir fjölda ferðamanna sem fóru gegnum Leifsstöð. Met voru hins vegar ekki slegin í nóvember og desember. Fjöldi ferðamanna í desember var meiri árin 2007 og 2008.

Þá hefur Icelandair birt tölur um fjölda farþega í flugum sínum á árinu 2011. Voru þeir 1.750 þúsund, um fimmtungi fleiri en árið 2010. Hefur Icelandair aldrei áður flutt jafnmarga farþega á einu ári og þá hefur sætanýting heldur aldrei verið betri. **- mþl**



**LEIFSSTÖÐ** Alls 541 þúsund erlendir ferðamenn yfirgáfu Ísland um Leifsstöð á árinu 2011. Eru það 14,4 prósentum fleiri en á árinu 2008 sem var áður metár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Berlingske Media rekur 87:

## Urban hættir að koma út

**DANMÖRK** Fríblaðið Urban sem kemur út í Danmörku hættir göngu sinni frá og með gærdeginum. Útgáfufélagið Berlingske Media reynir með þessu að auka sparnað, að því er greint er frá á viðskiptavef Berlingske, business.dk.

87 starfsmönnum Urban hefur verið sagt upp störfum. Haft er eftir Lisbeth Knudsen, framkvæmdastjóra Berlingske Media, að með vorinu standi til að opna nýja stafræna útgáfu Urban, væntanlega fyrir net, farsíma, spjald- og lestölvur. **- óká**



**AFDRIFARÍK HRINGING** Hringing úr síma tónleikagests setti tónleika í New York úr skorðum.

Sími hringdi á tónleikum:

## Stöðvaði fílharmóníusveit

**BANDARÍKIN, AP** Stjórnandi Fílharmóníusveitar New York borgar í Bandaríkjunum stöðvaði flutning níundu sinfóníu Mahlers í Lincoln Center á þriðjudag eftir látlausa hringingu farsíma eins áheyrenda.

Alan Gilbert hljómsveitarstjóri stöðvaði sveitina þar til slökkt hafði verið á símanum. Viðlíka mun aldrei hafa gerst áður hjá Fílharmóníusveitinni.

Wall Street Journal greindi frá því að um hafi verið að ræða sjálfgefna „marimba“-hringingu iPhone. Fyrst hafi Gilbert sýnt óánægu sína með því að horfa í áttina að fyrstu sætaröð, þaðan sem hringingin kom, en síðan gefist upp þegar ekkert lát varð á henni. **- óká**

Þrír mánuðir á skilorði:

## Bruggaði rúma þúsund lítra

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir landabrugg.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa í húsnæði sem hann hafði á leigu við Bæjarlind í Kópavogi framleitt í söluskyni 938 lítra af gambra, með 12 til 15 prósenta áfengisstyrkleika, og 84 lítra af landa, með 26 til 43 prósenta áfengisstyrkleika. Áfengið fannst við leit lögreglu í húsnæðinu föstudaginn 9. september 2011.

Maðurinn játaði bruggunina greiðlega fyrir dómi. Hann hafði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi.

Falsaði nöfn ítrekað:

## Kona er ákærð fyrir skjalafals

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Akureyri hefur ákært nær fimmtuga konu fyrir skjalafals.

Konunni er gefið að sök að hafa notað í viðskiptum við Sparisjóð Ólafsfjarðar tvö veðskuldabréf, tvö tryggingarbréf og skjal um skilmálabreytingu, sem hún hafði falsað með nöfnum sambýlismanns síns og dóttur.

Upphæðir falsana konunnar námu samtals rúmlega ellefu milljónum króna. **- jss**

# Jón hafnar ábyrgð á milljarðaláni Baugs

**Jón Ásgeir Jóhannesson segist engin afskipti eða áhrif hafa haft á stjórnarmenn Glitnis sem fjölluðu um fimmtán milljarða lánveitingu til Baugs í árslok 2007. Hann gagnrýnir slitastjórn bankans sem ætlar í skaðabótamál vegna lánsins.**

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, einn þeirra sem slitastjórn Glitnis hefur ákveðið að stefna til greiðslu skaðabóta vegna fimmtán milljarða króna lánveitingar til Baugs í árslok 2007, segist engin áhrif hafa haft á ákvörðunina um lánið. Slitastjórnin telur sig hins vegar búa yfir sönnunum um annað.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær mun slitastjórn á allra næstu dögum stefna níu manns til greiðslu skaðabóta að upphæð 6,5 milljarðar vegna lánsins, sem Baugur fékk til að taka þátt í hlutafjárútboði FL Group.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

Þessir níu eru Jón Ásgeir, Lárus Welding og öll sjö manna stjórn bankans á þessum tíma. Í stjórninni sátu Þorsteinn M. Jónsson, Jón Sigurðsson, Skarphéðinn Berg Steinarsson, Björn Ingi Sveinsson, Pétur Guðmundarson, Haukur Guðjónsson og Katrín Pétursdóttir.

Jón Ásgeir var á þessum tíma aðaleigandi Baugs og stjórnarformaður FL Group en gegndi engri formlegri ábyrgðarstöðu í Glitni. Engu að síður telur slitastjórnin sig hafa sannanir um að hann hafi komið með skaðabótaskyldum hætti að ákvörðuninni um lánveitinguna, sem að endingu hafi bakað bankanum 6,5 milljarða króna tjón.

Fram kom í Kastljósi RÚV í gær að Jón Ásgeir hafi sjálfur sent Lárusi Welding drög að lánasamningnum.

Þessu vísar Jón Ásgeir á bug í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. „Málið fékk eðlilega afgreiðslu í stjórn bankans,“ segir hann. „Ég hafði engin afskipti eða áhrif á stjórnarmenn sem fjölluðu um málið og tóku lokaákvörðun. Það er óumdeilt að til eru tugir tölvuskeyta milli Glitnis og Baugs varðandi málið sem sýna svo ekki verður um villst að málið fór í eðlilegan farveg.“

Hann segir enn fremur að sér sé kunnugt um að stjórnendur og stjórnarformaður Glitnis hafi ekki tekið þátt í umræðum um þessa lánveitingu.

Jón Ásgeir segir að Baugur hafi einungis fengið rúman þrjá og hálfan milljarð greiddan út af láninu til að byrja með en afgangurinn hafi orðið eftir sem bundin bankainnistæða. Fimm milljarðar af henni hafi svo verið greiddir út árið 2008 til að gera upp aðrar skuldir Baugs við bankann.

Jón Ásgeir segir sorglegt að horfa upp á vinnubrögð slitastjórnarinnar, ekki síst í ljósi þess að hún hafi verið gerð afturreka með málsókn sína á hendur honum og sex öðrum í New York. Þá sakar hann Steinunni Guðbjartsdóttur, formann slitastjórnarinnar, um að hafa logið að breskum dómstólum um milljarðaeignir hans. „Það þarf að taka öllu með fyrirvara sem kemur frá þessu pari sem skipar slitastjórn Glitnis.“

**stigur@frettabladid.is**




**STEFNT** Lárus Welding, Þorsteinn M. Jónsson og Jón Sigurðsson eru meðal þeirra sem slitastjórnin mun stefna vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

> Ég hafði engin afskipti eða áhrif á stjórnarmenn sem fjölluðu um málið og tóku lokaákvörðun.
>
> **JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** FYRRVERANDI AÐALEIGANDI BAUGS

Könnun Capacent á viðhorfi stjórnenda í til aðstæðna í atvinnulífinu:

# Stjórnendur örlítið bjartsýnni

**EFNAHAGSMÁL** Tveir þriðju hlutar stjórnenda í stærstu fyrirtækjum landsins telja aðstæður í atvinnulífinu vera slæmar. Þetta er niðurstaða könnunar Capacent fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands. Hlutfallið hefur lækkað um fimm prósentustig á milli ársfjórðunga.

Alls 67 prósent stjórnenda telja aðstæður í atvinnulífinu slæmar, 29 prósent telja þær hvorki góðar né slæmar og 4 prósent telja þær góðar. Sérstaklega þungt er yfir stjórnendum á landsbyggðinni en þar telja um 80 prósent aðstæður slæmar. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið um 60 prósent.

Stjórnendur eru einnig aðeins bjartsýnni á jákvæða þróun næstu mánuði en á stöðuna nú. Alls 22 prósent stjórnenda telja að aðstæður í atvinnulífinu batni á næstu sex mánuðum en sama hlutfall var 17 prósent fyrir tveimur mánuðum. Meirihluti stjórnenda, 61 prósent, býst þó við óbreyttum aðstæðum eftir hálft ár.

Capacent framkvæmir ársfjórðungslega könnun á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja á Íslandi fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands. Í úrtaki voru í þetta skiptið 441 stærstu fyrirtæki landsins og var svarhlutfall 55 prósent. **- mþl**



**ATVINNULÍFIÐ** Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins telja sem fyrr aðstæður í atvinnulífinu vera slæmar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

Að eiga myndavél og kunna ekki á Photoshop er eins og að eiga bíl og kunna ekki að keyra!

Á þessu námskeiði er lögð áhersla á hvernig hægt er að nota þetta magnaða forrit til eftirvinnslu og lagfæringar stafrænna mynda úr myndavélum og skönnum.

**Skemmtilegt 30 stunda námskeið í þessu frábæra forriti.**

Bæði dag- og kvöldnámskeið byrja 23. jan. og ljúka 6. feb.
Kennd Mánudaga og miðvikudaga

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI




Nú stendur yfir sameining útibúa Íslandsbanka og Byrs. Sameiningin verður gerð á næstu vikum eins og hér segir.

| Staður | Dags. | Sameining útibúa |
|---|---|---|
| **Reykjanesbær** | 16. janúar | Útibú Byrs sameinast útibúi Íslandsbanka við Hafnargötu 91 |
| **Kópavogur** | 23. janúar | Útibú Byrs við Digranesveg 1 verður Íslandsbanki |
| **Kópavogur** | 23. janúar | Afgreiðsla Íslandsbanka í Hamraborg sameinast útibúi Íslandsbanka í Þarabakka 3 |
| **Árbær** | 30. janúar | Útibú Byrs að Hraunbæ 119 verður Íslandsbanki |
| **Akureyri*** | 6. febrúar | Útibú Íslandsbanka sameinast útibúi Byrs í Skipagötu 9 |
| **Hafnarfjörður** | 13. febrúar | Útibú Íslandsbanka sameinast útibúi Byrs í Strandgötu 8-10 |
| **Borgartún** | 20. febrúar | Útibú Byrs sameinast aðalútibúi Íslandsbanka á Kirkjusandi |

islandsbanki.is | Sími 440 4000

*Útibú Íslandsbanka mun flytja tímabundið í útibú Byrs í Skipagötu 9 vegna endurbóta á húsnæði Íslandsbanka. Nánar á islandsbanki.is

Íslandsbanki

40%

afsláttur
af umgjörðum
föstudag
og
laugardag

Dömu Vintage á
**kr. 5.000**



LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055


Forseti framkvæmdastjórnar ESB segir að aðhald í ríkisfjármálum sé ekki nóg:

# Barroso segir þörf á stefnu um vöxt og atvinnu

**KAUPMANNAHÖFN, FRÉTTABLAÐIÐ** José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir að þótt gríðarlega mikilvægt sé að aðildarríkin nái saman um aukið aðhald í ríkisfjármálum, sé það ekki nóg.

„Agi í ríkisfjármálum er nauðsynlegur, en dugar ekki einn og sér. Agi er ómissandi, en hagvöxtur er líka nauðsynlegur,“ sagði Barroso á blaðamannafundi í Kaupmannahöfn í gær. Framkvæmdastjórn ESB hefur setið á fundum með ráðherrum dönsku ríkisstjórnarinnar í vikunni í tilefni af því að Danmörk tók við forsæti ráðherraráðs ESB um áramótin.

Barroso sagði að til þess að efla traust bæði borgara ESB-ríkjanna og alþjóðlegra fjárfesta á efnahagslífi Evrópu þyrfti stefnu um vöxt og atvinnusköpun. Hann fagnaði því sérstaklega stefnu Dana, sem hyggjast í formennskutíð sinni leggja mikla áherzlu á að efla innri markað ESB og fækka hindrunum, til dæmis í vegi rafrænna viðskipta, og leggja sömuleiðis mikið upp úr svokölluðum grænum hagvexti, sem verður til með þróun umhverfisvænnar tækni.

Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, sagði að þróun á „grænum“ atvinnuháttum væri „ekki aðeins góð fyrir umhverfið, heldur ábatasöm fyrir evrópskt efnahagslíf. Þetta er geirinn þar sem við verðum að sjá hagvöxt og ný störf verða til“. **- óþs**



**SAMMÁLA** Helle Thorning-Schmidt og Barroso voru sammála um áherzlu á grænan hagvöxt, jafnframt erfiðum ákvörðunum í ríkisfjármálum. NORDICPHOTOS/AFP

# Tapaði 1,4 milljörðum á því að selja HS Orku

**Geysir Green Energy tapaði yfir milljarði króna á því að selja hlut sinn í HS Orku. Magma greiddi meðal annars með 7,9% hlut í sjálfu sér. Félagið gerði kyrrstöðusamning við Íslandsbanka. Það ætlar að ljúka sölu eigna á árinu 2012.**

**VIÐSKIPTI** Geysir Green Energy (GGE) tapaði 1,4 milljörðum króna á sölu á 57,4% hlut sínum í HS Orku í maí 2010. Hluturinn var seldur til Magma Energy sem greiddi meðal annars fyrir hann með 7,9% hlut í sjálfu sér. Alls er bókfært söluverð hlutarins 14,9 milljarðar króna, sem er töluvert lægri tala en sagt var frá í tilkynningu þegar salan fór fram. Þetta kemur fram í skýringum með ársreikningi GGE sem Fréttablaðið hefur undir höndum. GGE tapaði 5,5 milljörðum króna á árinu 2010.

Þar segir einnig að GGE hafi gert kyrrstöðusamning (e. standstill agreement) við helsta lánardrottinn sinn, Íslandsbanka, um að bankinn muni ekki gjaldfella skuldir félagsins fyrr en í fyrsta lagi í lok júní 2011. Síðan segir: „eigendur og stjórn félagsins munu á árinu 2011 endurskipuleggja eignir og skuldir félagsins í samvinnu með lánadrottnum félagsins með það að markmiði að hámarka virði eigna félagsins. Vegna mikilla skulda Geysir Green Energy ehf. er framtíð þess óviss og í höndum lánadrottna félagsins“.

Spurður hvar þessi mál standa í dag segir Alexander Guðmundsson, forstjóri GGE, að félagið hafi verið að selja eignir, sú sala hafi gengið vel og reiknað sé með að henni verði lokið árið 2012. „Verðmætustu eignir félagsins voru hlutabréfin í HS Orku sem seld voru til Magma Energy Sweden árið 2010 og svo allt hlutafé Jarðborana sem Íslandsbanki leysti til sín og færði til Miðengis, en Jarðboranir eru nú í söluferli.“

Í ársreikningnum kemur fram að 57,4% hlutur GGE í HS Orku hafi verið seldur til Magma Energy í maí 2010 á 14,9 milljarða króna. Í tilkynningu vegna sölunnar á sínum tíma var kaupverðið sagt „um 16 milljarðar króna“. Bókfært tap GGE vegna sölu á hlutabréfum í HS Orku á árinu 2010 var 1,4 milljarðar króna. Í skýringum með ársreikningnum kemur einnig fram að GGE eigi 7,9% hlut í Magma, sem síðar var sameinað Plutonic Power Corp. og endurnefnt Alterra Power. Sá hlutur var partur af uppgjörinu þegar GGE seldi hlut sinn í HS Orku til Magma. GGE er því enn óbeinn eigandi að HS Orku.

**thordur@frettabladid.is**



**HS ORKA** Orkufyrirtækið var stærsta eign GGE. Eignarhlutur félagsins í því var seldur til Magma fyrir 14,9 milljarða króna í maí 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Skuldirnar minnkuðu mikið

Stærstu eigendur GGE í dag eru Íslandssjóðir, í eigu Íslandsbanka, með 40,18% hlut og félag í eigu Atorku með 41,34% eignarhlut. Atorka er meðal annars í eigu Íslandsbanka, Arion banka, skilanefndar Landsbankans, Glitnis og Spron og Lífeyrissjóða Bankastræti. Eigið fé félagsins var neikvætt um 13,8 milljarða króna í lok árs 2010 þrátt fyrir að skuldir GGE hafi dregist saman um rúma 42 milljarða króna á því ári. Þar munar mestu um að langtímalántökur hjá banka fóru úr 31,4 milljörðum króna í 3,5 milljarða króna. Fréttablaðið leitaði upplýsinga hjá Íslandsbanka, helsta eiganda og lánveitanda GGE, um hversu mikið af skuldum félagsins hefði verið afskrifað. Bankinn vildi hins vegar ekki veita slíkar upplýsingar. Alexander segir skuldirnar hafa breyst vegna tveggja þátta: annars vegar vegna þess að HS Orka hafi horfið úr samstæðuuppgjöri félagsins og hins vegar vegna endurgreiðslu skulda á tímabilinu sem fjármögnuð var með söluandvirði eigna.



**VESTURGATA 7** Félagsmiðstöðin á Vesturgötu býður þráðlaust net.

Þjónusta í félagsmiðstöðvum:

## Fleiri þráðlaus net á næstunni

**ÞJÓNUSTA** Reykjavíkurborg er að fjölga þráðlausum nettengingum í félagsmiðstöðvum sínum.

Að því er kom fram á fundi mannréttindaráðs borgarinnar verður komið upp slíkum tengingum í Gerðubergi og á Korpúlfsstöðum á næstu vikum. Þegar eru þessir svokölluðu „hot spots“ í félagsmiðstöðvunum í Hvassaleiti 56, Hæðargarði 31, Aflagranda 40, Vesturgötu 7, Árskógum 4 og Bólstaðarhlíð 43.

Á fundi mannréttindaráðs kom einnig fram að tölvur með nettengingu eru til afnota fyrir gesti á bókasöfnum borgarinnar gegn gjaldi. Einnig sé boðið upp á ókeypis tölvunámskeið í félagsmiðstöðvum. Því telur mannréttindaráð að borgin sinni hlutverki sínu að tryggja aðgang að netinu fyrir alla. **- gar**

Tveir menn ákærðir:

## Árás á dyravörð og kona barin

**LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum hefur ákært tvo menn um tvítugt fyrir að ráðast á dyravörð.**

**Mönnunum er gefið að sök að hafa í nóvember 2010 ráðist tvisvar á dyravörð skemmtistaðarins Hallarinnar í Vestmannaeyjum. Hafi þeir ráðist á hann með höggum og spörkum. Þá er annar mannanna ákærður fyrir að hrinda ungri konu í gólfið og slá hana síðan í andlitið sama kvöld á sama skemmtistað og árásin á dyravörðinn átti sér stað. Dyravörðurinn krefur mennina um 278 þúsund krónur.** **- jss**

Fjallað verður um börn og áföll á ráðstefnu sem BUGL stendur fyrir í Laugardalshöll í dag:

# Foreldrar þurfa að vaka yfir líðan barna sinna

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það hefur ekkert foreldri meðfædda vitneskju um hvernig bregðast eigi við áfallastreitu barna, en það er okkar hlutverk að miðla, fræða og kenna. Það gerum við með ráðstefnum sem þessari og því að setja inn á heimasíðu okkar gagnlegar upplýsingar sem foreldrar og forráðamenn barna geta nýtt sér,“ segir Linda Kristmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL).

Stofnunin stendur fyrir árlegri ráðstefnu sinni í Laugardalshöll á morgun, en viðfangsefnið nú ber yfirskriftina Börn og áföll.

„Við munum ræða áföll barna í víðri skilgreiningu,“ útskýrir Linda. Hún segir ráðstefnuna einkum höfða til starfsfólks í breiðri þjónustu við börn og unglinga, bæði í heilbrigðisstétt og skólakerfinu.

„Nú í fyrsta sinn verðum við með málstofur þar sem við fáum til liðs við okkur háskólanema og -kennara sem rannsaka fjölbreytt málefni sem tengjast börnum, eins og einelti og ofbeldi í fjölskyldum. Með því tengjum við loks saman rannsóknarsamfélagið og heilbrigðisstéttina, sem er verulega gagnlegt,“ segir Linda.

BUGL hefur umsjón með sérhæfðustu og erfiðustu málum sem snúa að geðheilbrigði barna og unglinga.

„Áfalli barns fylgir ekki endilega áfallastreita eða áfallastreituröskun, sem er sjúkdómsgreint viðvarandi kvíðaástand í kjölfar áfalls. Áfall getur verið einn yfirþyrmandi atburður, en líka margir; allt frá slysi upp í langvarandi ofbeldi.

Linda segir starfsfólk BUGL hafa undanfarin tvö ár lagt mikla vinnu í að þekkja úr og meðhöndla börn sem hafa upplifað áföll.

„Forvarnir eru þó alltaf besta vörnin og því þurfa foreldrar að vera í eins góðu sambandi við börn sín og þeir geta. Þeir þurfa að vera vakandi yfir líðan þeirra og hegðunarmynstri, og í það góðu sambandi að barnið eigi auðvelt með að ræða allt sem á því hvílir. **- þlg**



**ÁVALLT VIÐBÚNAR** Yfirmenn göngudeildar BUGL, þær Linda Kristmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri og Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir yfirlæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin nýtir metangas og þú getur sparað allt að 50% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn $CO_2$ umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.

**Passat kostar aðeins frá**

**3.990.000 kr.**

Das Auto.

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

HEKLA

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

**FRÉTTASKÝRING:** Átakamál á Alþingi

# Deilt um kvóta, vernd og stjórnarskrá

**Alþingi kemur saman eftir hlé á mánudag. Stór mál verða á dagskrá vorþingsins og nægir að nefna breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu í því samhengi. Stjórnarandstaðan mun veita aðhald og reyna að koma málum sínum áfram. Reynslan kennir okkur að fá mál hennar munu ná í gegn og stór hluti þingstarfa mun fara í karp.**

Þrjú ár verða liðin í vor frá því að ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tók við. Í febrúar raunar ef minnihlutastjórnin frá 2009 er tekin með. Hvernig sem því líður sígur á seinni hlutann á kjörtímabilinu og að vorþingi loknu er aðeins ár í kosningar. Ef það, því í það minnsta Sjálfstæðisflokkurinn mun reyna að knýja fram kosningar fyrr.

Það fer því hver að verða síðastur að koma fram þeim málum sem ætlunin er að nota þingmeirihlutann, eins naumur og óviss og hann er nú, til að koma stefnumálum til framkvæmda. Neyttu á meðan á nefinu stendur segir orðtakið og ljóst að stjórnarflokkarnir mega ekki við því að mörgum stefnumálum þeirra verði frestað.



**STUNDUM GAMAN** Þingstörfin þurfa ekki að vera endalaust karp og köpuryrði, stundum má leyfa sér að hafa gaman í vinnunni eins og þau Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Ragnheiður Elín Ríkharðsdóttir vita. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ráðist í kvótann

Báðir stjórnarflokkarnir hafa haft það á stefnuskrá sinni um nokkurt skeið að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það var því trauðla undrunarefni að slíkt skyldi rata inn í stjórnarsáttmálann.

Jón Bjarnason gegndi stöðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og verkefnið var því á hans herðum. Eitt af því sem gagnrýnendur hans nefndu var hve illa hefði gengið að koma á umræddum breytingum. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum áttu þær að vera komnar í gagnið á fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 2010. Þær tillögur sem sést hafa eru mjög umdeildar og ljóst er að nýs ráðherra málaflokksins, Steingríms J. Sigfússonar, bíður erfitt verkefni.

Helstu deiluefnin snúa að því hve langur nýtingarréttur eigi að verða og hve hátt veiðileyfagjaldið verður. Þá mun verða tekist á um hvert vald ráðherra verður, bæði varðandi innbyrðis tengsl fyrirtækja og úthlutunina.

Steingríms bíður það verkefni að sætta ólík sjónarmið, án þess að styggja atvinnuveginn um of. Ljóst er að Samfylkingunni hugnast ekki að fara í stríð við sjávarútveginn. Líklegt er að einhvers konar málamiðlun á fyrri tillögum verði niðurstaðan.

Fróðlegt verður að sjá hvernig þingmenn stjórnarandstöðunnar munu bregðast við, náist að leggja fram heildstætt frumvarp. Þá þurfa þeir að svara þeirri spurningu hvort þeir séu andsnúnir því að kvótinn verði færður í hendur þjóðarinnar; en þannig mun málið verða lagt upp.

### Ísland er lýðveldi

Í kjölfar hrunsins var ákveðið að fara í endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sú vegferð hefur verið nokkuð flókin og ófáar keldurnar sem þurft hefur að krækja fyrir. Nú liggja fyrir tillögur stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá og þeim hefur verið vísað til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur lýst því yfir að nefndin geri sem minnstar breytingar á tillögum stjórnlagaráðs. Hún vill að haft verði samráð við hina 25 fulltrúa ráðsins og mögulegar breytingar kynntar þeim. Þingið fjalli síðan um málið og samþykkt frumvarp verði borið undir þjóðina til atkvæða.

Forsætisráðherra hefur nefnt að vel færi á því að sú atkvæðagreiðsla yrði samhliða forsetakosningunum, en þær verða haldnar 30. júní.

Nokkur styr hefur verið um þetta mál. Margir vilja að niðurstaða verði komin í það áður en nýr forseti verður kosinn, til að ljóst sé hvert verður eðli embættisins. Þá er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn er á móti þessum breytingum og mun verða tregur í taumi. Á móti kemur að Hreyfingin hefur talað fyrir breyttri stjórnarskrá. Málið gæti engu að síður tekið drjúgan tíma í sölum Alþingis.

### Virkjun eða vernd

Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða liggur fyrir þingi. Iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra hafa staðið saman að málinu, þótt það sé á forræði þess fyrrnefnda.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fer í barneignarleyfi í lok mánaðarins. Reiknað er með að einhver ráðherra Vinstri grænna taki verkefni hennar yfir, enda er ætlunin að sameina það öðrum í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Ekki er ólíklegt að það verði Steingrímur J. Sigfússon, verðandi atvinnuvegaráðherra, sem tekur verkefnið yfir.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir virkjunum í neðrihluta Þjórsár. Fjölmargir þingmenn Vinstri grænna eru ósáttir við það. Þá eru í verndarflokki ýmis virkjanakostir sem fjölmargir þingmenn Samfylkingarinnar munu vilja nýta en ekki vernda.

Það verður því tekist á um umhverfismál á vorþingi og ekki ólíklegt að einhverjum verði brigslað um að standa gegn atvinnuskópun. Jafnvel munu frasar um fjallagrös og hundasúrur fá að fjúka.

### Landsdómurinn

Tillaga Bjarna Benediktssonar um að Alþingi dragi til baka kæru sína á hendur Geir H. Haarde verður tekin á dagskrá eftir viku. Þar munu mætast stálin stinn og báðar fylkingar virðast nokkuð sigurvissar. Hvernig það mál fer verður ákveðinn mælikvarði á styrk stjórnarinnar.

Fjölmörg fleiri mál verða rædd á vorþingi. Má þar til dæmis nefna að gerðar verða þær breytingar á stjórnarráðinu sem kynntar hafa verið; atvinnuvegaráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti verður komið á laggirnar.

Hvernig sem fer er ljóst að heilmikil verkefni bíða þingmanna á vorþingi 2012. Hvort þeim tekst að haga störfum sínum þannig að virðing landsmanna á Alþingi aukist, skal hins vegar ósagt látið.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Skuldamál og fleiri störf



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

„Við munum leggja mikla áherslu áfram, eins og við höfum gert, á skuldamálin og atvinnumál almennt, að reyna að koma af stað einhverri fjölgun starfa í samfélaginu. Við munum áfram reyna að koma fram þessum málum sem við höfum lagt fram síðan 2009. Það er alltaf þetta sama, að reyna að gera eitthvað í skuldamálum og atvinnumálum," segir Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokkinn.

Hann segir óvíst hver verði áherslа ríkisstjórnarinnar og grunar að áfram muni mest bera á hræringum við ríkisstjórnarborðið. „Væntanlega kemur fram frumvarp í sjávarútvegsmálum og svo veit ég ekki hvort þau ná að klára verndar- og nýtingaráætlunina."

## Lýðræði og skuldamál heimilanna



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**

„Við munum leggja áherslu á lýðræðismálin og skuldamál heimilanna, eins og við höfum gert," segir Margrét Tryggvadóttir, formaður þingflokks Hreyfingarinnar. „Við erum með nýtt frumvarp um skuldamál sem kemur fram í janúar. Þar gengur meginhugmyndin út á bjargráðasjóð heimilanna." Margrét segir slíkan sjóð myndu nýtast við skuldaleiðréttingu.

Margrét býst við að á þinginu muni hæst bera auðlindamál, rammaáætlun og kvótann. Þingmenn Hreyfingarinnar séu áhugasamir um þau mál. Spurð hvort Hreyfingin muni styðja ríkisstjórnina í einhverjum málum, eins og nokkuð hefur verið um rætt, segir Margrét flokkinn alltaf hafa kosið eftir málefnum og slík verði áfram raunin. „Við styðjum öll góð mál eins og við höfum alltaf gert."

## Munum knýja fram kosningar



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

„Við erum upptekin af því að skipuleggja vorþingið og erum með fullt af málum í gangi. Strax núna á föstudag kemur stórt mál sem er Landsdómsmálið. Það á hug manns þessa dagana," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Hún segir flokkinn áfram munu gagnrýna stjórnarflokkana og benda á réttar leiðir. „Við höfum lagt fram okkar efnahagstillögur í þrígang og höldum áfram að benda ríkisstjórninni á það hvernig við teljum að halda eigi á málum."

Ragnheiður segist óttast öll mál sem koma frá ríkisstjórninni. Hætta sé á enn einum bastarði í sjávarútvegsmálum og enn frekari skattabreytingum. „Ég óttast allt sem þeim kynni að detta í hug þegar við eigum að vera að byggja upp og skapa atvinnu." Hún segir að því minna sem komi frá ríkisstjórninni því betra. „Er ekki markmið hjá okkur að takmarka tjónið þangað til við knýjum fram kosningar?"




www.peugeot.is

Peugeot 5008

# Sjö manna

sjálfskiptur, dísil.




Aukabúnaður á mynd: Glerþak, þakbogar og álfelgur.

EURO NCAP
FOR SAFER CARS
www.euroncap.com

**Peugeot 5008**, micro-Hybrid, sjálfskiptur, dísil.

Innanbæjar akstur **5,4L/100km - 1.110km** á einum eldsneytistanki
Utanbæjar akstur **4,8L/100km - 1.302km** á einum eldsneytistanki
Blandaður akstur **4,9L/100km - 1.224km** á einum eldsneytistanki

$CO_2$ útblástur **127g/km.**

Peugeot 5008 sjálfskiptur, dísil kr.

**4.495.000**

beinskiptur, dísil kr. **4.290.000**

**Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

Sjáðu heiminn í nýju ljósi á nýjum sjö manna Peugeot 5008. Verðlaunaðri, fimm stjörnu fjölskyldubifreið þar sem allir í fjölskyldunni eiga sitt uppáhaldssæti. Hver og einn með nægjanlegt rými til að njóta akstursins, hvort sem er í lengri eða styttri ferðum.
Með nýrri micro-Hybrid tækni tryggir Peugeot síðan lægri eldsneytiseyðslu sem dregur enn frekar úr lágum rekstrarkostnaði 5008.

**Peugeot 5008, þar sem allir eru í sjöunda himni, í öllum sjö sætunum.**

PEUGEOT *5008*

PEUGEOT
MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Jens Kjartansson, lýtalæknir

# Myndi glaður greiða kostnaðinn

Íslenska ríkið hefur boðið 440 konum aðstoð vegna gallaðra sílíkonpúða sem **Jens Kjartansson** lýtalæknir setti í þær á tíu ára tímabili. Jens telur stjórnvöld þó ekki ganga nógu langt til að aðstoða konurnar og vildi sjálfur bera kostnaðinn af þjónustunni til kvennanna ef hann gæti. Hann sagði *Sunnu Valgerðardóttur* frá sviknum PIP púðum, mannorðsmissi og veikindum sínum.



**ÁLAGIÐ YFIRÞYRMANDI** Jens glímir við veikindi sem taka sig upp þegar álagið er mikið. Hann hefur haldið sjúkdómnum niðri með meðferð undanfarin ár, en segir álagið vegna fölsuðu sílíkonpúðanna sem hann flutti inn frá Frakklandi hafa reynst honum ofviða. Hann hefur sótt um fjögurra mánaða leyfi frá störfum sínum til að ná sér á strik á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jens Kjartansson lýtalæknir setti gallaða sílíkonpúða í 440 íslenskar konur á árunum 2000 til 2010. Hann sótti um fjögurra mánaða veikindaleyfi frá störfum sínum fyrr í vikunni, en hann hefur verið yfirlæknir lýtalækninga á Landspítalanum síðan árið 2000 og rekur sína eigin læknastofu samhliða því. Jens segir álagið undanfarnar vikur hafa gert það að verkum að hann hafi beðið um frí frá störfum.

„Þetta er álagstengdur sjúkdómur sem kom síðast upp fyrir fjórum árum. Þá skánaði mér eftir að hafa verið í burtu í smá tíma og svo hef ég haldið honum niðri með meðferð. Núna datt þetta í sama farið, bara verra,“ segir hann. „Enginn þrýsti á mig. Ég tók þessa ákvörðun fyrr í vikunni þegar ég fór að sjá í hvað stefndi. Þetta hefur verið ótrúlega mikið álag í mun lengri tíma en flestir átta sig á.“

### Frakkar bera ábyrgðina

„Stóra vandamálið hófst í lok desember. Þá bárust fréttir frá Frakklandi um að fyllingarnar væru krabbameinsvaldandi. Það bókstaflega keyrði mig alveg út af laginu,“ segir Jens, sem hafði samdægurs samband við landlækni þegar hann heyrði fregnirnar.

„Ég tjáði honum að mér fannst við standa frammi fyrir lýðheilsuvandamáli. Ég gæti engan veginn sinnt þessum 440 konum einsamall ef málið væri þess eðlis að allar fyllingarnar þyrftu að vera teknar úr vegna þess að þær væru stórhættulegar. Stjórnvöld yrðu að koma að þessu.“

En Frakkar drógu fregnir um eiturefnin fljótt til baka og þá segir Jens að aðalatriðið hafi verið að koma frá sér róandi skilaboðum um að þetta væri ekki eins hættulegt og gefið hafði verið í skyn.

Jens telur ábyrgðina fyrst og fremst liggja hjá frönskum eftirlitsaðilum. Hann hafi fengið vöruna senda með EU-vottun um að um sé að ræða fyrsta flokks læknisvöru og ekkert hafi bent til þess að um eitthvað annað hafi verið að ræða.

„Þeir vottuðu vöruna og urðu þess valdandi að við, læknarnir, urðum fórnarlömb þessara glæpamanna. Hvernig í ósköpun átti ég eða allir hinir hundruð læknanna, að átta sig á því að svo var ekki? Mér finnst ábyrgð þessara eftirlitsaðila vera töluverð og ef ekki bara algjör.“

### 400.000 konur um allan heim

Jens fékk upphaflega tilkynningu um málið frá Sænska lýtalæknafélaginu vorið 2010. Félagið gaf út þær leiðbeiningar að læknar skyldu að hætta að nota fyllingarnar, en ekki var talin sérstök ástæða til að fjarlægja heila púða. Þá áttu þær konur sem voru með fyllingarnar ekki að vera látnar vita sérstaklega og því aðhafðist hann ekki.

„Ég hætti strax að nota þær og ræddi um þetta við kollega mína á norrænu lýtalæknaþingi skömmu síðar. Þetta kom okkur öllum í opna skjöldu. Ég hafði ekki grænan grun um að þessi púðar væru gallaðir, frekar en hundruð kollega minna sem höfðu unnið með þessar fjögur hundruð þúsund konur út um allan heim í tíu ár. Enginn hafði minnsta grun um að eitthvað væri að,“ segir hann.

### Engin kona ætti að vera með svona fyllingar

Ríkið hefur boðið þeim 440 konum sem eru með PIP fyllingarnar í brjóstum sínum ókeypis ómskoðun og fjarlægingu púðanna séu þeir lekir.

*En telurðu að eðlilegt sé að skattgreiðendur greiði hundruð læknisskoðana og -meðferða vegna gallaðra sílíkonpúða eftir fegrunaraðgerðir?*

„Ég mundi glaður bera kostnaðinn af þessu sjálfur; borga ómskoðun, taka burtu fyllingarnar og setja nýjar í staðinn. En ég væri ekki búinn að aðstoða margar konur af þessum 440 fyrr en ég væri kominn á hausinn. Til að horfa raunsætt á málið þá er það einfaldlega þannig að það er engin lausn að ég komi að þessu á þennan máta,“ segir Jens. „En minn draumur er að engin kona væri með svona fyllingar.“

### Gagnrýnir íslensk stjórnvöld

Jens bendir á að franska ríkið hafi boðist til að fjarlægja PIP fyllingar úr 30 þúsund frönskum konum og láta setja nýjar í staðinn. Að hans mati er með því verið að mismuna konum eftir þjóðerni, því vissulega eigi þær íslensku alveg jafn mikinn rétt á því og þær frönsku að þurfa ekki að bera kostnað af slíkum aðgerðum.

„Mér finnst íslensk stjórnvöld ekki hafa staðið sig vel í að kanna þennan möguleika. Í staðinn ráðast þau á einn mann sem sannarlega hefur ekki gert neitt rangt í sjálfu sér,“ segir hann. „Ég tel að ef konum líður illa með fyllingarnar og eru hræddar við þær, þó svo ég viti að þær eru ekki hættulegar, þá ætti ríkið að bjóðast til þess að fjarlægja þær.“

### Ekki tryggður

Jens er ekki tryggður fyrir skaðabótum komi til þess að ríkið sæki kröfu á hendur honum vegna þeirra aðgerða og skoðana sem konunum stendur til boða.

„Samkvæmt áliti hæfustu manna gerði ég ekki mistök,” segir hann. Menn telja að mistök séu ekki skaðabótaskyld á neinum vettvangi lagalega séð. En það er einblínt á að ég keypti fyllingarnar sjálfur. Hefði málið litið öðruvísi út ef ég hefði keypt þær frá heildsala? Ég held ekki.“

### Allt íslenskar konur

Jens hefur fjarlægt fyllingar úr tveimur konum eftir að málið kom upp. Önnur þeirra var með PIP púðana, hin ekki. Hann segir að ef púðar séu fjarlægðir verði brjóstin tóm og að hans mati ætti að setja aðra í staðinn. Slíkt sé gert í sömu aðgerð, en í því felst vissulega aukakostnaður fyrir konuna, sem þarf að borga púðana sjálf.

Jens telur að hann hafi framkvæmt brjóstastækkanir á tæplega þúsund konum hér á landi. Hann segir það eingöngu hafa verið íslenskar konur sem leiti til hans, eða innflytjendur sem séu búsettar hér á landi.

„Það hefur engin kona komið til mín erlendis frá, þær hafa allar verið íslenskar,“ segir hann. Hann telur að um 300 brjóstastækkanir séu framkvæmdar árlega hér á landi, en hver aðgerð kostar um 400 þúsund krónur. Hann veit ekki til þess að nokkur læknir geri slíkar aðgerðir á stúlkum undir átján ára aldri.

### Engin hagsmunatengsl

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagðist í Fréttablaðinu í gær ætla að láta skoða samspil hins opinbera og einkageirans í heilbrigðisgeiranum. Að hans mati er óeðlilegt að sami aðilinn sé starfandi yfirlæknir á Landspítala á sama tíma og hann stendur í einkarekstri á sama sviði. Jens er ósammála því.

„Í mínu fagi eru engin hagsmunatengsl, þetta eru svo ólíkir sjúklingahópar. Á spítalanum er ég að sinna brunasjúklingum, brjóstauppbyggingum eftir krabbamein og aðstoða hina kollega mína. Á stofunni geri ég minni háttar blettatökur, laga lítil ör og fegrunaraðgerðir sem væru aldrei gerðar á spítalanum. Hagsmunaárekstrarnir í mínu fagi eru nær engir,“ segir hann. „Hins vegar er gaman og örvandi að vera á báðum stöðum. Maður kann hvoru tveggja og ég held að spítalar á Norðurlöndunum líði fyrir að eldri kollegar hverfa af spítalanum, sem eru komnir með mikla reynslu, og fara alfarið í einkarekstur. Það er ekki gott.“

### Eins og að lenda í hamförum

Jens segist afar feginn því að búið sé að finna konurnar og koma málum þeirra í farveg. Hann telur umræðuna þó fyrst og fremst hafa snúið að því að hann hafi sjálfur keypt og flutt púðana inn.

„Fólk getur haft sitt álit á því, en ég veit að það er ekki ólöglegt,“ segir Jens og bendir á að fjöldi lækna og tannlækna flytji inn vörur til síns rekstrar. „Eðlilega, til að gera þetta sem hagkvæmast og best. Þannig að mér finnst þessi innflutningsumræða mjög óeðlileg.“

*En hvernig líður lækninum eftir svona orrahríð?*

„Mér líður ömurlega. Þetta er ekki létt fyrir fjölskylduna og hefur tekið á heilsu mína. Það er ótrúlega mikið álag að fara í gegnum svona pakka, þar sem er enginn óvinur sem maður getur slegist við beint, heldur beinist þetta að manni úr öllum áttum. Þetta er svipað og að lenda í náttúruhamförum. Undanfarnar vikur hafa verið voðalega skrýtin upplifun,“ segir hann. „En það sorglega er að það er búið að eyðileggja mannorð mitt með þessu. Og það finnst mér mikil fórn fyrir ekki merkilegri hlut.“

En það sorglega er að það er búið að eyðileggja mannorð mitt með þessu. Og það finnst mér mikil fórn fyrir ekki merkilegri hlut.

## Grunaður um brot á skattalögum

Fjármálaráðuneytinu hefur verið falið að skoða hvort einkarekstur Jens hafi verið í samræmi við skattalög. Stöð 2 greindi frá því í gær að velferðarráðuneytinu hafi borist ábendingar um að þar gæti verið pottur brotinn og hafði fréttastofa heimildir fyrir því frá ráðuneytinu að ábendingarnar hafi verið þess eðlis að „framhjá þeim verði ekki litið“.

Í ljósi eðli málsins var það því áframsent frá velferðarráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins með formlegum hætti. Þar verður það skoðað frekar og vísað áfram til rannsóknar hjá ríkisskattstjóra ef ástæða þykir til. Jens neitar alfarið að hafa brotið lög í rekstri sínum.

# GÓÐUR VINUR

LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM - LÍKA ÞÉR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 560 4800**

## DRÖGUM Í DAG

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd
og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar
að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

500 milljónir dreifast til heppinna SÍBS vina 2012.
- veldu þér vinanúmer í síma **560 4800** eða á **sibs.is**

HAPPDRÆTTI SÍBS ... *fyrir lífið sjálft*

13.368 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð: **1.100 kr.**

H:N Markaðssamskipti / SÍA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## OPNUM KLUKKAN 10 NÝTT KORTATÍMABIL OPN




**598** KR. 750 ML

**BERIO EXTRA VIRGIN OLÍA**




**1998** KR. 10 KG

**ROYAL UMBRELLA JASMINE HRÍSGRJÓN**




**495** KR. 518 GR

**CHEERIOS 518 GR**




**7900** KR. STK.

**BLANDARI** - *MIXER*
600 WATTS
(SÉRVÖRUVERSLANIR BÓNUS)




**398** KR. 500 ML

**LÍFRÆNT KÓKOSVATN**



**195** KR. KG

**PERUR Í LAUSU**



**195** KR. KG

**GRAPE / GREIP**



**395** KR. 700 GR

**HONEY-EPLI PÖKKUÐ**



**195** KR. KG

**GUL EPLI Í LAUSU**




**12900** KR. STK.

**SENSEO** - *KAFFIVÉL*
500 KAFFIVÉLAR Í BOÐI

## GERÐU ÞINN EIGIN ÁVAXTA SMOOTHIE




**498** KR. 1.2 KG

**498** KR. 1 KG

**498** KR. 1 KG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 4 | 7 | | | | | 8 |
| 1 | | | | | | 2 | | |
| 7 | | | | 3 | 8 | | | |
| | | | | 1 | 5 | | 2 | |
| | 1 | 8 | 4 | | 2 | 6 | 5 | |
| | 4 | | 8 | 6 | | | | |
| | | | 6 | 4 | | | | 2 |
| | | 7 | | | | | | 1 |
| 8 | | | | | 1 | 5 | | 9 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 22 ER Á BONUS.IS



**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
UM KLUKKAN 10 NÝTT KORTATÍMABIL OP
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
1195 KR. KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAGÚLLAS
1695 KR. KG
NAUTA Veisla
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1995 KR. KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTASNITSEL
1695 KR. KG
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS
KJÖRFUGL
1995 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
298 KR. KG
259 KR. KG
K.S. FROSIN LAMBAHJÖRTU OG LIFUR
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS
FRÁBÆR UPPSKRIFT Á BONUS.IS/ UPPSKRIFTIR
LAMBABÓGUR
998 KR. KG
K.S. FROSINN LAMBABÓGUR
KJÚKLINGUR
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS
659 KR. KG
ÍSLANDSFUGL FROSINN HEILL KJÚKLINGUR
FJÓRIR FERSKIR 80 GR NAUTAVEISLU
NAUTAHAMBORGARAR MEÐ BRAUÐ
4 BORGARAR OG BRAUÐ
Nautaveislu
hamborgarar
595 KR. PK.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Taka verður ástæður fyrir fegrunaraðgerðum með í reikninginn þegar gallað sílíkon er rætt:

# Fegrunaraðgerðir

Vandinn sem skapast hefur vegna PIP sílíkonfyllinga sem settar hafa verið í brjóst um 440 kvenna hér á landi er nokkuð stór. Óþægindin sem konurnar sem um ræðir verða fyrir eru mikil og fjárhagslegt tjón er talsvert þótt ekki sé komið í ljós hver mun á endanum bera það.

Embætti landlæknis og Lyfjastofnun hafa brugðist við málinu og sent frá sér ítarlega yfirlýsingu þar sem greint er frá helstu þáttum málsins. Þar er réttilega lögð áhersla á að við gerð þessara tilteknu sílíkonpúða voru ekki gerð mistök og varan er ekki gölluð. Glæpur var framinn. Hins vegar má velta upp þeim spurningum hvort á öðrum stöðum hafi ekki verið gerð mistök, til dæmis í eftirlitskerfinu.

SKOÐUN

Þórunn Elísabet Bogadóttir

thorunn@frettabladid.is



Málið er þó ekki bara lögreglumál, heldur er það til dæmis líka heilbrigðismál og neytendamál.

Embætti landlæknis rannsakar nú umfang þessara aðgerða hér á landi, engar nákvæmar tölur liggja fyrir um það hversu margar íslenskar konur hafa fengið sílíkon í brjóstin þó ljóst sé að fjöldinn hlaupi á mörgum þúsundum. Tölur um annars konar fegrunaraðgerðir liggja þá ekki heldur fyrir, þó er það í verkahring embættisins að halda utan um tölfræði af þessu tagi.

Taka verður fram að ástæður sem konur hafa fyrir aðgerðunum eru mjög ólíkar. Nokkrar þeirra hafa þurft að fara í brjóstnám og fengið uppbyggingu á brjósti með þessum hætti. Þá eru mörg dæmi um annars konar slys eða lýti sem verða til þess að konur fara í aðgerðir af þessu tagi. Sumar vilja láta laga brjóstin sem hafa breyst mikið eftir brjóstagjöf og aðrar eru með minnimáttarkennd yfir þessum hluta líkama síns. Ekki á að áfellast neinar af þessum konum fyrir að hafa tekið þessa ákvörðun.

Aðgerðir fela alltaf í sér einhverja áhættu og konur sem taka ákvörðun um að fá sílíkon þurfa yfirleitt að fara í margar slíkar, til að endurnýja púðana. Þá geta púðarnir sprungið og þeir valdið talsverðum óþægindum. Sumar konur meta það sem svo að áhættan og þjáningin vegi ekki eins þungt og ávinningur af stærri eða öðruvísi laga brjóstum. Þetta gildir auðvitað um aðrar fegrunaraðgerðir líka, þær eru áhættusamar og geta verið sársaukafullar. Nú berast jafnvel fréttir af því í Bretlandi að minniháttar fegrunaraðgerðir, eins og efni sem sprautað er í andlit til að fjarlægja hrukkur, geti valdið sýkingum og afskræmingu.

Talið er að 90 prósent allra fegrunaraðgerða séu framkvæmd á konum. Karlar auka hlut sinn þó hægt og bítandi. Áætlað er að á bilinu fimm til tíu milljónir kvenna séu með sílíkon í brjóstum í heildina. Aðgerðin er sú vinsælasta víða á Vesturlöndum, en í öðrum heimshlutum brýst útlitsdýrkunin út í öðrum aðgerðum. Í Kína, Japan og á Indlandi benda tölur til þess að þar sé fitusog, nefaðgerðir og breytingar á augnlokum vinsælla en brjóstaaðgerðir. Þannig er það breytilegt hvað telst eftirsóknarverðast og með hvaða líkamshluta fólk er óánægt með.

Það er því tímabært í þeirri umræðu um sílíkon sem nú fer fram víða á Vesturlöndum, að minna á og velta fyrir sér hversu mikil áhrif útlitsdýrkun hefur á óánægju þúsunda kvenna hér á landi og milljóna um allan heim með þennan mikilvæga hluta líkama síns.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skal fá mest

Már Guðmundsson, bankastjóri Seðlabankans, telur laun sín hafa verið lækkuð að honum forspurðum. Hann hefur nokkuð til síns máls, við hann var samið um ákveðin laun en þeim samningum breytt einhliða eftir á. Rót þeirra breytinga er sú stefna að enginn ríkisstarfsmaður skuli hafa hærri laun en forsætisráðherra. Vel má vera að fólk jesúsi sig yfir upphæðinni sem Már vill fá, um hana var þó samið og það eftir hrun. Hann er að biðja um að staðið verði við gerða samninga, óháð því hvað Jóhanna Sigurðardóttir fær útborgað.



### Skörp skil á milli

Vaðlaheiðargöng hf. er hlutafélag sem vinnur að undirbúningi og framkvæmd ganga undir Vaðlaheiði. Vegagerðin á 51 prósent í félaginu, þrátt fyrir að göngin séu aftar á samgönguáætlun, sem Vegagerðin starfar eftir, en mörg önnur göng. Fréttatilkynning stjórnar hlutafélagsins barst fjölmiðlum í gær, send af upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar og úr netfangi hans hjá ríkisstofnuninni. Er ekki skynsamlegra að hafa skarpari skil á milli hlutverkanna?



### Sá það í bíó

Björn Bjarnason, fyrrum dómsmálaráðherra, vill styrkja lögregluna til að bregðast við skipulagðri glæpastarfsemi. Hann styður þá skoðun sína ágætum rökum í nýlegum pistli. Helst þó með kvikmyndinni Borgríki. „Ekki þarf annað en að horfa á hana til að átta sig á því hvert stefnir í íslenskum undirheimum.“ Nú er að sjá hvort Björn kallar eftir enn harðari aðgerðum þegar hann sér næstu íslensku kvikmynd; Svartur á leik. Vonandi nær þessi hugsun um að kvikmyndir stýri stefnunni í dómsmálum þó ekki inn í ráðuneyti þeirra mála. kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Borgarstjóri á hálum ís

Stjórnmál

Kjartan Magnússon

borgarfulltrúi



Borgarstjóri, hinn sami og bauð sig fram undir slagorðunum „Gefum fávitunum frí“ og sagði um borgarfulltrúa annarra flokka að þeir væru með svarta beltið í einelti, hélt því fimm sinnum fram í Kastljósi Sjónvarps í fyrrakvöld að munurinn á sér og öðrum stjórnmálamönnum væri sá að hann talaði ekki illa um fólk. Ef fyrrnefnd ummæli eru dæmi um gott umtal, er vissulega nokkuð á sig leggjandi til að forðast illt umtal hjá þeim manni, sem nú gegnir embætti borgarstjóra í Reykjavík.

### Met í aðgerðaleysi

Eftir mikla snjókomu í Reykjavík undanfarinn mánuð var hálkan um síðustu helgi fyrirsjáanleg. Veðurfræðingar spáðu þíðu og vatnsveðri með margra daga fyrirvara. Í einfeldni sinni bjuggust Reykvíkingar við því að borgaryfirvöld myndu hálkuverja götur og gönguleiðir í borginni eftir föngum við slíkar aðstæður. Stjórnendur borgarinnar ákváðu hins vegar að hafast ekki að og slógu þar með met í aðgerðaleysi. Sendu reyndar þau skilaboð til fjölmiðla að ekki væri ómaksins virði að salta gönguleiðir og bregðast þannig við hættunni.

Ekki fengust betri skýringar hjá borgarstjóra vegna vinnubragða við álagningu fæðisgjalds á þroskahamlaða og fatlaða einstaklinga en að gjaldtaka þessi byggist á fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2012. Hvað eftir annað hefur komið fram að notendur þjónustunnar eru ósáttir við upphæð gjaldsins, sem þeir telja ósanngjarna.

Í Kastljósinu fullyrti borgarstjóri fyrst að þessi pólitíska ákvörðun hefði ekkert með pólitík að gera. Síðan sagði hann að ákvörðun um þessa gjaldtöku hefði verið tekin þar sem notendurnir hefðu viljað borga meira. Þrátt fyrir að umrædd ákvörðun hafi nú verið dregin til baka, harðneitaði borgarstjóri því að um mistök hefði verið að ræða.

### Þetta er svo erfitt

Viðtalið leiddi í ljós að borgarstjóra skortir yfirsýn og er ófær um að viðurkenna eigin mistök, hvað þá að bæta úr þeim. Borgarstjóri afsakaði reyndar getuleysi meirihlutans ítrekað með því að það væri svo mikið að gera, það væri svo mikið álag og að þetta væri allt gríðarlega umfangsmikið og erfitt. Verður varla með skýrari hætti komið orðum að því að borgarfulltrúar meirihlutans hafa tekið að sér verkefni, sem þeir ráða ekki við.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Farsæll dauði hverfaforgangs

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að nýjar reglur um hverfaforgang í framhaldsskólum gangi ekki upp. Lagaheimild hafi skort, reglurnar hafi ekki verið settar með reglugerð heldur með bréfaskriftum og birtingu þeirra hafi verið ábótavant. Hæpið sé að stjórnarskráin heimili slíka takmörkun á aðgengi til náms. Ráðuneytið fær, með öðrum orðum, falleinkunn.

**Umröðun fjölgar ekki sætum**

Rifjum aðeins upp forsöguna. Í kjölfar afnáms samræmdra prófa í tíunda bekk, nýrra framhaldsskólalaga og töluverðrar aðsóknar eldri nemenda í framhaldsskólamenntun í tengslum við aukið atvinnuleysi sköpuðust vandræði með innritun í framhaldsskóla fyrir tæpum þremur árum. Sumir fengu hvergi inni. Eldri nemendur áttu erfitt með að fá skólavist. Þessu átti að redda með setningu hverfakvóta. Rökin væru þau að þannig ætti að tryggja öllum nemendum aðgang að einhverjum skóla. Frá sjónarhóli einfaldrar talningarfræði gengur þessi röksemdafærsla auðvitað ekki upp.

Ef það eru fleiri farþegar í strætó en sætin skiptir ekki máli í hvaða röð fólkið er látið setjast, það munu alltaf jafnmargir þurfa að standa. Þetta er stundum kallað „varðveislulögmál“. Það er hægt að athuga hvenær barn uppgötvar varðveislulögmálið, til dæmis með því að hella úr tveimur jafnstórum kókómjólkurfernum í tvö misbreið glös, og spyrja barnið hvort glasið innihaldi meira. Einhvers staðar í kringum sjö ára aldur átta börn sig á því að bæði glösin innihalda jafnmikið af kókómjólk. Lögun ílátsins breyti engu um magnið.

Eflaust má kalla það meinfyndni að ýja að því að menntamálaráðherra hafi ekki náð þroska sjö ára barns, og eflaust er það hárrétt að um ódýrt skot sé að ræða. Hins vegar stendur eftir að hvorki í viðtölum við ráðherra, eða opinberum skýringum ráðuneytisins er að finna nokkra skýringu á því að hverfaforgangurinn hafi breytt nokkru um það eðli vandans, þ.e. að sætin voru of fá, þótt hann kynni að hafa gert verkefni menntamálaráðuneytisins ögn meðfærilegra.

Nú er ekki þar með sagt að landfræðilegur forgangur eigi aldrei rétt á sér. Það getur talist málefnalegt að veita heimamönnum forgang í skóla í héraðinu, ef það á að hindra að 16 ára ungmenni þurfi að flytja langar vegalengdir til að sækja sér nám. En það er ekki mannréttindabrot að menn þurfi hugsanlega að taka strætó í skólann.

**Fjölþætt lögbrot ráðherra**

Ráðherrar þurfa að fara að lögum. Í gildi eru lög um framhaldsskóla. Þar er ekkert fjallað um hverfaforgang. Í gildi er reglugerð um innritun í framhaldsskóla. Þar er ekki heldur fjallað um hverfaforgang, fyrsta val, annað val, einhver 40%, eða neitt þessu líkt. Sá sem læsi reglugerðina fengi allt aðra mynd af innrituninni en raunin varð. Það er í raun óskiljanlegt að Katrín Jakobsdóttir hafi í það minnsta ekki kosið að breyta reglugerðinni þegar hún ákvað að breyta fyrirkomulaginu.

Nei, nýja innritunarfyrirkomulagið var kynnt á heimasíðu ráðuneytisins, og í bréfi til skólastjórnenda. Lagalegur grundvöllur fyrirkomulagsins átti að felast í gerð skólasamninga við einstaka skóla, og þar yrði fjallað um að nemendur ákveðinna grunnskóla ættu að fá forgang. Þegar umboðsmaður Alþingis leitaði eftir slíkum skólasamningum á þeim tíma árs 2010 sem innritunin stóð yfir kom í ljós að þeir höfðu ekki enn verið undirritaðir. Í lok sumars hafði verið lokið við gerð helmings þeirra.

Það lítur sem sagt út fyrir að innritun heils skólaárs hafi farið fram þvert á gildandi lög, þvert á gildandi reglur en á grundvelli bréfaskrifta við skólastjórnendur og ógerðra skólasamninga. Hvernig mögulega getur það talist ásættanleg stjórnsýsla?

**Virðum valfrelsi ungs fólks**

Þann 16. júlí 2010 benti ég, í Fréttablaðsgrein, á að umrætt fyrirkomulag innritunar í framhaldsskóla væri ólöglegt. Nú liggur fyrir álit Umboðsmanns Alþingis um að svo sé sannarlega. Það er gott. Því ber sérstaklega að fagna að til sé fólk sem hafi ákveðið að láta þessa vitleysu ekki yfir sig ganga. Þeim ber að þakka þessa baráttu. Ungt fólk á að vera metið á grundvelli eigin verðleika en ekki á grundvelli þess hvar foreldrar þeirra hafa kosið að búa. Stjórnmálamenn sem eru á annarri skoðun ættu að hugsa sinn gang.

# Hagsmunasamtök en ekki stofnun

Neytendur

Þuríður Hjartardóttir
framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna



Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök en ekki opinber stofnun. Það er mikilvægt að hnykkja á þessu því algengt er að fólk geri kröfur til samtakanna rétt eins og þau séu opinber eftirlitsstofnun sem getur kallað eftir gögnum eða sektað verslanir sem grunaðar eru um brot á reglum. Þá kemur mörgum utanfélagsmönnum á óvart að hafa ekki fullan aðgang að lögfræðiráðgjöf eða annarri þjónustu samtakanna. Þótt Neytendasamtökin eigi allt sitt undir félagsmönnum vinna þau að öflugri hagsmunagæslu fyrir alla neytendur í landinu. Það njóta því allir góðs af því starfi sem félagsmenn standa undir með árgjaldi sínu.

Á næsta ári eru 60 ár frá stofnun Neytendasamtakanna sem eru ein af elstu samtökum neytenda í heiminum. Bágborinn réttur neytenda á tímum einokunar og hafta á þessum árum var sennilega hvatinn hjá stofnendum samtakanna sem reyndar voru víðsýnir og þekktu vel til markaðsaðstæðna í öðrum löndum. Í dag er ekki síður mikilvægt að hafa öflug hagsmunasamtök neytenda þegar aðferðirnar og tæknin til að seilast í buddu neytenda tekur sífellt á sig nýja mynd.

Félagsmenn Neytendasamtakanna voru þegar best lét um 22.000 en hefur farið fækkandi og eru nú um 9.500 talsins. Neytendasamtökin hafa allt frá stofnun rekið neytendaaðstoð sem er opin fyrir alla, en ekki bara félagsmenn. Stjórnvöld hafa gert þjónustusamning við Neytendasamtökin og auk almennrar aðstoðar við neytendur sjá þau um hýsingu úrskurðarnefnda og aðstoð fyrir neytendur á innri markaði EES-svæðisins. Fyrir þessa þjónustu fá samtökin 8,5 millj. frá stjórnvöldum. Sú upphæð hefur haldist óbreytt frá 2009 en það ár var upphæðin lækkuð úr 12 millj. eða um 30%.

Það verður að viðurkennast að stór hluti starfs samtakanna fer í að uppfylla þennan þjónustusamning og sú upphæð sem Neytendasamtökin leggja sjálf í þessa þjónustu hækkar ár frá ári. Þjónustan hefur nefnilega haldist óbreytt þó stjórnvöld leggi fram sífellt lægri upphæð til að leiðbeina og aðstoða almenning í neytendamálum. En samtökin hafa sýnt stjórnvöldum skilning vegna bágrar stöðu ríkiskassans.

Styrkur samtakanna felst í fjölda félagsmanna og því fleiri félagsmenn sem eru í samtökunum þeim mun sterkari eru þau. Kvartanir og ábendingar sem berast til samtakanna eru teknar alvarlega og málum fylgt eftir. Fyrirtækjum berast daglega erindi frá Neytendasamtökunum þar sem þau eru krafin svara vegna ábendinga sem félagsmenn senda eða hringja inn. Þannig verður að hafa aðhald á markaðnum og kemur öllum til góða. Barátta fyrir úrbótum í reglugerðum og lögum er stór hluti af starfinu ásamt ýmsum rannsóknum og miðlun upplýsinga til neytenda. Þessi hluti starfsins þjónar öllum almenningi ekki bara félagsmönnum. En hvað fá þá félagsmenn til viðbótar?

Félagsmenn fá aðgang að heimilisbókhaldi samtakanna, þeir fá Neytendablaðið fjórum sinnum á ári og milligöngu Neytendasamtakanna í kvörtunarmálum. Þeir hafa aðgang að gæðakönnunum og verðkönnunum og auk þess geta þeir fengið mælitæki lánað heim til að mæla rafmagnsnotkun heimilistækja sinna. Árgjaldið er 4.950 kr. og með hverjum nýjum félagsmanni er samtökunum gert kleift að veita markaðinum meira aðhald öllum neytendum til hagsbóta.

Framúrskarandi ávöxtun Sparibréfa verðtryggðra á árinu 2011

Landsbankinn býður upp á fjölbreytt úrval ríkisskuldabréfasjóða. *Sparibréf verðtryggð* er sjóður sem fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum íslenska ríkisins og hefur það markmið að endurspegla ávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa.




**Reglubundinn sparnaður**

Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

**Komdu við í næsta útibúi,** hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

*Nafnávöxtun 30.12.2010–30.12.2011. Nánari upplýsingar um ávöxtun sjóðsins er að finna á landsvaki.is.
Fyrirvari: *Sparibréf verðtryggð* er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki. is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsinguna áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4040

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Nýr Landspítali: Sparnaður fyrir þjóðfélagið á erfiðum tímum

Nýr Landspítali

Jóhannes M. Gunnarsson
læknisfræðilegur verkefnisstjóri nýs Landspítala

Björn Zoëga
forstjóri Landspítala





Rekstrarlegur ávinningur sameiningar starfsemi Landspítala í Fossvogi og við Hringbraut með nýbyggingum spítalans er áætlaður 2,6 milljarðar á hverju ári. Með einfaldri deilingu má sjá að töf á nýbyggingu kostar samfélagið 7,1 milljón króna á hverjum sólarhring.

**Margþættur ávinningur af nýbyggingu Landspítala**

Í tvígang hafa reyndir erlendir rekstrar- og byggingaaðilar verið fengnir til að reikna hugsanlegan rekstrarábata af nýbyggingu Landspítala. Notuð hefur verið mismunandi nálgun við útreikninga en allt ber að sama brunni; það næst árleg rekstrarleg hagræðing upp á 2,6 milljarða hið minnsta.

Í hverju felst þessi mikli ávinningur? Tvöföldun á sjúkrahússtarfsemi annars vegar á Hringbraut og hins vegar í Fossvogi er dýr. Rannsóknarstofur, myndgreining, bráðamóttökur, skurðstofur, gjörgæsla, og margt fleira er á báðum stöðum. Það er sóun.

Einmenningsstofur með salerni og sturtu fyrir hvern sjúkling eru taldar auka byggingarkostnað spítalans um 5%. Á móti kemur mikill rekstrarsparnaður sem felst í bættum meðferðarárangri. Spítalasýkingum á deild með einbýlum sjúklinga fækkar um allt að 45%. Meðferð slíkra sýkinga er gífurlega kostnaðarsöm vegna þess hve lyfin eru dýr og iðulega þarf að loka rekstrareiningum um lengri eða skemmri tíma meðan verið er að uppræta slíkar sóttkveikjur í umhverfinu. Legutími sjúklinga sem í þessu lenda lengist oft mikið og stöku sjúklingar lifa þessar sýkingar ekki af. Mistökum varðandi lyfjagjöf, sem eru algengustu mistök á spítölum, fækkar og er dæmi um 70% fækkun slíkra mistaka á deildum þar sem eingöngu eru einbýli. Minniháttar inngrip, skoðanir og viðtöl geta farið fram á sjúkrastofunni, sem fækkar mjög öllum flutningum á sjúklingum sem allt sparar tíma og fyrirhöfn.

**Hægt að helminga göngutíma starfsfólks með betri hönnun og tæknilausnum**

Í eldra húsnæði er samhengi hinna einstöku starfseininga og flæði óhagstætt. Miklu skiptir að allar ferðaleiðir starfsmanna og sjúklinga séu eins stuttar og mögulegt er og að ferðir og flutningar séu í lágmarki. Á hefðbundnum legudeildum verja starfsmenn í umönnun tæplega 30% af vinnutíma sínum til gangs til eða frá sjúklingi. Með bestu hönnun er hægt að minnka þennan tíma um nær því helming. Fullkomin tækni til flutninga s. s. sendingar sýna til rannsóknarstofa eða lyfja frá sjúkrahúsapóteki með rörpósti og sjálfvirkir flutningsvagnar fyrir lín- og matarflutninga spara tíma fólks og eykur auk þess öryggi. Sama gildir um fullkomna upplýsingatækni og starfsaðstöðu almennt. Má þar nefna bein rafræn lyfjafyrirmæli frá legudeildum til sjúkrahúsapóteks sem tekur til sjálfvirkt og sendir strikamerkt og pökkuð lyf fyrir hvern sjúkling til sjúkradeildar á minna en 5 mínútum. Sorp er sent í sogkerfi til miðlægrar sorpstöðvar spítalans. Allt sparar þetta mannafla, flýtir verkum og eykur öryggi.

**Nýbygging Landspítala þolir ekki frekari bið**

Fjárfesting í húsnæði nýs Landspítala er nú metin á um 40 milljarða. Endurnýjun tækjabúnaðar upp á um 10 milljarða er óumflýjanleg á næstu 10 árum sama hvernig húsnæðismálum verður háttað. Það er ekki valkostur að gera ekkert í húsnæðismálum Landspítala. Samanburður valkosta sýnir að það er hagstæðara fyrir þjóðarbúið að ráðast í nýbygginguna og njóta hagkvæmninnar frekar en að vera áfram með óhagkvæman rekstur í núverandi byggingum með lágmarks endurbótum á þeim. Nýbygging Landspítala þolir enga frekari bið. Fyrir því liggja sterk fjárhagsleg, samfélagsleg og ekki minnst fagleg rök.

# Trúfrelsi eða vantrúræði?

Trúmál

Jóhann Þorsteinsson
kennari



Í Fréttablaðinu 4. janúar sl. skrifar Bjarni Jónsson, varaformaður Siðmenntar, grein sem hann nefnir Trúfrelsi eða trúræði? Hann kemur fram sem varaformaður Siðmenntar og sér ekki ástæðu til að geta þess að hann á jafnframt sæti í Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar, ráðinu sem sett hefur á fót mjög svo umdeildar reglur um samskipti skóla og lífsskoðunarfélaga.

Þær eru lúmskar rangfærslurnar sem Bjarni laumar inn í grein sína, væntanlega í þeirri von að hafa megi áhrif á skoðanir fólks og réttlæta tilburði Mannréttindaráðs til að takmarka frelsi skólastjórnenda til samskipta við kirkjur og trúfélög. Hann kýs að líta svo á að þeir fjölmörgu aðilar sem gert hafa athugasemdir við nýjar reglur Reykjavíkurborgar séu að berjast fyrir því að halda inni trúboði sem kirkjan hafi stundað í leik- og grunnskólum í einn til tvo áratugi. Það er barnalegt að halda því fram að gagnrýnin sé til að reyna að viðhalda einhverjum nýjungum sem komið hafa fram á síðustu tuttugu árum.

Málið snýst vitanlega um það, og komst þess vegna í hámæli á ný um jólin, að fjölmargir skólar hafa átt ánægjuleg og heilbrigð samskipti við presta og kirkjur í undirbúningi jólanna og í því er ekki falið trúræði, líkt og Bjarni telur, heldur viðurkenning á því að kristni er sá siður sem öðrum fremur hefur mótað samfélag okkar í þúsund ár. Að fela kirkjuna fyrir nemendum, líta svo á að hún sé þeim hættuleg og starfsemi hennar brjóti á mannréttindum er í raun alvarlegasta brotið sem við sem samfélag getum framið í þessum efnum. Vissulega skiptir máli í samskiptum skóla og kirkju að gætt sé að því að taka tillit til þess að nemendur koma frá ólíkum heimilum og tilheyra ólíkum trúfélögum eða standa utan þeirra.

Bjarni er upptekinn af þeirri ógn sem skólastarfi stendur af „gildishlöðnu boðunarstarfi trúfélaga“ en honum yfirsést sú mikilvæga staðreynd að kennsla er í eðli sínu gildishlaðið starf og um það má lesa í fjölmörgum fræðigreinum. Skólinn er í sífellu að miðla gildum og það er hin sístæða glíma kennarans að forðast veg innrætingarinnar og efla með nemendum sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Boð og bönn eru ekki farsæll farvegur fyrir mótun skólasamfélagsins. Þar er meiri þörf á trausti, faglegri forystu stjórnenda og opinni umræðu um þau gildi sem móta samfélag okkar. Með útilokun hins trúarlega litrófs samfélagsins erum við óhjákvæmilega að innræta nemendum skólasamfélagsins heimsmynd hins trúlausa.

> Boð og bönn eru ekki farsæll farvegur fyrir mótun skólasamfélagsins. Þar er meiri þörf á trausti…

Að lokum get ég ekki annað en mótmælt þeirri fullyrðingu Bjarna að hann sé að kalla eftir raunverulegu trúfrelsi. Það sem hann er að kalla eftir er að í skólum landsins sé raunverulegt vantrúræði. Siðmennt hefur um margra ára skeið barist fyrir því að í opinberum skólum fari fram veraldlegt hlutlaust starf og þar stendur kannski hnífurinn í kúnni. Heimsmynd sem í huga húmanistans er veraldleg og hlutlaus er ekki hlutlaus í huga kristins manns heldur er hún afhuga kristninni og sem slík er hún því hlutdræg.

Það er ekki þar með sagt að ég aðhyllist boðun trúar inni í skólum en heilbrigð samskipti við kirkjur og trúfélög eru af hinu góða. Raunverulegt trúfrelsi er mér mikils virði, hver svo sem trúin er, og ég vil því að við sem samfélag stöndum vörð um að virða og lyfta upp þörf einstaklingsins til að eiga sína trú, rækta hana og iðka, frjáls og án ótta.

Höfundur er menntaður grunnskólakennari og starfaði sem slíkur í mörg ár. Jafnframt félagi í Gídeon og starfar í dag sem Sviðsstjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK á Íslandi.

# Ræðum efnisatriði ESB-aðildar

ESB-aðild

Kristján Vigfússon
kennari við Háskólann í Reykjavík



Því hefur verið haldið nokkuð stíft fram að undanförnu að samningum Íslands við Evrópusambandið, ESB, verði ekki lokið fyrir alþingiskosningarnar í maí 2013. Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu 19. júlí 2009 og samþykkti sambandið að hefja viðræður þann 17. júní 2010 og hafa því samningaviðræður nú staðið yfir í tæpa 17 mánuði auk árs undirbúningstíma sem samningsaðilar hafa haft frá því umsókn var send inn til Brussel.

Mikið var talað um í upphafi að um „hraðferð“ gæti orðið að ræða þar sem Ísland hafði þegar tekið yfir 70% af tilskipunum og reglugerðum Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn. Má til sanns vegar færa að leiðin að samningi yrði því styttri fyrir Ísland en mörg önnur ríki sem farið hafa í gegnum sama ferli. Með þetta í huga er ekki hægt að segja annað en að hraði samningaviðræðnanna hafi verið hægur fram til þessa og þar spilar fyrst og fremst inn í innri ágreiningur í ríkisstjórn sem nú hefur verið leystur með brotthvarfi Jóns Bjarnasonar úr ríkisstjórn.

Einnig hefur utanríkisráðherra borið fyrir sig að sjávarútvegsstefna sambandsins sjálfs sé í endurskoðun og því að hans mati erfitt að semja um sjávarútvegsmál þessi misserin. Þau rök halda þó illa því ef bíða ætti eftir nýrri stefnu sambandsins í sjávarútvegsmálum þá myndi viðræðunum seint ljúka.

Skiptar skoðanir hafa verið innan stjórnarflokkanna um hvernig haga skuli viðræðunum, núverandi innanríkisráðherra sem er svarinn andstæðingur aðildar hefur viljað hraða viðræðunum og byrja strax á samningnum um erfiðustu málaflokkana þ.e. landbúnað og sjávarútveg. Nálgunin í samningunum hefur frá til þessa verið þveröfug.

Samningaviðræðurnar ganga út á að opna og ræða efnislega hvern kafla eða málaflokka sem sáttmálar Evrópusambandsins taka til. Nú fyrir áramót var búið að opna 11 af þessum 33 köflum og loka 8. Eftir eru 22 mismikilvægir kaflar. Gefið hefur verið út af utanríkisráðherra að fyrir mitt ár 2012 verði búið að opna alla kafla samningaviðræðnanna. Þar skipta mestu máli kaflarnir um landbúnað, gjaldmiðilsmál, byggðastefnu, orkumál og sjávarútveg en þeir hafa ekki enn verið opnaðir. Það eru í raun þeir kaflar sem virkilega þarf að semja um og líklegt er að samningsaðilar hafi þegar mótað sér samningsafstöðu í þessum málaflokkum og séu með ákveðin þolmörk í huga um hversu mikið megi gefa eftir svo um ásættanlega samninga sé að ræða.

> Það eina sem kemur í veg fyrir að þessum samningaviðræðum ljúki fyrir kosningarnar 2013 eru þá heimatilbúin vandamál…

**Smærri umsóknarríki hafa verið um tvö ár að semja**

Ef skoðaður er sá tími sem hefur farið í samningaviðræður einstakra smærri umsóknarríkja sem við höfum helst viljað bera okkur saman við þá kemur í ljós að ekki hefur tekið nema að meðaltali um 2 ár að ljúka aðildarviðræðum frá upphafi til enda. Það tók Íra eitt og hálft ár að ljúka viðræðum. Svía, Finna og Austurríkismenn rúmt ár. Litháa, Letta, Slóvaka og Maltverja tæp tvö ár. Eista, Slóvena og Kýpverja tók það tæp þrjú ár að semja en þar á bæ spiluðu inn í flókin deilumál m.a. um stöðu minnihlutahópa innan ríkjanna við ríki Evrópusambandsins.

**Mikilvægt fyrir kjósendur að samningur liggi fyrir við alþingiskosningarnar 2013**

Það er ekkert sem segir að mál séu svo sérstök hér á landi að það eigi að taka lengri tíma fyrir Ísland að semja en áðurnefnd ríki. Vorið 2013 verða liðin nær fjögur ár frá aðildarumsókn Íslands. Ef andstæðingar ESB-aðildar hafa rétt fyrir sér þá er ekki um neitt að semja nema sameiginlegu landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnuna eins og hún liggur fyrir og það ætti því ekki að taka langan tíma. Ef hins vegar Evrópusambandið er tilbúið til að slaka á kröfum um aðild að sameiginlegu landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnunni gagnvart Íslandi þá er öruggelga þegar búið að ræða það við stóra borðið í Brussel og útfæra hversu langt er hægt að ganga í því efni.

**Loks hægt að rökræða efnisatriði**

Nægur fjöldi sérfræðinga er hjá báðum aðilum í samninganefndunum til að vinna hratt og vel og ljúka viðræðum á næstu 12 til 15 mánuðum. Það eina sem kemur í veg fyrir að þessum samningaviðræðum ljúki fyrir kosningarnar 2013 eru þá heimatilbúin vandamál þar sem einstakir ráðherrar eða annar hvor ríkisstjórnarflokkurinn hefur hagsmuni af því að tefja málið.

Samningsaðilar hafa því tæplega eitt og hálft ár til að ljúka samningum fyrir kosningar ef pólitískur vilji er fyrir hendi en auðfundið er að færa rök fyrir því að það sé mikilvægt fyrir kjósendur í þessu landi að samningum verði lokið fyrir næstu alþingiskosningar og efnisatriði aðildarsamnings verði til umræðu í kosningabaráttunni.

Það muni þá loksins verða hægt að takast á um Evrópumálin efnislega en ekki eins og fram til þessa fyrst og fremst á tilfinningaþrungnum þjóðernisnótum.

# Snert Hörpu mína himinborna dís

Menning

Ólafur Hannesson
nemi við HÍ



Ég fór á nýárstónleika Lúðrasveitar Þorlákshafnar sem haldnir voru í Ráðhúsi Ölfuss 7. janúar og verð ég að hrósa henni fyrir stórkostlega tónleika. Ástríðan skein úr andlitum þeirra, sást og heyrðist langa leið að þarna var á ferð hópur sem var að spila af hinni mestu einlægni og kom það vel út í spilamennsku þeirra. Ég er ákaflega stoltur af þessari sveit og vona að önnur sveitarfélög hafi yfir svona hæfileikum að ráða. Þessi sveit er rekin á vinnu sveitarmeðlima og frjálsum framlögum, þetta hæfileikaríka fólk er ekki að fá borgað fyrir þessa vinnu, enda er þetta ástríða þess og kemur það vel fram sem hjartahlý innlifun í tónlist þeirra.

Ég er ekki stærsti aðdáandi Hörpunnar sem var vígð á síðasta ári, en húsið er nú komið upp og við berum kostnað af því sem þjóð. Þetta hús á að vera fyrir þjóðina alla, og eflaust er það hugsun þeirra er að húsinu standa. Ég vil því leggja til að stjórnendur Hörpunnar taki sig til og stofni til tónleikaraðar þar sem sveitum um allt land er boðið að halda tónleika í Hörpunni þeim að kostnaðarlausu. Er það von mín að Lúðrasveit Þorlákshafnar verði fengin til að hefja þá tónleikaröð og er ég þess handviss að sú sveit myndi sóma sér ákaflega vel í þeim salarkynnum sem í Hörpunni má finna.

Þessi tónleikaröð yrði til þess fallin að tengja landsbyggðina betur við húsið og jafnframt að gefa þessum stórkostlegu sveitum tækifæri til að spila í sölum sem hæfa þeirra hæfileikum og gefa höfuðborgarbúum tækifæri til að hlusta á þetta tónlistarfólk sem fram hjá alltof mörgum fer. Davíð Stefánsson orti Snert hörpu mína himinborna dís, svo hlusti englar Guðs í paradís. Er ég þess viss að englar Guðs muni hlusta á, ef sveitir á borð við Lúðrasveit Þorlákshafnar spila í Hörpunni.



**Föstudagar eru** pitsukvöld á fjölmörgum heimilum. Prófið nýjung: Forbakið pitsubotn í nokkrar mínútur, dreifið maskarponeosti og hvítlauksolíu yfir og bakið á ný. Dreifið klettasalati og kirsuberjatómötum yfir heita pitsuna og berið fram.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

GÓMSÆT HOLLUSTA
BRAGÐGÓÐIR
HOLLUSTURÉTTIR FYRIR ALLA
COUSCOUS SALAT
COUSCOUS, KJÚKLINGABAUNIR, AGÚRKA, TÓMATAR OG ICEBERG.

Fita 6,3 gr Kcal 237
890 KR.
-MEÐ KJÚKLINGI
Fita 7,3 gr Kcal 332
1090 KR.
Grillhúsið EXPRESS
Kringlan

**Baldur Hafsteinn Guðbjörnsson verður yfirmatreiðslumaður á glænýjum veitingastað, Roadhouse:**

# Dæner á fínum nótum



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um komandi mánaðamót verður opnaður nýr veitingastaður á Snorrabraut 56. „Þetta verður klassískur amerískur dæner en lögð verður áhersla á mikil gæði og fjölbreytileika," segir Baldur Hafsteinn Guðbjörnsson yfirmatreiðslumaður staðarins sem mun bera nafnið Roadhouse.

Baldur lærði á hótel Loftleiðum og hefur starfað á Holtinu og 1919. Hann hefur síðastliðin ár unnið á fínum veitingastöðum í Danmörku en snýr nú aftur til að taka við þessu skemmtilega verkefni. „Við munum vinna matinn að langmestu leyti frá grunni. Verðum með ýmsar útgáfur af hamborgurum og þrjár mismunandi tegundir af rifjum. Svo verðum við með girnilega forrétti og klassíska bandaríska eftirrétti," segir Baldur en andi sjöunda áratugarins mun ríkja bæði í innréttingum og matseðli staðarins. „Við erum búnir að kaupa gamla ameríska muni á eBay undanfarið sem verða notaðir til skreytinga," segir hann og hlakkar til opnunarinnar.

*solveig@frettabladid.is*

## CHICKENFINGERS OG ROADHOUSE-SÓSA

Forréttur fyrir 4

2 kjúklingabringur

**Deig**
200 g hveiti
pilsner
börkur af hálfri sítrónu
1/2 tsk. salt
1/4 tsk. ferskt saxað timjan

*Þessu er blandað saman svo úr verði mjúkt klattadeig. Látið standa í tvo tíma.*

**Rasp**
1/4 hluti kornflex
3/4 hluti pankorasp

*Mulið saman með höndum.*

*Hver bringa er skorin langsum í sex bita. Hverjum strimli er dýft í deigið og síðan raspið. Kjúklingurinn er djúpsteiktur í 180 gráða heitri olíu þangað til kjarnhiti nær 71 gráðu.*



**Roadhouse sósa**
250 g majones
1 msk. saxað estragon
1/2 tsk. tómatpúrra
1/3 tsk. dijonsinnep
5 dropar tabasco
50 g grófsaxað capers
40 g saxað pikkles
1 msk. karrí

*Öllu blandað saman. Rétt áður en sósan er borin fram er blandað saman við 1 msk. af fínt söxuðum skalottulauk. Rétturinn er borinn fram með sellerí.*


*Pavel Ermolinski*
*Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR*

Þau vita hvað þau vilja
enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.
Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.
Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.


*Arnaldur Birgir*
*Framkvæmdastjóri og eigandi BootCamp á Íslandi og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011*


*Rannveig Kramer*
*Íslandsmeistari fitness 2010*

Heilsuréttir Nings
NINGS
*og kroppurinn blómstrar*
Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is
TRANS FITA MSG



**Nýlókórinn eða Íslenski hljóðkórinn** heldur tónleika í Nýlistasafninu í kvöld klukkan 20. Kórinn var stofnaður árið 2003 og fæst við flutning hljóðljóða. Hann kemur fram tvisvar til þrisvar á ári. Í kvöld verða flutt verk eftir íslenska höfunda.

# Hryllilegur föstudagur

**Föstudagurinn 13. janúar er í dag en föstudagurinn 13. er jafnan sveipaður dulúð og hjátrú. Í kvöld ætti því að halda sig heima yfir hryllingsmynd, en því mæla tveir valinkunnir hrollvekjusérfræðingar með.**



Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur.



Bjartmar Þórðarson, leikari og leikstjóri.

Hrollvekjur voru viðfangsefni Bjartmars Þórðarsonar, leikara og leikstjóra, í lokaritgerð hans við Háskóla Íslands.

„Á þessum degi er vitaskuld viðeigandi að horfa á Friday the 13th, en þó mæli ég eindregið með The Shining eftir Stanley Kubrick í kvöld. Hún er með betri hryllingsmyndum sögunnar og á einkar vel við þegar landsmenn eru grafnir í fönn á heimilum sínum á föstudaginn þrettánda, því fannfergið eykur enn á upplifun hryllingsins í meðförum Jacks Nicholson,“ segir Bjartmar sem með hrollinum mælir með blóðrauðum drykk og óhugnanlegu sælgæti, eins og súkkulaðikóngulóm.

Og hann segist ekki bera kvíðboga fyrir deginum. „Ég er lítt hjátrúarfullur og léti hiklaust vaða á þrjóskunni ef mér byðist hótelherbergi 13 á þrettándu hæð.“

Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur er kunn fyrir dálæti sitt á hrollvekjum.

„Ég mæli með Trick ´r Treat í leikstjórn Michaels Dougherty í tækið í kvöld. Myndina sá ég mér til mikillar gleði um jólin og hún er skemmtilegasti hrollur sem ég hef séð lengi. Myndin tekur á hrekkjavökuþemanu sem er ekki svo óskylt þema dagsins, þegar alls kyns yfirnáttúrulegar vættir ganga lausir,“ segir Úlfhildur á þessum hryllingsdegi, tilbúin með Blóð-Maríu í hrímuðu glasi yfir ónotunum.

„Allt sem tengist hryllingi er gleðilegt í mínum huga og ég er aldrei hrædd í þessari kynngi. Þvert á móti er ég tilbúin að trúa að þetta séu dálítið góðir skrímsladagar.“

*thordis@frettabladid.is*



Tvíburasysturnar leikfúsu í The Shining gleymast engum sem séð hafa myndina.





Hefur þú starfað við húsasmíði eða pípulagnir í 5 ár og vilt ljúka námi í greinunum?

**Raunfærnimat** miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

**Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA – fræðslu-**










Gerumeitthvað er viðburðavefur fyrir alla fjölskylduna. Þar er hægt að fá upplýsingar um alls kyns viðburði og afþreyingar um allt land. Þetta eru menningarviðburðir, viðburðir fyrir börn, viðburðir fyrir 20+ og eldri borgara.

**Heimild: www.gerumeitthvad.is**


Nú er tíminn fyrir **harðfisk** og **bitafisk**!




Þegar litið er til innihalds og næringargildis kemur í ljós að Gullfiskur harðfiskur og bitafiskur er einhver besti prótíngjafi sem völ er á. Það fara 5 kíló af nýrri roðlausri ýsu í að búa til 1 kíló af harðfiski / bitafiski. Vatnið er dregið út með kældri þurrkaðferð, en næringarefnin halda sér. Örlítið salt til bragðbætis.

Gullfiskur harðfiskur og bitafiskur inniheldur rúmlega **80% prótín** og önnur næringarefni, sem eru líkamanum nauðsynleg.

Fæst í Bónus

BÓNUS

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 13. janúar 2012



Fredrik Ferrier

## Lifir stjörnulífi í London

- Kolfinna sýndi fyrir Alexander Wang
- Á rúmstokknum
- Fimm hlutir

TOSHIBA
Toshiba Satellite C660D-1D3
- AMD APU Dual Core E-450
- 4GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- AMD Radeon HD 6320 skjákort
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending
- Windows 7 Home Premium 64-BIT
15,6"
FARTÖLVA
VERÐ
Kr. 79.950
AMD
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna
✻ Vetraríki



**GOTT FYRIR KROPPINN** Vörurnar frá Signatures of Nature innihalda engin kemísk efni og henta öllum, bæði konum og körlum. Gjafakassarnir eru einnig vinsælir og innihalda þessa rakagefandi sturtusápu, líkamskrem og kerti með lavender-ilmi sem virkar róandi og slakandi.

## meðmælin



### Kaffi, kökur og músík

Tónleikaröðin Kaffi, kökur & rokk & ról fer fram í Edrúhöllinni við Efstaleiti 7 næsta þriðjudag og munu John Grant og Myrra Rós stíga á svið og leika tónlist sína. Tónleikaröðin hóf göngu sína í haust og er markmið hennar að brjóta upp hefðbundið tónleikaform. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 20 og kaffi og kökur verða á boðstólum fyrir tónleikagesti. Dagskrárstjóri er Arnar Eggert Thoroddsen, blaðamaður og poppfræðingur, og kostar aðeins 500 krónur inn.

### Nýir Dropar

Kaffihúsið Tíu dropar hefur verið vinsælt meðal borgarbúa undanfarin ár. Nú hefur orðið sú breyting á að kaffihúsið er einnig opið á kvöldin og breytist þá í vínbar upp á franska vísu. Stemningin er róleg og afslöppuð og þægileg tilbreyting frá hávaerum og erilsömum krám.



Kolfinna Kristófersdóttir situr fyrir hjá Alexander Wang:

# ALEXANDER WANG ENGIN DÍVA

Kolfinna Kristófersdóttir fyrirsæta sést í nýjum sýningarbæklingi frá bandaríska fatahönnuðinum Alexander Wang sem þykir einn sá efnilegasti í bransanum í dag.

Kolfinna flutti til London í sumar og svo til New York og starfar sem fyrirsæta á vegum umboðsskrifstofunnar Next og var myndatakan fyrir Alexander Wang hennar stærsta verkefni hingað til. „Þetta var langt ferli og ég varð bæði mjög spennt og stressuð þegar ég fékk loks jákvætt svar frá umboðsskrifstofunni. Wang hefur eiginlega alltaf verið minn uppáhaldshönnuður og þess vegna fannst mér svolítið ógnvænlegt að hitta hann fyrst en um leið og hann byrjaði að tala hurfu allar áhyggjur mínar. Hann er alveg rosalega almennilegur og ekki til stælar í honum og verkefnið sjálft var líka mjög skemmtilegt,“ útskýrir Kolfinna sem flaug frá London til New York í myndatökuna.

Ásgrímur Már Friðriksson, starfsmaður Eskimó umboðsskrifstofunnar, segir þetta frábæran árangur hjá Kolfinnu en hún hefur aðeins starfað sem fyrirsæta í rúmt ár.

„Alexander Wang er ein af nýju stjörnum fatahönnunarheimsins þannig að þetta verkefni mun án efa leiða til einhvers meira. Mér skilst að Wang hafi verið mjög hrifinn af Kolfinnu og hann hefur lýst yfir áhuga á að fá hana til að sýna sérstaklega fyrir sig á tískuvikunni í New York í febrúar.“

Ásgrímur upplýsir að franska tískuhúsið Celine hafi einnig bókað Kolfinnu til að sitja fyrir í sýningarbæklingi sínum og mun frægasti stílisti Bretlands, Camilla Nickerson, taka að sér að stílisera þá töku. Að auki er hún bókuð í stóran tískuþátt fyrir þýska Vogue.

Inntur eftir því hvort árangur Kolfinnu hafi bein áhrif á starf Eskimo segir Ásgrímur þetta fyrst og fremst viðurkenningu á vel unnu starfi. „Það veitir okkur ómælda ánægju að sjá stelpunum takast vel upp enda vinnum við náið með þeim og þykir ofsalega vænt um þær allar. Að auki liggur mikil vinna að baki því að koma stelpunum út því samkeppnin er gríðarlega hörð, það eru mörg þúsund stelpur að reyna að komast að hjá stóru umboðsstofunum ár hvert.“



**Efnileg** Kolfinna Kristófersdóttir sat fyrir í nýjum sýningarbæklingi fyrir hönnuðinn Alexander Wang og heillaði hönnuðinn upp úr skónum með fagmennsku sinni.


Margit Brandt | S´NOB | Kim Sörnsn | Ed Hardy
Christian Audigier | Marc Jacobs | Urban Expressions
ásamt íslenskri hönnun frá Made By3 og Hildi Hafstein

TILBOÐSDAGAR
30–40%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

KASTANÍA
HÖFÐATORG

VIÐ ERUM Á FACEBOOK S: 577-5570 OPIÐ: MÁN-FÖS 11-18


Plus Model Magazine gagnrýnir vöxt fyrirsæta:

# Fyrirsætur þykja oft of grannar

Tímaritið Plus Model Magazine birti nýverið myndaþátt með fyrirsætunni Katyu Zharkova þar sem fjallað er um staðlaða þyngd fyrirsæta í dag.

Ljósmyndarinn Victoria Janashvili tók myndirnar sem sýna Zharkovu nakta og við hverja mynd er texti sem upplýsir lesendur um ýmislegt er viðkemur vexti og þyngd fyrirsæta í dag. Meðal þess sem kemur fram er að fyrir tuttugu árum voru fyrirsætur 8 prósentum léttari en meðal kvenmaður en nú eru þær 23 prósentum léttari, að fyrirsætur í yfirþyngd nota í dag fatastærðir 6 til 14 og loks að margar vinsælustu fyrirsætur heimsins í dag eru með sömu fituprósentu og átröskunarsjúklingar. - sm



**Grannvaxnar** Tímaritið Plus Model Magazine telur fyrirsætur vera of grannar. Karlie Kloss hefur meðal annars vakið umtal vegna þess hve grönn hún er. NORDICPHOTOS/GETTY

## ✻ augnablikið



**GLÆSILEG** Hin frábæra leikkona Meryl Streep var glæsileg að venju er hún sótti New York Film Critics-hátíðina í New York á mánudaginn var. NORDICPHOTOS/GETTY


föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# ÆFIR ÞÚ EN SÉRÐ LÍTINN ÁRANGUR?

Rétt mataræði er lykillinn að árangri
**Fitbook.com** hjálpar þér að ná tökum á mataræðinu



**12 vikna átakskeppni Fitbook**
Vinningshafinn fær 100.000 kr.
Nánari upplýsingar á www.fitbook.com

**Skráðu þig fyrir 31. janúar**



- Haltu þína matardagbók á netinu
- Tillögur að matarplönum
- Æfingaplön, fyrir ræktina og heima
- Stærsti matvælagagnagrunnur á Íslandi
- **Aðeins 600 kr. á mánuði**

fitbook.com
Matardagbókin þín á netinu

Skráðu þig og prófaðu
Fitbook ókeypis í 7 daga

# Á RAUÐUM DREGLI Í LONI

**Í byrjun ársins 2011 gjörbreyttist líf hins hálfíslenska háskólanema *Fredriks Kristjáns Jónssonar Ferrier*. Hann ákvað ásamt vinum sínum að taka þátt í raunveruleikaþáttaröðinni Made in Chelsea sem sló í gegn í Bretlandi og Fredrik gengur nú rauða dregla og opnar heimili sitt fyrir blöðum á borð við Hello!**

*Viðtal:* **Álfrún Pálsdóttir**
*Myndir:* **Valgarður Gíslason**

Ég hugsaði mig vel og lengi um áður en ég ákvað að taka þátt. Velti fyrir mér kostum og göllum þess að fara í sjónvarpið og að lokum voru kostirnir fleiri. Foreldrar mínir voru ekki beint sáttir fyrst og skildu ekki hvernig þáttur á borð við þennan gæti verið einhverjum til framdráttar en nú eru þau sátt. Ég hef farið varlega og hugsa vandlega um hvernig ég kem fyrir í sjónvarpinu. Þetta verður á ferilskránni minni alla ævi og þá er eins gott að vera meðvitaður," segir Fredrik og bætir við að það sé auðvelt að láta glepjast af glamúrnum sem fylgir því að vera sjónvarpsstjarna. „Ég á sem betur fer góða fjölskyldu sem heldur mér niðri á jörðinni."

## SJALDSÉÐ KYRRÐ Á ÍSLANDI

Fredrik eyddi áramótunum á Íslandi en eldri systir hans, Charlotte Ólöf, er búsett hér á landi ásamt íslenskum eiginmanni. Honum finnst gott að koma til Íslands og kúpla sig út úr erilsama lífinu í London. Hann reynir að koma að minnsta kosti einu sinni á ári og finnst mikilvægt að komast í tæri við náttúruna.

„Það er alltaf gott að koma hingað og anda að sér hreinu lofti, vera í friði og upplifa náttúruna sem er einstök á Íslandi. Það er einhver sjaldséð kyrrð hérna sem erfitt er að finna annars staðar," segir Fredrik sem einnig var mjög upp með sér að fá að upplifa allan þennan snjó í Reykjavík. „Ég frétti að þetta væri mesti snjór á þessum árstíma í mörg ár, sem er mjög gaman. Svo sá ég líka norðurljósin, sem eru líklega daglegt brauð fyrir þig, en ótrúlega magnað fyrir mig."

Gamlárskvöldi var eytt á Skólavörðuholtinu þar sem sprengjuæði Íslendinga kom útlendingnum skemmtilega á óvart og mikil ánægja var með kvöldið. Næturlíf miðborgarinnar var einnig kannað í ferðinni en Fredrik skemmti sér einna helst á Prikinu. „Það var frábært að sjá ljósakrónurnar byrja að sveiflast þegar líða tók á nóttina. Frábær stemning."

Faðir þeirra Charlotte heitir Jón Arthur og er Íslendingur og móðir hans ensk en Fredrik hefur aldrei búið á Íslandi. Faðir hans starfar í olíugeiranum sem gerir það að verkum að fjölskyldan hefur búið á ýmsum stöðum í heiminum gegnum tíðina og talar Fredrik meðal annars ensku, spænsku og arabísku. Núna eru foreldrar hans búsettir í Kaupmannahöfn þar sem faðir hans vinnur hjá Maersk þannig að fjölskyldan er á víð og dreif um heiminn.

„Ég hef mjög gaman af því að ferðast og upplifa nýja menningarheima. Ég sé hvað það gefur mér í dag að hafa flutt mikið milli landa í æsku. Ég finn að ég hef meiri skilning á menningu annarra landa en til dæmis vinir mínir," segir Fredrik en fjölskyldan hefur meðal annars búið í Stavanger í Noregi og Damaskus í Sýrlandi. Sjálfur hefur Fredrik bæði búið í New York og í Mílanó.



**Erfitt að leika sjálfan sig** „Það skiptir ennþá meira máli að koma vel fyrir þegar maður er að „leika" sjálfan sig og það sem maður gerir í þát
þáttunum hafa stigið þannig feilspor sem þau eiga eftir að sjá eftir," segir Fredrik Kristján Jónsson Ferrier um leik sinn í raunveruleikaþáttunum

## LEIKINN RAUNVERULEIKI

Raunveruleikaþættir hafa skotið föstum rótum í sjónvarpsmenningunni síðustu ár og uppgangurinn hefur verið mikill, sérstaklega í Bretlandi. Raunveruleikastjörnur verða frægar á einni nóttu og Fredrik segir að það hafi verið skrýtið að venjast því í fyrstu. „Að vera beðinn um eiginhandaráritun úti á götu og fá aðdáendabréf er skrýtið en skemmtilegt. Að fá boðskort á frumsýningu og veita viðtal með Tom Hanks við hliðina á sér er hins vegar sérkennilegt," segir Fredrik og viðurkennir að það hafi komið honum spánskt fyrir sjónir þegar fjölmiðlar við rauða dregilinn á einni frumsýningunni tóku við hann viðtal þegar það var fullt af frægu fólki, meðal annars Tom Hanks, allt í kringum hann. „Ég er bara strákur sem er með í raunveruleikaþætti og finnst ég kannski ekki eiga skilið svona mikla athygli."

Þættirnir Made in Chelsea eru með vinsælustu þáttum Bretlands og sería þrjú að fara í tökur á næstu dögum. Þættirnir hafa verið seldir til Ástralíu og hugsanlega er innrás á Bandaríkjamarkað í bígerð. „Það væri virkilega gaman og klárlega markmiðið að komast að í Bandaríkjunum en ég er ennþá að hugsa hvort ég vilji vera með í næstu seríu eða segja þetta gott núna og snúa mér að öðru. Það kemur í ljós."

Þættirnir fjalla um vinahóp úr ríkramannahverfinu Chelsea í Lundúnum þar sem hraðskreiðir bílar, kampavín og kokteilpartí eru hluti af hversdeginum. Krakkarnir í þáttunum eru vinir í alvörunni en það er nokkurn veginn það eina í þáttunum sem á sér stoð í raunveruleikanum. Þættirnir falla í flokkinn„Scripted reality show" eða leiknir raunveruleikaþættir.

> *Þetta er frekar sérkennilegt því við erum ekk leikarar og ekki í hlutverkum í þáttunum en vinnum samt eftir handriti og þurfum oft að endurtaka atriðin oft og mörgum sinnum."*

„Þetta er frekar sérkennilegt því við erum ekki leikarar og ekki í hlutverkum í þáttunum en vinnum samt eftir handriti og þurfum oft að endurtaka atriðin oft og mörgum sinnum. Ég man að fyrst fannst mér mjög erfitt að vera eðlilegur í kringum myndavélina og það tók langan tíma að ná eðlilegu flæði í samtölunum en núna er ég orðinn vanur því að ganga úti á götu með myndavélina mér við hlið. Það skiptir líka ennþá meira máli að koma vel fyrir þegar maður er að „leika" sjálfan sig og það sem maður gerir í þáttunum á eftir að fylgja manni alla ævi. Margir úr þáttunum hafa þannig stigið feilspor
sem þeir eiga eftir að sjá eftir," segi
Fredrik en framleiðendur þáttann
hafa mikil áhrif á framvindu mál
og eiga það til að ýta undir dramatí
milli þátttakenda.

„Það er allt gert til að búa til got
sjónvarp. Ég byrjaði að sjá í gegnur
þetta í annarri seríunni og hef dreg
ið mig aðeins til baka vegna þessa.
byrjun hverrar seríu erum við teki
á fund með framleiðendum þar ser
ástamál okkar og önnur persónule
mál eru krufin og athugað hvort hæg
sé að nota í þáttunum. Í síðustu serí
var ég til dæmis á föstu með stelp
sem fékk fyrir vikið aukahlutverk."

## FRÆGÐINNI FYLGJA FRÍÐIND

Fredrik fær borgað fyrir þættina o
viðurkennir að launin séu góð. Þa
að vera þekkt andlit í Bretlandi hefu
einnig ýmiss konar tækifæri og fríð
indi í för með sér. Fataframleiðend
ur senda honum fatnað og hann fæ
boðskort á alls konar viðburði o
frumsýningar í London.

„Það skrýtnasta sem fylgir því a
vera þekkt andlit í Bretlandi fanns
mér hið svokallaða PA eða Publi
Apperance, eins og það er kallað. Þ
borga næturklúbbar þér fyrir að kom
og láta sjá þig á staðnum. Hringja sv
í fjölmiðla sem koma og taka myn
af því þegar maður mætir, oftast í b
frá skemmtistaðnum og blandar geð


SALON REYKJAVÍK



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.

VERTU VELKOMIN
SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI: **56 85 305**
OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA: 9 - 18
LAUGARDAGA 9 - 13



# …DON



…tunum á eftir að fylgja manni alla ævi. Margir úr …n Made in Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

við gesti staðarins. Þetta er vel þekkt innan bransans og getur borgað mjög vel.“

## TÓNLISTARÁHUGINN

Fredrik segist nota íslenskan uppruna sinn til að skera sig úr fjöldanum í Bretlandi og búa til ákveðna ímynd. Sítt ljóst hárið og skandinavískt yfirbragð skemmir ekki fyrir þegar maður þarf að koma sér á framfæri erlendis án þess að falla í fjöldann. Auk þess að leika í þáttunum og vinna sem fyrirsæta á tónlistin hug hans allan en Fredrik spilar meðal annars á fiðlu og píanó. Hans draumur er að geta lifað á tónlistinni og segir að þátttaka sín í þáttunum sé einungis liður í að koma nafni sínu á framfæri. Hann hefur nú stofnað hljómsveitina Loki ásamt mági sínum, Bjarna Biering Margeirssyni, en planið er að gefa út tónlist á næsta ári. Hægt er að fylgjast með framvindu hjómsveitarinnar á samskiptasíðunni Twitter (@fredrikferrier og @bjarnibm).

„Við erum þegar komnir með fjögur lög og erum að vinna í meira efni. Tónlist okkar svipar til Massive Attack og Jamie Woon en ég er mikill aðdáandi þeirra sveita. Einnig uppgötvaði ég Gus Gus um daginn en þau eru mjög góð. Ég sá einmitt söngkonuna á vappi í miðborginni um daginn,“ segir Fredrik og vísar þar í Urði Hákonardóttur.

En getur Ferrier hugsað sér að búa á Íslandi, eins og systir hans, í framtíðinni?

„Nei, ég hugsa ekki. Ísland fyrir mér er staður sem ég get farið til og slappað af. Ég á bara góðar minningar frá landinu og ég vil ekki eyðileggja þá mynd með því að búa hérna, en maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér.“

## * myndaalbúmið



Auglýsingaplakat fyrstu seríu Made in Chelsea.



Fjögurra ára í Stavanger í Noregi.



Á Skólavörðuholti við Hallgrímskirkju á gamlárskvöld ásamt vini sínum, Adam Waise, og mági sínum, Bjarna Biering Margeirssyni.



Við Skógarfoss í byrjun janúar 2012.





**Vor „lookið“ 2012 frá GUERLAIN er komið í verslanir.**

**Í eftirfarandi verslunum fást GUERLAIN snyrtivörur:**
Hygea kringlunni og Smáralind, Hagkaup Holtagörðum, Lyf & heilsa Kringlunni, Snyrtivöruverslunin Glæsibæ, Laugar Spa, Snyrtistofan Garðatorgi, Betri Líðan Akureyri.

**GUERLAIN KYNNIR:**
- Nýja og bjarta liti í G Rouge varalitalínunni
- Fallega rómantíska liti í varaglossum
- Augnskuggapallettur
- „Transparent“ púður sem gefur húðinni fallegan ljóma.
- Nýr Maskari, Noir G Mascara, **Parabenfrír**, extra svartur sem lengir og þéttir. Hægt er að fá fyllingu í maskarann.







Fimm hlutir sem þú vissir ekki um:

# DEBBIE HARRY

Söngkonan Deborah Harry sló í gegn í lok áttunda áratugarins með hljómsveitinni Blondie. Harry þótti með eindæmum töff með sitt aflitaða hár og pönkaða fatastíl og þykir það enn þann dag í dag.

* Hún fæddist árið 1945 í Míamí í Flórída og var ættleidd af hjónunum Catherine Harry og Richard Smith sem búsett voru í New Jersey og skírð Deborah Ann Harry.
* Eftir útskrift starfaði Harry um hríð sem ritari hjá skrifstofu breska ríkisútvarpsins BBC í New York. Hún starfaði einnig sem þjónn, dansari og sem Playboy-kanína.
* Harry hefur verið í þó nokkrum hljómsveitum yfir ævina og byrjaði söngferilinn með sveitinni The Wind in the Willows, sem lék sveitatónlist upp á ameríska vísu. Því næst gekk hún í raðir The Stilettos þar sem hún kynntist kærasta sínum og gítarleikara Blondie, Chris Stein. Harry og Stein stofnuðu svo hljómsveitina Angel and the Snake áður en Blondie varð til.
* Árið 1999 var Harry kosin tólfta magnaðasta kona rokksins af sjónvarpsstöðinni VH1.
* Hljómsveitin Blondie hætti um hríð í byrjun níunda áratugarins þegar Stein veiktist af sjaldgæfum húðsjúkdómi. Harry tók sér þá frí frá tónlistinni á meðan hún hjúkraði Stein aftur til heilsu. Parið hætti saman í byrjun tíunda áratugarins en þau eru enn nánir vinir.


**Rokkari** Harry á sýningu Victoria's Secret árið 2010. Hún er enn jafn töff og fyrir þrjátíu árum.


**Flott** Harry þótti sérstaklega töff bæði á sviði og í daglegu lífi.


**Blondie** Harry orðin ljóshærð og pönkuð.


**Ástfangin** Harry ásamt kærasta sínum og samstarfsfélaga, Chris Stein, árið 1981.


**Ung og dökkhærð** Harry árið 1968 þegar hún var meðlimur sveitarinnar Wind In The Willows.




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Smokkasjálfsalar á Hrafnistu

Í nýlegum pistli líkti ég kynlífi saman við líkamsrækt. Það getur verið erfitt að koma sér af stað en um leið og reglulegri mætingu er náð þá verður þetta ekkert mál og mæting kemur af sjálfu sér.

Ég hef hugsað meira um þetta, sérstaklega nú þegar fésbókin fyllist af metnaðarfullum fyrirheitum um dugnað og hreysti. Ef þú myndir skipta út orðunum kynlíf fyrir ræktina þá væri landinn sko hraustur! Svo virðist sem að ekki ein einasta manneskja hafi tekið ráðum mínum og sett sér kynferðislegt markmið fyrir árið. Ef hún hefur gert það fer hún alls ekki hátt með það. Af hverju ætli það sé? Hvernig væri það ef kynlíf væri ekki sveipað dulúð og fólk ræddi það á opinberum vettvangi sem eðlilegan hluta af líkamsrækti og hreysti. Ég sé fyrir mér að fésbókin yrði töluvert meira krassandi; Sigga Dögg: byrjaði daginn á fullnægingu í sturtu, mæli með því! Ég er viss um að ég myndi fá þó nokkurn stuðning með smellum á „líkar vel við“ takkann og kannski nokkrar athugasemdir.



Mig dreymir um tíma þar sem kynlíf er ekki feimnismál sem drukknar í mýtum. Kynlíf væri eitt af málefnum dagsins sem hægt væri að ræða og leita sér ráðlegginga án þess að roðna ofan í tær. Þetta hljómar kannski kjánalega en mín reynsla er sú að umræðan er þörf og það hjá öllum aldurshópum. Ungt fólk vafrar um netið og á erfitt með að skilja raunveruleikann frá fantasíunni. Fólk á miðjum aldri lendir í villigötum í sambandinu sínu því það kann ekki að tala saman um það sem máli skiptir. Eldri borgarar smitast af kynsjúkdómum því engum dettur í hug að gamalt fólk stundi kynlíf og lítið er um smokkasjálfsala á Hrafnistu.

Það er því enginn undanskilinn því að þurfa að læra að tala um kynlíf á hreinskilinn og opinskáan hátt. Um daginn fékk ég spurningu frá ungri stúlku í kynfræðslutíma sem ég stóð fyrir. Stúlkan vildi vita hvort píkan hennar víkkað með vaxandi fjölda rekkjunauta. Ég útskýrði fyrir bekknum hvernig kynfæri karla og kvenna starfa. Leggöng konu víkka ekki eftir fjölda getnaðarlima sem inn í hana fara, ekki frekar en að typpi lengist því oftar sem það er strokkað! Einföld kynfæravitund er af skornum skammti og þegar þekking um verkfæri er takmörkuð, hvernig er hægt að ætlast til að það sé notað á rétt?

Þetta er ekki eina dæmið sem situr í mér í tengslum við samræður um kynlíf. Kynlíf er eitt af líkamlegum athöfnum dýra og manna. Það sýna flestir hægðartregðu skilning en risvandamál má ekki tala um. Auðvitað er þessi pistill að drukkna í samlíkingum en æfum okkur í samræðum um kynlíf. Það er gott áramótaheiti!

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*



útsala útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
Verð var 59.900.-
nú 35.900.-
40%
Verð var 34.900.-
nú 20.940.-
Vasar
nú
500-2000.-
30-80%
40%
Leðurstóll
Var 59.900.-
nú 35.940.-
Allar bastkörfur
50%
40%
Leðursófi
Var 89.900.-
nú
53.940.-
30%
Leðursófi
Verð var 399.900.-
útsöluverð
279.930.-
Bastvasar
50%
og 3f2!
Handmálaður skápur
Var 39.900.-
nú 27.930.-
Keyptu 4 gardínulengjur og fáðu gardínustöng frítt með!
Mikið úrval á
40-50%
Leðursófi
Verð var 399.900.-
útsöluverð
279.930.-
30%
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



# YFIRHEYRSLAN

**Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir**

**Ertu A- eða B-manneskja?**
Ég er mikil A-manneskja.



**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?**
Var að klára ævisögu Magga Eiríks í Mannakornum og ætla síðan að taka í Jakob Frímann.

**Ef ég byggi ekki í Reykjavík …**
… byggi ég rétt fyrir utan bæinn með lítið land og kot, væri kannski með geitur! Ég væri líka til í að búa í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum í einhvern tíma.

**Hver eru nýjustu kaupin?**
Þau sem voru með einhverju viti var nýja Mac Book Pro-tölvan mín.

**Hvað dreymir þig um að eignast?**
Nýjan mótorfák. Mig hefur reynd-



ar alltaf langað í lásboga en hjólið gengur klárlega fyrir.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?**
Vá, erfitt. Það koma svo mörg til greina en ef ég á að velja nýtt lag þá elska ég lagið Reykjavík með Sykur, síðan klassíkina That Smell með Lynyrd Skynyrd og mörg önnur þarna á milli.



**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:**
Ég get farið úr mjaðmarlið!

**Uppáhaldsdrykkurinn:**
Vatn.




Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Trooper, Freelander, Impreza 97, Baleno, Caddy 98-02, Polo 97-99, Matiz, Mondeo 98. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy'98. S. 896 8568.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 og 699 6069

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**VERTU Í SKILUM.**
Velkomin í þjónustu hjá Skilaborg. Alhliða bókhaldsþjónusta. Úthýsing húsfélaga, fjölbýlishúsa og fyrirtækjasambýla. www.skilaborg.is, skilaborg@skilaborg.is sími: 564-6609

## Fjármál

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrir fólk og fyrirtæki. S. 845 3452 Fyrirgreiðslan.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

## Tölvur




Livedrive.is býður ótakmarkað geymslupláss dulkóðað og afritað sjálkrafa yfir netið í þitt öryggishólf. Livedrive virkar eins og nýr diskur í tölvuna sem eykur geymslurýmið. Þú getur unnið með gögnin frá öllum þínum tölvum og smartsímum hvar og hvenær sem er. Tapist eða skemmist talvan eru gögnin til staðar á öruggum stað. Livedrive.is - Sími 4500500.

omn!s
tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Spádómar

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 17.00.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

Tveir smiðir með meistararéttindi geta bætt við sig verkefnum s.s viðhald, parket, inréttingar, nýsmíði ofl. S. 898 9602.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ískápar, þvottavéla, þurkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

Hókus Pókus
hokuspokus.is



**Öskudagsbúningar**
Alvöru útsala með 20-50% aflslætti af öllum öskudagsbúningum og 10% af öðru í búðinni. Notið tækifærið. Skoðið úrvalið á hokuspokus.is Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

## Til sölu

**Verslun**
Hef til sölu allt sem tengist verslunarrekstri. Tæki og tól. Notað. Selst ódýrt.
**Upplýsingar í s. 774 2501**




BYLGJAN 25 ÁRA 989

**Hemmi Gunn – og svaraðu nú!**
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur



alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri

Góður flygill til sölu. Til greina kemur að taka píanó uppí. Uppl. í s:690-3936.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is




## Ýmislegt

**Hið vinsæla Þorrablót Hestamannafélagsins Fáks verður haldið í félagsheimilinu laugardaginn 14. janúar**
**Húsið opnar kl. 17:00**
**Miðaverð aðeins kr. 3.500**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



Kriya yoga. Kynningarfundur 13. janúar kl. 19:00 í Yogastöðinni Heilsubót. Opin öllum. Tækifæri sem andlega sinnaðir ættu ekki að missa af. www.kriyayoga.is S. 691 8565.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Tveir hreinræktaðir íslenskir hvolpar. Ættbókarfærðir, örmerktir og sprautaðir. Uppl. í s: 899-4600 - s: 846-0418.

3 kettlingar fást gefins. Móðir er hreinræktaður silfurpersi. Sími 663 2174.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 72fm 3herb. íbúð á Laugavegi með húsgögnum. Uppl. í s. 8697894

Til leigu 3. herb. ca. 100fm íbúð á Háaleitisbraut. Verð 150 þús. á mánuði. Stór og björt stofa, 2 herb. Mikið skápapláss og geymsla inni í íbúðinni. Fyrirspurnir sendist til leigarvk108@gmail.com

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Reglusamt reyklaust par óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til langtímaleigu. Uppl. 690 2918 Aron

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsa/Búgarðalóðir til sölu!**

**Um er að ræða fjórar byggingarlóðir, svokallaðar búgarðalóðir úr landi Morastaða í Kjósarhreppi. Byggingareitir liggja fyrir á samþykktum skipulagsuppdrætti.**

**Stapagljúfur 1, landnr. 211-787, stærð 23.480 fm.**

**Stapagljúfur 2, landnr. 211-788, stærð 19.835 fm.**

**Stapagljúfur 3, landnr. 211-793, stærð 21.081 fm.**

**Stapagljúfur 4, landnr. 211-794, stærð 19.152 fm.**

**Tilboð eða fyrirspurnir skulu sendast á netfangið logfraedingur@simnet.is**

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 210m2 iðnaðarhúsn. í Hafnarf. hægt að skipt í 2, 105m2 bil S: 892-9260

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

Akureyri: Nýjar, glæsilegar íbuðir í göngufæri við miðbæinn, nú á kynningarverði. Uppl. á innrikraftur.is eða 865 9429.

# ATVINNA

## Atvinna í boði



Viltu vinna lítið og hafa lítil laun eða vinna mikið og hafa mikil laun? Frjáls vinnutími. Uppl. 568 8977 & 773 6099

Óskum eftir að ráða þjónustufólk í sal , kokkavaktir , aldur 20+ Umsóknir sendist á frakkar@islandia.is

Við óskum eftir meiraprófsbílstjóra með C. CE. réttindi. Þarf að geta byrjað 1.feb mikil vinna í boði fyrir dugleg einstaklinga. Umsóknir sendist á: vadvik1@internet.is

Vinna í boði! Traust matvælafyrirtæki í Kópavogi óskar eftir starfsfólki í almenn pökkunar- og framleiðslustörf. Áhugasamar/-ir sendi umsókn á netfangið: matvaeli@gmail.com, ásamt upplýsingum um aldur og fyrri störf.

Looking for workers! A food factory in Kopavogur is seeking workers for packaging- and production jobs. Please send applications by e-mail to: matvaeli@gmail.com, including information about your age and previous jobs.

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**

**Í kvöld, föstudaginn 13. janúar kl. 20:30** heldur **Sr. Bryndís Valbjarnardóttir** erindi sem hún nefnir **Lilit - gyðja sjálfsins** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22. **Laugardaginn 14. janúar kl. 14:00** er spjall og umræður um hugrækt í umsjá Birgis Bjarnasonar. **14:30 er hugleiðing. Kl.15:00 er opið hús og 15:30** heldur **Þormóður Símonarson erindi: Frá trú að fullvissu, mikilvægt skref í andlegi lífi. Á fimmtudögum** kl.16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta

**www.lifspekifelagid.is**

## Einkamál

**47 ára góð kona**
frjálslega vaxin, vill endilega kynnast ljúfum og góðum manni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8912

**Íslenskar konur**
leika sér heitar í einrúmi. Nýjar upptökur flesta daga. Ky.sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Til leigu

# ÓSKAST TIL LEIGU

## 15185 - Skrifstofuhúsnæði til leigu fyrir utanríkisráðuneytið

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnun í næsta nágrenni við Rauðarárstíg 25 í Reykjavík. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til tíu ára með uppsagnarákvæði er gildi af hálfu leigutaka frá þeim tíma þegar þrjú ár eru liðin af samningstímanum að uppfylltum ákveðnum nánar tilgreindum skilyrðum. Skilyrði er gott aðgengi og næg bílastæði.

Samanlögð húsrýmisþörf stofnananna er áætluð ríflega 1.200 fermetrar. Húsnæðið þarf að vera fullbúið til notkunar og innréttað með frambærilegum hætti fyrir opinbera stofnun, án íburðar.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla eru aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 15185 – Skrifstofuhúsnæði til leigu fyrir utanríkisráðuneytið - skulu sendar á netfangið utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa. Fyrirspurnarfrestur rennur út **miðvikudaginn 18. janúar 2012**, en svarfrestur er til og með **föstudeginum 20. janúar 2012**.

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, eigi síðar en þriðjudaginn 24. janúar 2012 kl. 13:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP




## Tilkynningar

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

# ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Tillögur uppstillingarnefndar og stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar um stjórn, skoðunarmenn reikninga, stjórn sjúkrasjóðs og stjórn orlofsheimilasjóða félagsins fyrir árið 2012, liggja frammi á skrifstofu Hlífar frá og með 12. janúar 2012.
Kosið er samkvæmt A-lið 22. gr. laga Hlífar í eftirtaldar stöður:

1. **Formann og tvo meðstjórnendur til tveggja ára**
2. **Tvo varamenn í stjórn til tveggja ára**
3. **Tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs.**
4. **Stjórn sjúkrasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.**
5. **Stjórn orlofsheimilasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.**

Öðrum tillögum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 23. janúar 2012 og er þá framboðsfrestur útrunninn.
Til þess að bera fram lista eða tillögu þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna þó ekki fleiri en 200.

*Kjörstjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar*

## Styrkir

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Norrænir starfsmenntunarstyrkir**

Menntamálaráðuneyti Danmerkur veitir á námsárinu 2011-2012 nokkra styrki handa Íslendingum til náms við fræðslustofnanir í þessum löndum. Styrkirnir eru einkum ætlaðir til framhaldsnáms eftir iðnnám eða hliðstæða menntun, til undirbúnings kennslu í starfsmenntaskólum eða framhaldsnáms starfsmenntakennara, svo og ýmiss konar starfsmenntunar sem ekki er unnt að afla á Íslandi. Styrkirnir eru miðaðir við 9 mánaða námsdvöl, en til greina kemur að skipta þeim ef henta þykir. Fjárhæð styrks í Danmörku er 21.000 d.kr.

Umsóknir um styrkina, **ásamt staðfestum afritum prófskírteina og meðmælum,** skulu sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, **fyrir 1. febrúar 2012.**

Sérstök umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu og á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.


# STERK

ATVINNUAUGLÝSING Á RÉTTUM STAÐ

**Vertu með atvinnuauglýsinguna þína í Fréttablaðinu, mest lesna blaði landsins.***

*Atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu birtast líka á atvinnuvef Vísis.*

FRÉTTABLAÐIÐ

vísir ATVINNA




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup október–desember 2011.

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:

VIÐAR INGI PÉTURSSON
vip@365.is 512 5426

HRANNAR HELGASON
hrannar@365.is 512 5441

# tímamót

timamot@frettabladid.is



60 **HENNÝ HERMANNSDÓTTIR** danskennari er sextug í dag.
*„Það er sannarlega mikil list að vera fyrsta flokks samkvæmisdansari.“*

## Gullbrúðkaup



Föstudaginn
13. janúar 2012.
Gunnar Árni
Þorkelsson
og
Erna Grétarsdóttir
Óðinsgötu 18, 101 Rvk.

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Vilhelm Ingimundarson

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 8. janúar. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju í dag, föstudaginn 13. janúar kl. 13.00.

**Ragnhildur J. Pálsdóttir**
**Hjörtur Ingi Vilhelmsson** **Vilborg Sigrún Ingvarsdóttir**
**Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir** **Sigurjón Bolli Sigurjónsson**
**Gunnar Vilhelmsson** **Bjarnveig Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

### Baldur Ingólfsson

menntaskólakennari og þýðandi,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, fimmtudaginn 5. janúar. Útför hans fer fram frá Neskirkju mánudaginn 16. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á samtök og stofnanir um öldrunar- og heilbrigðismál.

**Baldur J. Baldursson** **Halla Hauksdóttir**
**Hans Eiríkur Baldursson**
**Magnús D. Baldursson** **Sigríður Þorgeirsdóttir**
**Elísabet Magnúsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

### Arndís Sigríður Sigurðardóttir

Miðfelli 4, Hrunamannahreppi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 10. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Skúli Gunnlaugsson**
**Sigríður Skúladóttir** **Bjarni Ásgeirsson**
**Grétar G. Skúlason** **Elísabet Sigurðardóttir**
**Móeiður Skúladóttir** **Sigurður Baldvinsson**
**Svanhildur Skúladóttir**
**Herdís Skúladóttir** **Stefán Stefánsson**
**Hildigunnur Skúladóttir** **Pálmi Pálsson**
**Kristjana Skúladóttir** **Freyr Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðurbróðir okkar,*

### Jón Brynjólfsson

Blönduhlíð 16, Reykjavík,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði 11. janúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 20. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**María J. Guðmundsdóttir**
**Gíslína Sigurbjörg Kauffman**
**Brynjólfur Guðmundsson**

---



†

*Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

### Ragnhildur Ragnarsdóttir

kaupmaður, Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 3. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 13. janúar kl. 14.00.

**Ragnar Jón Skúlason** **Bryndís Þorsteinsdóttir**
**Selma Skúladóttir** **Matthías Sigurðsson**
**Jórunn D. Skúladóttir** **Árni Már Árnason**
**Elsa Ína Skúladóttir** **Guðni Birgisson**
**Kristinn Skúlason** **Drífa Daníelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

### Jakobína Sigurvinsdóttir

frá Ytra-Dalsgerði,
til heimilis að Barmahlíð 6, Akureyri,

lést á heimili sínu hinn 9. janúar.

**Friðrik Gestsson** **Susana Turago Araojo**
**Ingólfur Marinó Gestsson** **Marites Toledo Talle**
**Björn Gunnar Gestsson** **Filippía Ingólfsdóttir**
**Rósa Sigrún Gestsdóttir** **Sigurgeir Steindórsson**
**Kristín Hlín Gestsdóttir** **Sigurður Helgi Jóhannsson**
**Birna Ingibjörg Arnbjörnsdóttir**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**

---



†

*Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

### Kristínar Maríu Gísladóttur

Reynimel 40.

Einnig viljum við þakka starfsfólki deildar A3 á Grund fyrir hlýju og alúð í umönnun.

**Þorsteinn Vilhjálmsson** **Sigrún Júlíusdóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Svanlaug Vilhjálmsdóttir** **Halldór Eiríksson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



†

*Ástkær maður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, afi, langafi, sonur og bróðir,*

### Davíð Þór Guðmundsson

andaðist á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 7. janúar. Útför verður auglýst síðar.

**Hrafnhildur Þorleifsdóttir**
**Þórhildur Sandra Davíðsdóttir** **Sigfús Bergmann**
**Sunna Rannveig Davíðsdóttir**
**móðir, systkini, afabörn, langafabarn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Vernharð Sigursteinsson

áður til heimilis að Hraungerði 6, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 1. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. janúar kl. 13.30.

**Rannveig Vernharðsdóttir** **Alexander Pálsson**
**Regína Vernharðsdóttir**
**Kristján Vernharðsson** **Sigríður Jakobsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

### Jóna Guðný Arthúrsdóttir

Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést miðvikudaginn 4. janúar á líknardeild Landakots. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartfólgnar þakkir til Grétu Guðjónsdóttur, starfsfólks Heimahlynningar, Karitas, lækna og starfsfólks líknardeildar Landakots fyrir umönnun og elskusemi í garð hinnar látnu.

**Valgerður G. Gunnarsdóttir**
**Arthúr E. Gunnarsson** **Jóhanna Vilhjálmsdóttir**
**Fanney G. Gunnarsdóttir** **Hallgrímur Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

### Sigurborg Guðný Jakobsdóttir, (Didda)

Garðabraut 24, Akranesi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 8. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju, miðvikudaginn 18. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Ragna Hannesdóttir** **Valdimar Magnússon**
**Hafdís Hannesdóttir** **Sævar Freyr Þráinsson**
**Harpa Hannesdóttir** **Arnar Geir Magnússon**
**ömmubörn og systur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.




GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Föstud. | 13. jan. | 20:00 | Föstud. | 20. jan. | 20:00 |
| Laugard. | 14. jan. | 20:00 | Laugard. | 21. jan. | 20:00 |

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Leikhúspakki á flugfelag.is!

**Miðasala á gamlabio.is og á midi.is**

Símanúmer í miðasölu: **563 4000** (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** 950, **8.** heldur brott, **9.** stansa, **11.** númer, **12.** kústun, **14.** skrá, **16.** tónlistarmaður, **17.** kvabb, **18.** drulla, **20.** ónefndur, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ekki læs, **3.** úr hófi, **4.** lærdómur, **5.** dýrahljóð, **7.** drykkjar, **10.** spendýr, **13.** suss, **15.** dugnaður, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** komu, **6.** lm, **8.** fer, **9.** æja, **11.** nr, **12.** sópun, **14.** listi, **16.** kk, **17.** suð, **18.** aur, **20.** nn, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT:** **1.** ólæs, **3.** of, **4.** menntun, **5.** urr, **7.** mjólkur, **10.** api, **13.** uss, **15.** iðni, **16.** kaf, **19.** rá.





# Ber virðingu fyrir þeim sem rífa kjaft

Sigrtyggur Baldursson, eða Bogomil Font, tekur við stöðu framkvæmdastjóra Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar.

**Meðal annars efnis:**

**Arfleifð járnfrúarinnar**
Ferill Thatcher í brennidepli á ný.

**EM að hefjast**
Litið yfir gengi Íslendinga á EM í handbolta í gegnum tíðina.



**Allt sem þú þarft**


# Paraskevidekatriaphobia

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Af því að það er gaman að skrifa þetta orð. Svo má líka prófa að segja það… ekki vera hrædd, þið verðið hvorki lostin eldingu né bitin af svörtum stigaketti þótt þið prófið að segja orð sem þið hafið líklegast aldrei heyrt sagt og vitið ekkert hvað þýðir. Orð eru bara orð, er það ekki?

**MARGIR** eru skíthræddir við orð. Enda eru þau stórhættuleg. Orð geta breytt heiminum og heimsmyndinni og „þel getur snúist við atorð eitt/aðgát skal höfð í nærveru sálar“ eins og Einar Benediktsson orti í Einræðum Starkaðar. Orð er þriggja stafa morð, nema náttúrlega orðið Paraskevidekatriaphobia sem er sjáanlega mun fleiri stafa. Og kannski ekkert morð, kannski mikið happaorð ef bara tekst að láta það sér um munn fara. En það er ómögulegt að komast að því án þess að prófa.

**STÓR** hluti af viðhaldi mannsins sem tegundar byggðist á því að þekkja það sem var hættulegt og eiga líf sitt að launa því að kunna að bregðast við því. Hræðsluviðbrögð eru okkur einkar töm og koma upp við aðstæður sem skynsemin segir að engin ástæða sé að hræðast í alvöru; eins og að tala við marga í einu, verða of sein, vera hafnað, gera sig að fífli. Streita sem skapast ef við erum hrædd við nógu margt í daglegu lífi okkar er ekkert annað en hræðsluviðbrögð líkamans, sem eru síðan hættuleg heilsunni í sjálfu sér.

**SUMIR** eru svo hræddir við lífið og allar þess mögulegu ógnir að þeir gleyma að njóta þess og sín. Þeim get ég gefið tvö orðbundin ráð. Í fyrsta lagi að læra og fara með þessar ljóðlínur úr Vikivaka Guðmundar Kamban þegar óttinn skellur á:

**VAPPAR** ósyndur ungi á bakka með augun blikandi af þrá –
en sumir þora ei til þess að hlakka, sem þeim er annast að fá.
Gegn svo mörgu, sem guð þeim sendir, menn gera kvíðann að hlíf,
og kvíða oft því sem aldrei hendir, og enda í kvíða sitt líf.

**HITT** ráðið er að æfa sig að segja Paraskevidekatriaphobia. Orðið þýðir „sjúklegur ótti við föstudaginn þrettánda“ og sagt er að þeir sem þjást af þessum kvilla og ná tungu um þetta orð nái tökum á ótta sínum. Að minnsta kosti í einn dag. Alveg þess virði, ekki satt?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



40% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísasnitsel



40% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísagúllas



# ÚTSALA Á GRÍSAKJÖTI



30% afsláttur

699 kr. kg

Verð áður ~~998~~ kr. kg

Grísasíða, purusteik



30% afsláttur

1599 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Grísalundir



Ódýrt!

699 kr. kg

Grísahakk





1798 kr. kg

Kjúklingabringur, erlendar, frosnar





698 kr. stk.

Kjúklingur, erlendur, frosinn, 1,1 kg



1198 kr. stk.

Grillaður heill kjúklingur



129 kr. kg

Rautt greip



149 kr. kg

Vatnsmelóna



269 kr. pk.

Lúxussalat spínat

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

| Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

# menning

menning@frettabladid.is

**! Í KVÖLD KLUKKAN 21.30** hefjast tónleikar hljómsveitarinnar Skuggamyndir frá Býsans á Café Haiti, Geirsgötu 7b. Hljómsveitin hefur haldið mánaðarlega tónleika á staðnum síðan í ágúst 2011 en hún leikur Balkantónlist af fjölbreyttu tagi. Hljómsveitina skipa Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson, Þorgrímur Jónsson og Erik Qvick.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 13. janúar 2012**

### Tónleikar

**20.00** Salon Islandus og Þóra Einarsdóttir söngkona halda tónleika í Salnum, Kópavogi. Á efnisskránni er Vínartónlist. Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari, mun einnig leika einleik.

**20.00** Nýlókórinn eða Íslenski hljóðljóðakórinn kemur fram í Nýlistasafninu. Flutt verða verkin Ekið úr bænum, Á strönd og sjó og Samhverfun. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**09.00** Sýningin Ein stök hús verður opnuð á kaffihúsinu Mokka á Skólavörðustíg. Þar sýna listamennirnir Marsibil G. Kristjánsdóttir og Jóhannes Frank Jóhannesson verk sín byggð á eyðibýlum á Vestfjörðum. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**19.00** Lionsklúbburinn Njörður heldur sitt árlega Herrakvöld í Súlnasalnum á Radisson BLU Hótel Sögu. Glæsileg dagskrá og ljúffengur matur. Allur ágóði kvöldsins rennur í styrktarsjóð Njarðar. Miðaverð er kr. 16.000.

### Tónlist

**21.00** Haldið verður Grapevine Grassroots kvöld á Hemma og Valda. Fram koma hljómsveitirnar Veenox Seven, Amaba Dama og Klikk. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Beatur skemmtir með hljóðfæraslætti og uppistandi á Ob-La-Dí Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Gaukur á Stöng býður til Grunge veislu. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Sendiherra málaði eitt verkanna

**Fulltrúar Íslands á Feneyjatvíæringnum á síðasta ári voru þau Libia Castro og Ólafur Ólafsson. Í kvöld verður opnuð sýning í Listasafni Íslands þar sem gefur að líta verkin sem þau sýndu í Feneyjum.**

„Það var mjög ánægjuleg upplifun að taka þátt í Feneyjatvíæringnum. Við fengum afar góð viðbrögð og færri komust að en vildu á opnunina,“ segir Ólafur Ólafsson spurður um þátttökuna í þeim merka myndlistarviðburði sem Feneyjatvíæringurinn er. Í kvöld verður opnuð sýningin Í afbyggingu í Listasafni Íslands en þar gefur að líta verk Ólafs og Libiu Castro sem voru fulltrúar Íslands þar á síðasta ári.

Meðal þess sem ber fyrir augu eru útgáfur verksins Landið þitt er ekki til sem þau hafa unnið að síðan árið 2003. „Hugmyndin að verkinu kviknaði þegar Bandaríkjamenn lýstu yfir stríði gegn Írak og rökstuddu það með skýringum sem síðar kom í ljós að stóðust ekki. Þrátt fyrir háværi mótmæli gegn stríðinu víða í Evrópu að minnsta kosti þá studdu fjölmargar ríkisstjórnir Bandaríkjamenn, þar á meðal sú íslenska. Í framhaldinu fórum við að velta fyrir okkur hvað hugtakið „Landið mitt“ þýðir, er það nothæft ef maður hefur engin völd og áhrif á stefnu þess?“ segir Ólafur.

Hluti af þessu verki sem stöðugt bætist við er ljósaskilti þar sem ritað er Landið þitt er ekki til og málverk með sömu áletrun sem Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra málaði. „Við fengum utanríkisþjónustuna í lið með okkur við þetta verk. Teiknuðum áletrunina á striga og svo átti Gunnar að mála í fletina sem voru númeraðir,“ útskýrir Ólafur og bætir við að utanríkisþjónustan hafi hafnað fyrstu umleitan um samstarfið við listamennina. En eftir samningaviðræður hafi Gunnar fallist á að taka þátt í verkinu. „Hann ákvað hins vegar að mála ekki alla fletina og áletrunin endaði sem Landið þitt er til sem okkur þótti áhugavert,“ segir Ólafur.

Listaverk Ólafs og Libiu hafa verið til sýninga víða í Evrópu og segir Ólafur samfélagslegar skírskotanir verkanna skila sér jafnt í Frakklandi, á Spáni og Íslandi. „Við lítum ekki á pólitík sem fjarlægt fyrirbæri, hún er persónuleg og kemur öllum við,“ segir Ólafur og bætir við að eftir hrun hafi orðið meiri áhugi á pólitískri list og forsendur skapast fyrir hana. „Hrunið breytti þannig skilyrðum listarinnar.“

Ólafur og Libia munu verða með leiðsögn um sýninguna á sunnudag klukkan tvö.

sigridur@frettabladid.is



**ÓLAFUR ÓLAFSSON OG LIBIA CASTRO** Sýning þeirra sem opnar í Listasafni Íslands stendur til 19. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Margræðar myndir

Myndlist ★★★★

**Kyrralíf og Pleaser**
Ýmsir, Harpa Björnsdóttir

**Hafnarborg.** Kyrralíf til 26. febrúar, Pleaser til 12. febrúar. Hafnarborg er opin 12-17 alla daga og til 21 á fimmtudögum. Lokað á þriðjudögum.

Tvær sýningar voru opnaðar í Hafnarborg um síðustu helgi, kyrralífsmyndir í sýningarstjórn þeirra Ólafar K. Sigurðardóttur og Þorbjargar Br. Gunnarsdóttur og einkasýning Hörpu Björnsdóttur, Pleaser.

Kyrralíf er eitt af hefðbundnum myndefnum málaralistarinnar ásamt sögulegum málverkum, landslagi og portrettum. Þáttur í grundvallarþjálfun akademískra málara var að ná tökum á að mála eftir fyrirmynd. Eins og fram kemur í texta með sýningunni í Hafnarborg nutu íslenskir málarar á fyrri hluta tuttugustu aldar akademískrar menntunar og skildu margir þeirra eftir sig fjölda kyrralífsmynda.

Dágott samansafn málverka með þessu myndefni má nú sjá í Hafnarborg, fallegt, fróðlegt og skemmtilegt úrval fyrir margra hluta sakir. Það er forvitnilegt að sjá hversu skýrt persónueinkenni ólíkra málara koma fram í verkunum.

Konur máluðu gjarnan kyrralíf og Kristín Jónsdóttir náði mjög góðum tökum á því en hún á einkar sterkar myndir í þessum flokki. Málaraeinkenni þeirra Gunnlaugs Scheving, Gunnlaugs Blöndal og Þorvalds Skúlasonar eru auðþekkt, og svo mætti áfram telja en hér eru verk eftir flesta þekkta málara þess tíma þegar kyrralíf var vinsælt í málaralistinni, fram eftir tuttugustu öldinni. Aðeins vottar fyrir uppbroti kúbisma en það er ekki mikið.

Myndefnið sýnir ekki aðeins persónueinkenni málaranna heldur líka daglegt umhverfi þeirra. Karl Kvaran hefur átt fallega mjólkurkönnu, Kristín Jónsdóttir var ákafur blómaræktandi og Louisa Matthíasdóttir eldaði án efa bæði kúrbít og eggaldin.

Í dag eigum við ekki sambærileg verk sem birta umhverfi myndlistarmanna, en hér eru líka nýrri myndir. Myndir Áslaugar Thorlacius úr eldhúsi sínu og stofu í anda Skagamálaranna dönsku eru fallegar og málverk Helga Þorgils líkjast helst heimspekilegum hugleiðingum um form og liti.


**Í ELDHÚSINU** Verk eftir Karen Agnete Þórarinsson.

Áhugavert væri að leita uppi staðgengla kyrralífsmynda fyrri tíma í myndlist samtímans. Er þá kannski að finna í innsetningum Margrétar H. Blöndal, í verkum Kristins G. Harðarsonar eða Hildigunnar Birgisdóttur, svo einhverjir séu nefndir?

Pleaser, nefnir Harpa Björnsdóttir sýningu sína á neðri hæð. Verk Hörpu hér eru bæði íhugul og kyrrlát og ríma vel við sýninguna á efri hæðinni, og þótt viðfangsefnið sé annað endurspeglast kyrralífsmótífið innan sumra verka hennar. Stór ljósmynd þar sem orðið Pleaser líðast úr úr munni listakonunnar líkt og á málverki frá fjórtándu eða fimmtándu öld, leiðir áhorfandann inn í myndheim Hörpu þar sem táknmyndir eru ráðandi. Harpa vitnar jafnt til fyrri alda og til samtímans í verkum sínum þar sem hún birtir hugmyndir um eiginleika listamannsins og setur sjálfsmynd sína í samhengi við myndlist fyrr og nú. Margar hugmyndir búa að baki sýningunni þó verkin séu ekki mörg. Harpa kann þá list að stíga til baka og gefa áhorfandanum það rými sem þarf til þess að verk hennar nái að lifa áfram í hugarheimum. **Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Vandað val kyrralífsmynda skapar margræða og fallega sýningu og minnir á þá margvíslegu möguleika sem felast í íslenskri myndlistarsögu. Margræð sýning Hörpu Björnsdóttur gefur áhorfandanum rými til umhugsunar.

# Bergmál fortíðar

Tvær sýningar verða opnaðar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á morgun.

Annars vegar Bergmál, samsýning Charlottu Maríu Hauksdóttur og Sonju Thomsen. Viðfangsefni sýningarinnar er tíminn og endurbirting hins liðna. Titillinn vísar ekki aðeins til þess hvernig hið liðna endurvarpast inn í nútímann, heldur einnig til þess hvernig verkin á sýningunni kallast á. Þær Charlotta og Sonja stunduðu nám á sama tíma við San Fransisco Art Institute, þaðan sem þær útskrifuðust með MFA-gráðu í ljósmyndun árið 2004.

Hins vegar er það sýning á ljósmyndum danska læknisins Christians Schierbeck, sem starfaði í Reykjavík frá 1901 til 1902 og bjó á Laufásvegi ásamt eiginkonu sinni, Sofie Holstrup-Schultz. Schierbeck tók talsvert af myndum meðfram starfi sínu.

Hann hélt dagbók þar sem hann skrifaði við hverja mynd ýmsar upplýsingar og persónulegar athugasemdir og fangaði þannig vel augnablik í lífi bæjarbúa. Börn á Skólavörðustíg með Skólavörðuna í baksýn, stúlka á leið úr bakaríinu, og hestar við verslun Ziemsens ræðismanns er meðal þess sem sjá má á ljósmyndum hans. **- hhs**


**12 vikna söngnámskeið!**

**SÖNGVAFJÖR!**

**Söngnámskeið fyrir hressa krakka á aldrinum 9-16 ára**

Syngdu með undirleik og lærðu í leiðinni allt um raddbeitingu, sviðsframkomu, hljóðnematækni og annað sem söngvari þarf að vita. 4-5 í hóp.
Upptaka á geisladisk og lokatónleikar setja svo punktinn yfir i-ið í lok námskeiðsins. Kennt í Tónlistarskóla Árbæjar
**Kennari:** Erla Stefánsdóttir söngkona
**Námskeiðið hefst fimmtudaginn 19.janúar**

Nánari upplýsingar er að finna á www.tonarb.net og í síma 861-6497 og 587-1664 (14.00-16.00 virka daga)

Tónlistarskóli Árbæjar
tonarb@heimsnet.is

Tónlistarskóli Árbæjar



valkostir í Sjónvarpi Símans

Nettenging hjá Símanum gefur þér möguleika á Sjónvarpi Símans og fjölbreyttu úrvali sjónvarps- og afþreyingarefnis.



Einn myndlykill fyrir allar áskriftir

Þú getur valið þér áskrift að SkjáEinum, Stöð 2 eða Stöð 2 Sport og fjölbreytta áskriftarpakka með yfir 60 erlendum stöðvum.



VOD Frelsi til að horfa þegar þér hentar

Með smelli á VOD takkann opnarðu SkjáBíó með yfir 4000 titlum, bíómyndum, þáttum, barnamyndum og efni á 0 kr. Í SkjáFrelsi, Stöð 2 Frelsi og RÚV Frelsi sérðu nýjustu þættina og fréttirnar þegar þér hentar.



Bestu lögin skapa stemninguna

Ef þú smellir á MENU takkann og velur útvarp opnast Bestu lögin, sérsniðnar tónlistarrásir fyrir öll möguleg tilefni. Þar eru líka allar íslensku útvarpsstöðvarnar og tugir erlendra.

Síminn

# Fólk

folk@frettabladid.is



**12 SINNUM** hefur Hulk Hogan orðið heimsmeistari í amerískri fjölbragðaglímu. Hann ætlar nú að raka af sér yfirvaraskeggið sem hefur verið einkennismerki hans.

## Spilar í fimm klukkutíma

**Óli Ofur heldur upp á tíu ára plötusnúðsafmælið sitt á laugardaginn með því að slá upp stóru klúbbakvöldi á Nasa. Hann ætlar sjálfur að spila allt kvöldið, eða í um fimm klukkutíma.**



**ÓLI OFUR**

**Óli ætlar að líta yfir ferilinn og spila seiðandi danstónlist, bæði nýja og gamla. Hann hefur komið víða við síðan hann steig sín fyrstu skref á Akranesi árið 2002. Á ferilskrá hans er spilamennska á Þjóðhátíð í Eyjum, Broadway, Nasa og á flestum dansklúbbum þjóðarinnar við góðar undirtektir.**



**NÝ PLATA** Nýjasta plata Madonnu hefur fengið nafnið MDNA.

## Tónleikaferð um heiminn

**Madonna hefur í hyggju að fara í tónleikaferð um heiminn á þessu ári. Tilefnið er tólfta hljóðversplata hennar, MDNA, sem kemur út í vor.**

**„Ég verð að eiga fyrir salti í grautinn," sagði hún í gríni í sjónvarpsþættinum The Graham Norton Show. „Satt best að segja þá hef ég mjög gaman af þessu. Að fara í tónleikaferð er mest gefandi af því sem ég tek mér fyrir hendur." Fyrsta smáskífulag nýju plötunnar, Gimme All Your Luvin, fer í loftið 7. febrúar en prufuútgáfu af því var lekið á netið fyrir skömmu.**



**RÍSANDI STJARNA** Lea Michele er eitt skærasta nýstirnið í Hollywood um þessar mundir en hún leikur aðalhlutverkið í Glee. Michele var kjörin besta gamanleikkonan og ræddi málin við Kristen Bell. NORDICPHOTOS/GETTY



**SIGURVEGARI** Einn af sigurvegurum kvöldsins var hin unga Emma Stone. Hún var valin bæði leikkona ársins í drama-og gamanflokki og þá þótti klæðaburður hennar einstaklega vel heppnaður af tískuspekúlöntum.

# Stjörnu-sýning í Nokia-höllinni

**Engin hörgull var á stórstjörnum þegar People's Choice Awards voru afhent í Nokia-höllinni í Los Angeles þrátt fyrir að helstu sigurvegarar kvöldsins hefðu verið víðsfjarri.**

Bandaríska söngkonan Katy Perry stóð uppi sem sigurvegari á People's Choice Awards sem haldið var á miðvikudagskvöld. Perry hlaut fimm verðlaun en ákvað að draga sig út úr verðlaunaafhendingunni á þriðjudagskvöld. Ástæðan var augljós, flutningabílar voru mættir að villu hennar og Russells Brand, fyrrverandi eiginmanns söngkonunnar, til að tæma hana en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum skildu Brand og Perry eftir rúmlega tveggja ára hjónaband skömmu eftir jól.

Alls eru veitt fjörutíu verðlaun á People's Choice Awards og því óþarfi að fara nákvæmlega ofan í saumana á hverjum einasta verðlaunaflokki en hátt í tuttugu milljónir atkvæða bárust gegnum annaðhvort net eða síma samkvæmt upplýsingum frá skipuleggjendum hátíðarinnar. Meðal annarra verðlaunahafa má nefna að Emma Stone fékk tvenn verðlaun sem besta drama- og gamanleikkonan, Johnny Depp var valinn leikari ársins og Adam Sandler var heiðraður fyrir gamanleik sinn þrátt fyrir að kvikmyndir hans í ár hafi verið rifnar á hol af gagnrýnendum. „En það sem mestu máli skiptir er að þið, áhorfendur, kunnið að meta verk mín," sagði Sandler. Þá var Morgan Freeman heiðraður fyrir framlag sitt til hvíta tjaldsins.

Í sjónvarpsflokknum skiptust verðlaunin nokkuð jafnt en gamanþátturinn How I Met Your Mother fékk tvenn verðlaun: Neil Patrick Harris var kosinn besti gamanleikarinn og þátturinn sjálfur besti grínþátturinn. Nina Dobrev úr Vampire Diaries var valin besta drama-leikkonan en Nathan Filion úr Serenity fékk sömu verðlaun í karlaflokki. Það var síðan Lea Michele sem var útnefnd besta gamanleikkonan í sjónvarpi fyrir frammistöðu sína í Glee.

freyrgigja@frettabladid.is



**DAGBÆKUR VAMPÍRA** Nina Dobrev var valin leikkona ársins í dramaflokki. Hún leikur í sjónvarpsþáttunum Vampire Diaries.

**KYNNIR KVÖLDSINS** Kaley Cuoco var kynnir kvöldsins og þótti bæði smekkleg í klæðnaði og framkomu. Cuoco leikur eitt aðalhlutverkanna í The Big Bang Theory.

**HEIMA Í ÁSTARSORG** Katy Perry var sigursæl á People's Choice Awards. Hún forfallaðist hins vegar enda stendur hún í skilnaði við eiginmann sinn, Russell Brand.


**krakkasíðan**

krakkar@frettabladid.is



**JÓN JÓNSSON**
**Grét á sinni fyrstu fótboltaæfingu og fór að semja tónlist þegar hann var ellefu ára.**




**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**


# Uppselt hálfu ári fyrir sýningu

Miðar á sérstakar miðnætursýningar The Dark Knight Rises, nýjustu Batman-myndarinnar, eru þegar orðnir uppseldir í Bandaríkjunum, um sex mánuðum áður en myndin kemur út, 20. júlí.

Aðdáendur Batman eru greinilega æstir í að sjá þessa þriðju mynd leikstjórans Christophers Nolan um grímuklæddu ofurhetjuna því miðarnir á miðnætursýningar í New York, Los Angeles og San Francisco ruku út á örskammri stundu. Ekki er vitað hvort einhverjum sýningum verði bætt við en ljóst er að eftirspurnin er fyrir hendi og rúmlega það.

Leikstjórinn Nolan hefur viðurkennt að hafa fundið fyrir miklum utanaðkomandi þrýstingi við gerð myndarinnar. „Ég held að þetta sé góður þrýstingur vegna þess að þessar myndir og væntingar áhorfendanna eiga það skilið," sagði hann.

Tom Hardy leikur illmennið Bane í The Dark Knigt Rises. Með önnur hlutverk fara Christian Bale sem Batman, Anne Hathaway, Joseph Gordon-Levitt, Marion Cotillard, Michael Caine og Gary Oldman.



**KATTARKONAN** Anne Hathaway leikur kattarkonuna í nýjustu Batman-myndinni.


BT leikjadagar
mikið úrval af ódýrum og flottum leikjum fyrir:
Wii DS 3DS XBOX
PS3 PS2 PSP PC
- nýir leikir - gamlir leikir
- hasarleikir - ævintýraleikir
- barnaleikir -
Spilað & Skilað
TILBOÐ
borgar fyrir tvo
- færð þriðja frítt !!
(ódýrasti leikurinn fylgir frítt með)
spilað & skilað
7.999
8.999
7.999
4.999
BATTLEFIELD 3
THE RUN
FIFA 12
FIGHT NIGHT CHAMPION
lækkun á eldri leikjum
takmarkað magn - fyrstur kemur fyrstur fær !
SAMSUNG
EM TILBOÐ
-stærðin skiptir máli !!
EM verð
99.900
114.999
43"
Samsung D455 Plasma
1024 x 768 - HD Ready
EM verð
169.900
179.999
51"
Samsung D535 Plasma
1920 x 1080 - Full HD
EM verð
159.900
189.999
51"
Samsung D455 Plasma
1366 x 768 - HD Ready
EM verð
449.900
479.999
3D
51"
Samsung D8005 SMART Plasma
1920 x 1080 - Full HD - 600Hz - 3D
ÍSLAND
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 // www.bt.is - alltaf opið



**UMTÖLUÐ** Fæðing frumburðar Beyoncé og Jay-Z er umtöluð og hefur mikið verið skrifað um hana í fjölmiðlum vestan hafs. NORDICPHOTOS/GETTY

# Umdeild fæðing Blue Ivy

**Tónlistarhjónin Beyoncé Knowles og Jay-Z eignuðust sitt fyrsta barn á Lenox Hill-sjúkrahúsinu í New York á laugardaginn var. Stúlkan hlaut nafnið Blue Ivy Carter og hafa fjölmiðlar birt margar furðulegar fréttir af fæðingu barnsins.**

Sögusagnirnar hófust strax á meðgöngunni og var Beyoncé sökuð um að ljúga til um ástand sitt. Sum tímarit héldu því fram að söngkonan væri alls ekki barnshafandi og að bumban væri aðeins púði. Söngkonan var þó flutt á Lenox Hill sjúkrahúsið 7. janúar síðastliðinn þar sem hún fæddi Blue Ivy.

Sögusögnunum hefur þó ekki linnt og eru hjónin sögð hafa rifið niður veggi á fæðingardeild spítalans og þannig breytt sex herbergjum í tvö stór herbergi sem þau ein höfðu aðgang að. Starfsfólk sjúkrahússins hefur reynt að draga úr þessum sögum en vefsíðan TMZ komst yfir teikningar af fæðingarstofu Beyoncé og Jay Z.

Herbergið minnir á þakíbúð Four Seasons-hótelsins, fjórir flatskjáir prýða það, raftæki af bestu gerð eru til taks og nútímalistaverk ef fólk vill slaka aðeins á. Talsmaður spítalans vísaði því hins vegar á bug að herbergið hafi verið sérstaklega útbúið fyrir tónlistarhjónin, þau hafi hins vegar verið þess heiðurs aðnjótandi að vígja það. Tímaritið US Weekly greinir einnig frá því að öðrum hjónum hafi verið meinaður aðgangur að fæðingardeildinni af lífvörðum Jay-Z. Fréttirnar vöktu athygli heilbrigðisyfirvalda New York-borgar sem ákváðu í kjölfarið að skoða málið nánar.

Einnig er talið að hjónin hafi eytt hátt í tvö hundruð milljónum króna í herbergi dótturinnar. Á meðal þess sem herbergið hefur upp á að bjóða er rugguhestur úr gulli sem talið er að hafi kostað um 75 milljónir króna, vagga sem kostaði um tvær og hálfa milljón, og barnastóll sem kostaði um tvær milljónir króna. Þau skötuhjú eru þó ekki bara að hugsa um gull og glingur fyrir Blue Ivy því í Daily Star er sagt frá því að þær gjafir sem þau hafa fengið frá frægum vinum á borð við Opruh Winfrey og P. Diddy verið látnar renna til góðgerðasamtaka.

sara@frettabladid.is

Tónlist ★★★

**Open a Window**

Solla Soulful




## Klassískt og kraftmikið

Solla Soulful er söngkonan og lagahöfundurinn Sólveig Þórðardóttir. Open a Vindow er hennar fyrsta plata. Á henni eru ellefu lög, tíu þeirra eru eftir Sollu sjálfa (bæði tónlistin og textarnir), en það ellefta er Bítlalagið Oh Darling í nýrri útsetningu.

Solla, sem er útskrifuð úr djass- og rokkbraut tónlistarskóla FÍH, er fín söngkona og efnilegur lagasmiður. Tónlistin á Open a Window er klassísk og á köflum kraftmikil blanda af sálartónlist og blúsuðu rokki. Það er ekki verið að kanna ný svæði tónlistarlega hér, en lögin eru mörg fín og flutningurinn er mjög góður, bæði hjá Sollu og hljómsveitinni hennar sem er skipuð gítarleikaranum Ragnari Emilssyni, bassaleikaranum Inga Birni Ingasyni, trommuleikaranum Agli Erni Rafnssyni og hljómborðsleikaranum Kjartani Valdemarssyni. Platan er ágætlega heppnuð sem heild, en einna hæst finnst mér hún samt rísa í laginu Sir x, sem er sérstaklega kraftmikið.

Á heildina litið er Open A Window fín frumraun frá efnilegri söngkonu og lagasmið.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Kraftmikil blanda af blúsuðu rokki og sálartónlist frá Sólveigu Þórðardóttur.





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| FLYPAPER | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 4.45 - 8 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| IRON LADY | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE DESCENDANTS FORSÝNING | KL. 8 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 5.45 - 9 | 16 |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 5.40 - 10.20 | 7 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| IRON LADY | KL. 6 - 8 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR | 4(750 KR), 6, 8 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8, 10.10 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 7, 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNANIR | 4(750 KR) |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 4(950 KR) |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 50/50 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| 50/50 VIP | kl. 10:40 | 2D | VIP |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 VIP | kl. 5:20 - 8 | 2D | VIP |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 3 - 5:30 - 8 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR ísl tal | kl. 6 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 4 | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 6 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | L |
| MISSION: IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:30 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE MUPPETS MOVIE | kl. 6 - 8 | L |
| 50/50 | kl. 10:10 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensku tali | kl. 5:40 - 8 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| SHERLOCK HOLMES 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 10:20 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE MUPPETS MOVIE | kl. 5:40 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 4 | kl. 10 | 2D | 12 |
| THE SITTER | kl. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | 2D | L |




BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FÖSTUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 22:00 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

Bíó Paradís er nú hluti af
**EUROPA CINEMAS**



# RÝMINGARSALA

OG OPIÐ ALLA HELGINA

## LOKSINS SPORTBÚÐARÚTSALA
## SPORTBÚÐIN FLYTUR OG ALLT Á AÐ SELJAST

- BYSSUSKÁPAR Á MIKLUM AFSLÆTTI
- FLUGUSTANGIR Á ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
- RIFFLAR Á GRÍÐARLEGUM AFSLÆTTI
- VÖÐLUR Á STÓRFENGLEGUM AFSLÆTTI
- SPÚNAR Á SVÍVIRÐILEGUM AFSLÆTTI
- GÆSAGALLAR Á LYGILEGUM AFSLÆTTI
- HAGLABYSSUR Á ÓHEYRILEGUM AFSLÆTTI
- GERVIGÆSIR Á MÖGNUÐUM AFSLÆTTI
- HAGLASKOT Á SMÁAFSLÆTTI
- VEIÐIJAKKAR Á OFSAFENGNUM AFSLÆTTI
- FLUGULÍNUR Á SVAKALEGUM AFSLÆTTI
- VEIÐIHJÓL Á HRIKALEGUM AFSLÆTTI
- FULLT AF ALLSKONAR Á HÁLFVIRÐI

## OPIÐ TIL 18 FÖSTUDAG
## 10 TIL 16 Á LAUGARDAG
## OG 12 TIL 16 Á SUNNUDAG

## AUÐVELDAÐU OKKUR FLUTNINGINN OG HJÁLPAÐU OKKUR VIÐ AÐ TÆMA BÚÐINA

*Sportbúðin flytur í febrúar frá Krókhálsi 5 og opnar í mars að Krókhálsi 4.*

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# sport

sport@frettabladid.is

4 DAGAR EM í handbolta 2012

**SLÓVENAR**, mótherjar íslenska landsliðsins í riðlinum, eru á hálfgerðum heimavelli enda ekki langt að fara til Serbíu. Það er mikill munur á gengi Slóvena á stórmótum á Balkanskaganum og á stórmótum annars staðar. Þetta verður níunda EM Slóvena. Þeir urðu í 2. sæti á heimavelli 2004 og í 5. sæti í Króatíu 2000. Þeir hafa síðan einu sinni náð 8. sæti (EM í Sviss 2006) en annars verið í tíunda sæti eða neðar.



**VILL SELJA** Jesper „Kasi“ Nielsen vill einbeita sér að danska liðinu AG.

Jesper „Kasi“ Nielsen:

## Vill selja Rhein-Neckar Löwen

**HANDBOLTI** Eigandi danska handboltaliðsins AG frá Kaupmannahöfn, Jesper „Kasi“ Nielsen, segir í viðtali við danska dagblaðið Jyllands-Posten að hann ætli að selja þýska handboltaliðið Rhein-Neckar Löwen. Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins, er þjálfari Löwen og Róbert Gunnarsson landsliðsmaður er leikmaður hjá þýska liðinu.

„Kasi“ segir að hann þurfi að losa sig við eignina til þess að fá lausafé en hann hefur verið gagnrýndur fyrir að eiga tvö af stærstu handboltafélögum í Evrópu, sem gæti á einhverjum tímapunkti leikið gegn hvort öðru í Evrópukeppni eða Meistaradeild Evrópu.

Forráðamenn þýska liðsins hafa ekki verið ánægðir með „Kasi“ á undanförnum vikum og mánuðum. Að þeirra mati hefur eigandinn ekki lagt sig fram við rekstur félagsins. **- hbg**

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla*

**Þór Þorl. - Haukar 82-76 (31-31)**

**Þór Þorlákshöfn**: Matthew James Hairston 30/17 fráköst/9 varin skot, Darrin Govens 20, Guðmundur Jónsson 16, Baldur Þór Ragnarsson 6, Darri Hilmarsson 5, Blagoj Janev 5.
**Haukar**: Hayward Fain 32/13 fráköst, Christopher Smith 27/12 fráköst, Emil Barja 7, Sævar Haraldsson 4, Davíð Hermannsson 4, Helgi Einarsson 2.

**Njarðvík - Tindastóll 85-93 (41-49)**

**Njarðvík**: Cameron Echols 21/10 fráköst, Travis Holmes 21, Ólafur Helgi Jónsson 16, Elvar Már Friðriksson 12, Hjörtur Hrafn Einarsson 6, Maciej Stanislav Baginski 6, Oddur Birnir Pétursson 3.
**Tindastóll**: Curtis Allen 21, Friðrik Hreinsson 15, Svavar Atli Birgisson 13, Maurice Miller 11/11 stoðsendingar, Þröstur Leó Jóhannsson 11, Myles Luttman 11/9 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 5, Hreinn Birgisson 4, Helgi Rafn Viggósson 2.

**Stjarnan - Grindavík 67-75 (35-42)**

**Stjarnan**: Justin Shouse 15, Marvin Valdimarsson 14, Renato Lindmets 12/8 fráköst, Keith Cothran 11, Sigurjón Örn Lárusson 10/8 fráköst, Fannar Freyr Helgason 4, Guðjón Lárusson 1.
**Grindavík**: Giordan Watson 19/11 fráköst/11 stoðsendingar, Jóhann Árni Ólafsson 15, J'Nathan Bullock 14/11 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 12, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 7, Þorleifur Ólafsson 6, Ólafur Ólafsson 2.

**Keflavík - Fjölnir 96-81 (45-41)**

**Keflavík**: Jarryd Cole 34/18 fráköst, Charles Michael Parker 27/11 fráköst, Steven Gerard Dagustino 22, Almar Stefán Guðbrandsson 9, Ragnar Gerald Albertsson 4.
**Fjölnir**: Nathan Walkup 38/11 fráköst, Jón Sverrisson 13, Arnþór Freyr Guðmundsson 12/7 stoðsendingar, Calvin O'Neal 11, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 5, Haukur Sverrisson 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **11** | **10** | **1** | **953-817** | **20** |
| Stjarnan | 11 | 8 | 3 | 986-926 | 16 |
| **Keflavík** | **11** | **8** | **3** | **1017-943** | **16** |
| Þór Þ. | 11 | 7 | 4 | 946-901 | 14 |
| **KR** | **10** | **6** | **4** | **849-864** | **12** |
| ÍR | 10 | 5 | 5 | 877-883 | 10 |
| **Fjölnir** | **11** | **5** | **6** | **939-974** | **10** |
| Tindastóll | 11 | 5 | 6 | 931-964 | 10 |
| **Snæfell** | **10** | **4** | **6** | **963-943** | **8** |
| Njarðvík | 11 | 4 | 7 | 920-951 | 8 |
| **Haukar** | **11** | **2** | **9** | **858-946** | **4** |
| Valur | 10 | 0 | 10 | 767-894 | 0 |



**LYKILMAÐUR** Snorri Steinn hefur verið í algjöru lykilhlutverki hjá landsliðinu undanfarin ár og það yrði gríðarlegt áfall fyrir landsliðið að missa hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skýrist með Snorra í dag

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari mun tilkynna 17 manna leikmannahóp fyrir EM í Serbíu í dag. Enn óvissa með þátttöku Snorra Steins. Ingimundur fór í sprautumeðferð og æfir ekki aftur fyrr en á sunnudag.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Þórður Guðmundsson landsliðsþjálfari segir að það séu helmingslíkur á því að leikstjórnandinn Snorri Steinn Guðjónsson verði með landsliðinu á EM. Snorri er staddur í Danmörku þar sem unnusta hans eignaðist barn um síðustu helgi.

„Það verður tekin endanleg niðurstaða fyrir hádegið á morgun [í dag] þegar ég tilkynni hópinn sem fer til Serbíu. Sá möguleiki er enn fyrir hendi að Snorri komi ekki með okkur,“ segir Guðmundur en hann hefur reynt að láta málið ekki trufla undirbúninginn.

„Við höfum spilað á öðrum mönnum og þetta hefur ekki skaðað né truflað undirbúninginn þannig. Engu að síður yrði alltaf mikill söknuður í Snorra en það þýðir ekki að hugsa of mikið um það enda eitthvað sem við getum ekki breytt. Auðvitað vonumst við samt eftir farsælli lausn. Ef einhver getur komið inn í þennan hóp með litlum fyrirvara þá er það Snorri. Hann þekkir þetta allt frá a til ö hjá okkur.“

Guðmundur segir að fari svo að Snorri komi ekki með til Serbíu sé liðið ágætlega búið undir það. Hann hafi Aron Pálmarsson, Arnór Atlason, Ólaf Bjarka Ragnarsson og Fannar Friðgeirsson sem geti leyst miðjustöðuna.

> Ef einhver getur komið inn í þennan hóp með litlum fyrirvara þá er það Snorri.
>
> **GUÐMUNDUR Þ. GUÐMUNDSSON** LANDSLIÐSÞJÁLFARI

„Það hefur verið plan B og við höfum undirbúið okkur fyrir slíka stöðu ef hún kemur upp.“

Fyrir utan Snorra þá hafa þeir Ingimundur Ingimundarson og Alexander Petersson ekki gengið heilir til skógar og fengið frí frá æfingum.

„Alexander er byrjaður aftur eftir fríið. Hann var slæmur í öxl og þreyttur. Fríið hefur gert honum gott og ég held að hann verði ferskur á EM. Ingimundur er erfiðara mál. Hann er slæmur í nára og við erum búnir að láta sprauta hann vegna meiðslanna. Það eykur líkurnar á að hann geti verið með okkur af fullum krafti. Hann mun því hvíla alveg fram á sunnudag,“ sagði Guðmundur.

Guðmundur segir að hann muni væntanlega tilkynna 17 manna leikmannahóp í dag.

„Ég myndi þá tilkynna 15 leikmenn inn í mótið en við getum bætt 16. manninum við fyrir klukkan 11 á leikdegi. Ég má svo rótera hópnum aftur þegar komið er í milliriðil. Þá má skipta út tveimur mönnum og svo einum eftir milliriðilinn,“ segir Guðmundur og telur að nauðsynlegt hafi verið að æfa með 20 manna hóp fyrir mótið.

Landsliðið leikur við Finna í kvöld og kveður þar með Íslendinga þar sem liðið heldur utan á laugardagsmorgun.

„Við ætlum að spila leikinn á fullu. Það er rosalega góð tilfinning að fara inn í mót eftir að hafa spilað vel hér heima við góðan stuðning. Það er gott að fá smá byr í vængina og við finnum fyrir þessum stuðningi þjóðarinnar sem okkur finnst vera ómetanlegur. Við erum alltaf þakklátir fyrir þennan stuðning og gott að taka hann með í farteskinu út.“

henry@frettabladid.is



**GERRARD** Verður áfram hjá Liverpool, stuðningsmönnum liðsins til mikillar ánægju. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrirliðinn skrifar undir:

## Gerrard áfram hjá Liverpool

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Liverpool kættust í gær en þá bárust fregnir af því að fyrirliðinn Steven Gerrard hefði skrifað undir nýjan samning við félagið. Samkvæmt enskum fjölmiðlum gildir hann út tímabilið 2014 en það var ekki staðfest af félaginu í gær.

Gerrard hefur verið á mála hjá Liverpool frá því að hann var átta ára gamall og hefur verið fyrirliði liðsins síðan í október 2003 og ekki útlit fyrir annað en að hann klári ferilinn sinn í rauðu treyjunni.

„Þetta er félagið sem ég elska og hef stutt síðan ég var lítill strákur. Ég vil vera áfram og fá að upplifa fleiri ógleymanlegar stundir með félaginu,“ sagði Gerrard í gær. **- esá**



**MEIDDUR** Ivano Balic er án vafa einn besti handboltamaður heims. NORDICPHOTOS/AFP

Góðar fréttir fyrir Ísland:

## Ivano Balic og Vukovic tæpir

**HANDBOLTI Króatarnir Ivano Balic, leikstjórnandi og einn besti handboltamaður heims, og skyttan Drago Vukovic, eru báðir tæpir fyrir EM í handbolta vegna meiðsla. Frá þessu greindi landsliðsþjálfarinn Slavko Goluza í gær.**

**Þetta verða að teljast góð tíðindi fyrir Ísland en strákarnir okkar mæta einmitt Króatíu í fyrsta leik á mánudagskvöldið. „Meiðslin eru alls ekki smávægileg en við erum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að ná þeim heilum fyrir fyrsta leik,“ sagði Goluza.** **- esá**

Grindvíkingar unnu bug á svæðisvörninni er þeir skelltu Stjörnunni í Garðabænum í gærkvöldi:

# Grindvíkingar geta vel spilað gegn svæðisvörn

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar rifu sig upp eftir tapið gegn KR í bikarnum í gær er þeir sóttu Stjörnuna heim. Grindvíkingar þurftu engan glansleik til þess að leggja slakt Stjörnulið af velli, 67-75. Sigurinn var mun öruggari en lokatölurnar gáfu til kynna.

Gestirnir fóru mikinn í fyrsta leikhluta með Giordan Watson sjóðheitan. Hann skoraði 14 stig í fyrsta leikhlutanum og Grindavík í góðri stöðu eftir hann, 20-31. Stjörnumenn slökktu eldinn hjá Watson í öðrum leikhluta og náðu aðeins að saxa á forskotið fyrir hlé. Munurinn aðeins sjö stig, 35-42, og allt opið fyrir síðari hálfleikinn.

Grindvíkingar gerðu út um leikinn í þriðja leikhluta. Þá skoruðu Stjörnumenn aðeins átta stig og munurinn sautján stig, 43-60, er einn leikhluti var eftir. Þrátt fyrir ágætis tilburði og vilja var munurinn einfaldlega of mikill og Grindvíkingar unnu sannfærandi útisigur.

Mikið hefur verið látið með hversu illa Grindavík gangi að spila gegn svæðisvörn en drengirnir hans Helga Jónasar voru að leysa hana mun betur í gær en oft áður.

„Við vorum aðeins ragir gegn svæðisvörninni til að byrja með en svo leystum við hana mjög vel. Menn eru mikið að tala um að svæðisvörn sé okkar „kryptonite“ en það var ekki að sjá í kvöld,“ sagði Helgi Jónas sem var heilt yfir ánægður með leik sinna manna. „Ég er mjög ánægður með mína menn. Við spiluðum frábærlega í 36 mínútur og síðan hættum við. Ég var ekki sáttur við það.“

Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, var síður en svo sáttur við sitt lið. „Við vorum bara lélegir. Öll ákvörðunartaka var ömurleg og svona mætti áfram telja. Þetta er hrikalega lélegt.“ **- hbg**



**ÖRUGGUR Í FRÁKASTINU** Ómar Örn Sævarsson tekur eitt af fimm fráköstum sínum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þorrablót Fjölnis

í íþróttamiðstöðinni Dalhús
laugardaginn 21. janúar 2012



Þekkir einhver þennan mann?

Húsið opnar kl 19:00 og borðhald hefst kl. 20:00 með alíslenskum þorramat frá þorrakóngnum í Múlakaffi og flottum réttum fyrir þá sem ekki þora í þorrann.

Hinn íturvaxni og óþekkti Örn Árnason stýrir veislunni.

Skemmtiatriði, happdrætti og Karlakór Grafarvogs.

Stórsveitin TODMOBILE sér um fjörið fram á nótt.



## Miðaverð:

Matur og ball 7.500 kr.

Ball 3.250 kr.

Húsið opnar fyrir ballgesti kl. 23:00
Miðasala hefst 3. janúar í Hagkaup Spönginni
Allar nánari upplýsingar í síma 845-8206

## Þorrahlaðborð Múlakaffis-Veislurétta

### Súrmeti

- Hrútspungar
- Súr sviðasulta
- Lundabaggar
- Bringukollar
- Lifrapylsa
- Blóðmör
- Hvalrengi

### Nýmeti

- Hangikjöt úr læri
- Harðfiskur
- Hákarl
- Síldarréttir, 2 tegundir
- Rúgbrauð
- Flatbrauð
- Smjör
- Ný sviðasulta
- Sviðakjammar
- Lifrapylsa
- Blóðmör
- Köld rófustappa
- Ítalskt salat

### Heitir réttir

- Soðið saltkjöt með uppstúf og kartöflum
- Hreindýraragú með eplasalati og steiktum hrísgrjónum
- Glóðarsteikt lambalæri transerað í sal

# Ekki missa af balli ársins!

FJÖLNIR

## > Stöð 2 kl. 19.45

### Týnda kynslóðin

***Björn Bragi og Þórunn Antonía verða á ferð og flugi í þættinum í kvöld og stefnan er sett á Selfoss þar sem Stöð 2 hefur hreiðrað um sig í Tryggvaskála í dag og á morgun. Fréttir og Ísland í dag verða sendar út í beinni útsendingu frá Selfossi í kvöld og eftir stutt stopp í Springfield, heimabæ Simpsons-fjölskyldunnar, er komið að Birni Braga og Þórunni Antoníu að skemmta áhorfendum.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR **SAKNAR LIÐAÐRA LOKKA**

## *Óþarfar breytingar ekki til góðs*

Þeir segja að maður eigi ekki að láta útlitið skipta sig máli, heldur horfa á hinn innri mann. Þetta er auðvitað rétt í samskiptum við alvöru fólk en þegar ég horfi á persónur í sjónvarpinu læt ég þetta lönd og leið. Ég leyfi mér fullkomna smámunasemi þegar kemur að hneppingum á skyrtukrögum, andlitsförðun eða hári og er sérstaklega viðkvæm fyrir breytingum á útliti persóna.



Þessi smámunasemi hefur gert það að verkum að ég get ekki lengur horft á Chuck. Ég lít hann einfaldlega ekki sömu augum eftir að hann klippti sig. Í upphafi var Chuck úfinn, ógreiddur, ógirtur og frekar viðkunnanlegur starfsmaður tæknideildar í stórmarkaði, sem flæktist inn í njósnadeild CIA. Hann varð eðlilega stressaður yfir því og ég fann til samkenndar með honum. Það hefur breyst.

Nú finnst mér Chuck taugaveiklaður, ástsjúkur og óþolandi gaur í allt of þröngri peysu. Ástæðan fyrir því er ekki sú að nú er hann orðinn fullgildur njósnari CIA og samband þeirra Söru orðið langdregið og flatt. Neibb, ástæðan er hárið. Snögg herraklippingin gengur einfaldlega ekki upp. Hún er of snyrtileg, of tilgerðarleg og óspennandi. Samkennd mín með Chuck hvarf eins og dögg fyrir sólu, um leið og liðuðu lokkarnir.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Samsöngur úr norðri **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**16.05 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.45 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.25 Otrabörnin** (40:41)
**17.50 Óskabarnið** (2:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Framandi og freistandi II** (1:8 Í þessum þáttum fylgjumst við með Yesmine Olsson að störfum í eldhúsinu.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar (Dalvíkurbyggð - Fljótsdalshérað)** Spurningakeppni sveitarfélaga.
**21.20 Hreinn umfram allt** (The Importance of Being Earnest) Í London á síðasta áratug 19. aldar notast tveir vinir við sama dulnefnið og það gengur vandræðalaust þangað til að þeir verða báðir ástfangnir af sömu konunni. Leikstjóri er Oliver Parker og meðal leikenda eru Rupert Everett, Colin Firth, Frances O'Connor, Reese Witherspoon, Judi Dench, Tom Wilkinson, Anna Massey og Edward Fox. Bresk bíómynd frá 2002 byggð á leikriti eftir Oscar Wilde.
**22.55 Wallander – Rukkarinn** (Wallander: Indrivaren) Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Kathrine Windfeld og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Lena Endre, Sverrir Guðnason og Nina Zanjani. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.30 Hinn sanni Dan** (Dan in Real Life) Bandarísk bíómynd frá 2007 um mann sem kemst að því að konan sem hann varð ástfanginn af er kærasta bróður hans.
**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Picture This**
**10.00 Someone Like You**
**12.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**14.00 Picture This**
**16.00 Someone Like You**
**18.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**20.00 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief**
**22.00 State of Play**
**00.05 Platoon**
**02.05 Van Wilder 2: The Ride of Taj**
**04.00 State of Play**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (29:175)
**10.15 Off the Map** (9:13)
**11.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:4)
**11.50 Glee** (2:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Full of It** Gamanmynd um ungan strák sem lýgur öllu um líf sitt til að afla sér vinsælda í skólanum en neyðist síðan til að lifa því lífi sem hann hafði logið upp.
**14.40 Friends** (15:24)
**15.05 Sorry I've Got No Head**
**15.35 Tricky TV** (2:23)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (9:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (15:23)
**19.45 Týnda kynslóðin** (18:40)
**20.15 Wipeout USA** (2:18) Stórskemmtilegur skemmtiþáttur þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari.
**21.00 Fame** Frábær endurgerð á samnefndri mynd sem sló öll vinsældarmet á níunda áratugnum. Myndin segir frá nokkrum krökkum í virtum leiklistarskóla í New York og metnaði þeirra til að sækjast eftir ferli sem leikarar, dansarar eða tónlistarmenn.
**22.50 Journey to the End of the Night** Spennumynd með Scott Glenn, Brendan Fraser og Mos Def í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um feðga sem reka saman vændishús í hættulega hverfi í Sao Paulo í Brasilíu. Eitt kvöldið þegar viðskiptavinur er myrtur á staðnum kemur í ljós að ferðataska sem hann hafði meðferðis er full af eiturlyfjum.
**00.20 Mystic River**
**02.35 Saw III**
**04.20 Full of It**
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**17.45 Spænsku mörkin**
**18.15 Arsenal - Leeds** Útsending frá leik liðanna í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**20.00 Ensku bikarmörkin**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Small Potatoes - Who Killed the USFL** Einstök heimildarmynd um tilraun sem gerð var árið 1983 til að setja á fót nýja deild í amerískum fótbolta í beinni samkeppni við NFL. Hún kallaðsti United States Football League (USFL) og leiktíðin hófst á vorin. Tólf lið hófu leik og deildin gekk vel í byrjun en síðan fór að halla undan fæti.
**22.00 UFC 117** Útsending fra UFC 117 þar sem voru mættir margir af snjöllustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþróttagrein.
**01.00 Boston - Chicago** BEINT frá leik liðanna í NBA-deildinni.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Sunnudagsmessan**
**18.40 Man. Utd. - Blackburn**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Arsenal - QPR**

### 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** (26:175)
**20.15 The Closer** (4:15) Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe-verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Human Target** (10:13)
**22.35 NCIS: Los Angeles** (4:24)
**23.20 Breaking Bad** (9:13)
**00.10 The Closer** (4:15)
**00.55 Týnda kynslóðin** (18:40)
**01.20 The Doctors** (26:175)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.45 7th Heaven** (2:22) (e)
**15.45 America's Next Top Model** (5:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Parenthood** (19:22) (e)
**18.55 Being Erica** (9:13)
**19.45 Will & Grace** (12:25) (e)
**20.10 Live To Dance** (2:8) Það er söng- og dansdívan Paula Abdul sem er potturinn og pannan í þessum skemmtilega dansþætti þar sem 18 atriði keppa um hylli dómaranna og 500.000 dala verðlaun.
**21.00 Minute To Win It** Einstakur skemmtþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.
**21.45 HA?** (16:31)
**22.35 Jonathan Ross** (8:19) Kjaftfori séntilmaðurinn Jonathan Ross er ókrýndur konungur spjallþáttanna í Bretlandi. Michael Sheen, Miranda Hart og vandræðagemsinn Noel Gallagher eru gestir Jonathans að þessu sinni.
**23.25 30 Rock** (20:23) (e)
**23.50 Flashpoint** (2:13) (e)
**00.40 Saturday Night Live** (3:22) (e)
**01.30 Jimmy Kimmel** (e)
**02.15 Jimmy Kimmel** (e)
**03.00 Whose Line is it Anyway?** (e)
**03.25 Real Hustle** (2:10) (e)
**03.50 Smash Cuts** (9:52) (e)
**04.15 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**06.00** ESPN America **08.10** Sony Open 2012 (1:4) **11.35** Inside the PGA Tour (2:45) **12.05** Sony Open 2012 (1:4) **15.35** Golfing World **16.25** Sony Open 2012 (1:4) **19.35** PGA Tour - Highlights (1:45) **20.30** Sony Open 2012 (1:4) **00.00** Sony Open 2012 (2:4) **03.30** ESPN America

### N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

### BBC entertainment

**06.30** The Vicar of Dibley **08.30** Jane Eyre **09.25** Come Dine With Me **11.05** Sean Lock Live **12.05** ,Allo ,Allo! **12.40** Top Gear **13.30** The Vicar of Dibley **14.35** The Vicar of Dibley **15.35** QI **16.05** QI **16.35** Top Gear **17.25** Sean Lock Live **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans. XL **21.55** Peep Show **22.25** Live at the Apollo **23.10** QI **23.45** QI **00.15** Lee Evans. XL **01.05** Peep Show **01.35** The Graham Norton Show **02.40** The Weakest Link **03.25** Jane Eyre **04.20** Lee Evans. XL **05.15** EastEnders

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Lægeambulancen **12.15** Aftenshowet **13.10** Downton Abbey **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Downton Abbey **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Det kongelige spektakel **15.40** Bamses Lillebitte Billedbog **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** Fame **22.25** The Devil's Own - En fjende iblandt os

### NRK 1

**11.10** V-cup hopp **12.05** NRK nyheter **12.10** Førkveld **12.50** Glimt av Norge **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup alpint **13.45** V-cup skiskyting **14.50** Glimt av Norge **15.00** NRK nyheter **15.10** Oppdag Stillehavet **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Game of Thrones **23.15** Tungrockens historie

### svt1

**12.40** Inför Idrottsgalan 2012 **12.50** Alpint **14.00** Mot alla odds **14.03** Inför Idrottsgalan 2012 **14.05** Den meningslösa leken **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Inför Idrottsgalan 2012 **16.05** Min stad **16.20** På väg till Malung **16.50** Mot alla odds **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Intervju ur Gomorron Sverige **17.30** Hundra procent bonde **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Hollywood Homicide **22.55** Trångt i kistan

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





**Áleitið og óvægið verk sem lætur engan ósnortinn!**

★★★★
„Hreinsun er dýrmætt stykki..."
*SA - TMM*

★★★★
„Þessar leikkonur vinna þrekvirki..."
*KHH - Fréttatíminn*

★★★★
„Umfjöllunarefnið er nokkuð sem ekki verður horft undan"
*SGV - Morgunblaðið*

**Síðasta sýning 13. janúar, aukasýning 20. janúar!**

Sími í miðasölu 551 1200

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÓDÝR RAFMAGNSVERKFÆRI
Við Fellsmúla - Reykjavík
3196 3995 BORVÉL 500W
2396 2995 HLEÐSLUBORVÉL 12V
2396 2995 HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
5596 6995 HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
5596 6995 HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
7189 8995 HÖGGBOR/BROTVÉL 620W
6876 8595 BELTASLÍPIVÉL 900W
3596 4495 BÓNVÉL
2396 2995 SLÍPIMÚS
TILBOÐSDAGAR
Á RAFMAGNSVERKFÆRUM
20% afsláttur
15.996 19.995 HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
2396 2995 JUÐARI
7676 9595 RYK- OG VATNSSUGA
3196 3995 JUÐARI 150W
6396 7995 FLÍSASÖG
4796 5995 HJÓLSÖG 1400W
3196 3995 SMERGEL
KINSTORM
15.992 19.990 BENSÍNRAFSTÖÐ 800W
2 STÆRÐIR
Verð frá:
31.920 39.900 ALHLIÐASÖG - VELTISÖG
21.570 26.900 BÚTSÖG 2100W
13.596 16.995 BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



*„Blister in the sun með Violent Femmes er klassík, veit ekki af hverju.“*

Ósk Gunnarsdóttir, starfsmaður Iceland Airwaves.

# Ebert ekki hrifinn af Contraband

Tveir af virtustu gagnrýnendum Bandaríkjanna eru ekki sammála um ágæti Contraband, fyrstu Hollywood-kvikmyndar Baltasars Kormáks. Myndin verður frumsýnd í dag í Bandaríkjunum í 3.300 kvikmyndasölum en hún er dýrasta kvikmynd íslensks leikstjóra, kostaði tæplega 41 milljón dollara í framleiðslu. Myndin verður frumsýnd hér á landi í næstu viku.

Owen Gleiberman hjá Entertainment Weekly gefur Contraband fína umsögn á vefsíðu blaðsins. Hann setur myndina í svokallaðan B-flokk, segir hana halda áhorfandanum við efnið og í janúar sé það virðingarvert. Hann segir að þótt söguþráðurinn sé þvældur haldi myndin sjó. Robert Ebert hjá Chicago Sun-Times er hins vegar ekki á sama máli. Hann gefur myndinni einungis tvær stjörnur, gagnrýnir söguþráðinn og handritið harðlega og lýkur dómi sínum á því að segjast hafa verið meira spenntur yfir bröttum rúllustiga kvikmyndahússins en myndinni sjálfri.

Bæði Hollywood Reporter og Variety eru hins vegar jákvæð í garð Contraband. Fyrrnefnda blaðið telur myndina nægilega góða til að geta skilað góðu búi til Universal og Variety er á sama máli, það telur hins vegar að vinsældirnar eigi eftir að verða töluverðar utan Ameríku. Kvikmyndavefirnir rottentomatoes.com og metacritic.com, sem taka saman gagnrýni af vefnum, höfðu gefið myndinni einkunn í gær. Contraband fékk 50 af hundrað á rottentomatoes en 53 af hundraði hjá metacritic. - fgg



**EKKI HRIFINN** Rogert Ebert, einn frægasti kvikmyndagagnrýnandi Bandaríkjanna, er ekki hrifinn af Contraband eftir Baltasar Kormák. Myndin fær ágætis dóma í bandarískum miðlum en hún skartar Mark Wahlberg og Kate Beckinsale í aðalhlutverkum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þjóðlegir tónar eiga eftir að svífa yfir vötnum í Söngvakeppni sjónvarpsins sem hefst á laugardaginn. Jarðfræðingurinn Árni Hjartarson á til að mynda lagið Við hjartarót mína sem Heiða Ólafsdóttir syngur. Lagið er hluti af söngleik sem byggir á sögu Agnesar og Nathans en Agnes var síðasta konan sem tekin var af lífi hérlendis. Ekki má síðan gleyma lagi Gretu Salóme Stefánsdóttur en hún og **Jónsi** munu syngja um Ragnheiði biskupsdóttur og Daða Halldórsson.

Og meira af Eurovision. **Herbert Guðmundsson** er kominn í harða kosningabaráttu því hann hefur hvatt gamla skólafélaga sína úr Laugalækjarskóla, árgang 1953, til að kjósa lagið Eilíf ást sem tekur þátt í undankeppni Eurovision 28. janúar. Herbert samdi lagið ásamt syni sínum Svani og í pósti sem hann sendi á skólafélaga sína á Facebook óskaði hann eftir stuðningi á þessu síðasta undanúrslitakvöldi keppninnar. Aðeins tvö lög af fimm komast áfram í úrslitin sem verða háð 11. febrúar í Sjónvarpinu. - fgg, fb






4 vikna námskeið | Hefst 17. janúar

Insanity

“Ögrandi námskeið”

**Þú getur brennt allt að 1000 kaloríum í hverjum tíma!**

Skráning fer fram í síma 444-5090 og á nordicaspa@nordicaspa.is
Nánari upplýsingar á nordicaspa.is

Hóptímar þriðjudaga og fimmtudagar kl. 18:30

Verð 17.900kr.

Innifalið:
2 ögrandi hóptímar í viku, aðstoð og aðgangur í tækjasal (aðstoð alla virka daga frá kl. 6:00 til 19:00), vikulegar mælingar til að tryggja árangur, frítt handklæði við hverja komu, aðgangur að heitapottum og gufu, matardagbók og netpóstar með fræðsluefni.

Nordica Spa&Gym

Suðurlandsbraut 2 - 108 Reykjavík
Sími: 444 - 5090
nordicaspa.is

**JAKOB FRÍMANN:** VILDUM AÐ ÞEIR GREIDDU EINHVERS KONAR GREIÐSLU

# Youtube hafnar Félagi tónskálda og textahöfunda

„Það eru allir í heiminum að klóra sér í hausnum yfir því hvernig rétthafarnir, þeir sem eiga músíkina, geti eignast hlutdeild í arðinum sem er af þessu efni í net- og símheimum.“ segir Jakob Frímann Magnússon, formaður FTT, Félags tónskálda og textahöfunda.

Ein vinsælasta vefsíða heims, myndbandasíðan Youtube, hafnaði nýlega beiðni FTT um að greiða höfundarréttargjöld í sjóði íslenskra rétthafa. „Íslendingar eiga að líkindum heimsmet í Youtube og Facebook-notkun,“ segir Jakob Frímann. „Við vildum að þeir myndu greiða einhvers konar greiðslu, eins og þeir gera víða um heim. Að þeirra mati verðskuldar Ísland ekkert slíkt. Við erum ekki nógu stór og digur að þeirra mati. Og nógu langt í burtu til að ekki þurfi að óttast eitthvert kvak í smáfuglum við endimörk hins byggilega heims.“

FTT leitar nú leiða til að afla tekna á móti því sem félagið telur að tapist með ólöglegu niðurhali og streymi á vefsíðum á borð við Youtube, Facebook og Grooveshark. Síðustu ár hafa verið uppi hugmyndir innan FTT um að fara í samningaviðræður við íslenskar netþjónustur um að rukka ákveðið gjald af hverri nettengingu á Íslandi, svipað og rukkað er af skrifanlegum geisladiskum.

Gjaldið myndi renna til aðildarfélaga FTT og þaðan til höfunda í formi höfundarréttargjalda. FTT er klofið í afstöðu sinni til gjaldsins og eru það vefsíðurnar Tónlist.is, Gogoyoko og Grapewire, sem setja sig upp á móti því. „Þeir telja að þetta kynni að ögra stöðu þeirra á markaði, sem miðlari tónlistar,“ segir Jakob. „Við höfum lagt fram að þetta sé einn valkosturinn, ein leiðin. Svo eru sumir skeptískir á þá leið en hafa ekki komið með neina aðra betri í staðinn. Aðra en þá að stemma stigu við ólöglegu niðurhali og auglýsa voða vel alla löglegu kostina.“

Spurður hvernig netfyrirtækin hafa tekið hugmyndinni segir Jakob að viðbrögðin hafi verið ágæt. „Þetta er eitthvað sem síma- og netfyrirtæki hafa eðlilega sektarkennd yfir, að vera að miðla ólöglegu efni sem enginn fær borgað fyrir,“ segir hann. „En það þarf samstöðu allra aðila um málið.“

atlifannar@frettabladid.is



**KLOFIN SAMTÖK** Félag tónskálda og textahöfunda leitar nú leiða til að afla tekna, en ekki eru allir sammála um leiðirnar. Jakob Frímann Magnússon er formaður FTT. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skaupið kostaði 30 milljónir

Framleiðslukostnaður við Áramótaskaup Sjónvarpsins var þrjátíu milljónir samkvæmt upplýsingum frá Páli Magnússyni útvarpsstjóra. Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrði því þriðja árið í röð en Skaupið þótti nokkuð umdeilt í ár; sjálfstæðismenn kvörtuðu undan því á vefmiðlum og þá setti Eiður Guðnason, fyrrverandi ráðherra, fram harða gagnrýni á bloggsíðu sinni á brandara um útrás Íslendinga til Noregs en þar fannst honum voðaverkin í Útey vera höfð í flimtingum.

Páll segir þetta vera svipaðan kostnað og síðastliðin fimm ár en hann bendir á að uppsafnað áhorf á frum- og endursýningar hafi verið um 87 prósent. „Markaðshlutdeildin náði hins vegar þeirri ótrúlegu mælingu 100 prósent. Sem sagt: allir Íslendingar sem á annað borð voru með kveikt á sjónvarpi á frumsýningartíma á gamlárskvöld voru að horfa á Skaupið,“ segir Páll sem er nokkuð viss um að þetta hljóti að vera heimsmet. „Að minnsta kosti ef horft er til landa sem hafa fleiri en eina sjónvarpsstöð.“ - fgg



**DÝRT SPAUG** Anna Svava Knútsdóttir var einn af höfundum Áramótaskaupsins í ár. Það kostaði þrjátíu milljónir íslenskra króna.


14.JANÚAR 2012
ÓLI OFUR
10 ÁRA AFMÆLI Á NASA
FORSALA 1000 KR. Í MOHAWKS / VIÐ HURÐ 1500 KR.
Carlsberg
OFUR
HLJÓÐ & LJÓS
FUNKTION-ONE

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### FM Belfast hjá Letterman

Lag **Lóu Hjálmtýsdóttur** og félaga í hljómsveitinni FM Belfast, Underwear, hljómaði í spjallþætti Davids Letterman í Bandaríkjunum fyrir skömmu. Lagið var spilað í stuttu myndbandsbroti sem gestur þáttarins, Heather Morris úr þáttunum Glee, bjó til með vinkonu sinni. Þar hoppuðu þær og trölluðu undir laginu, sem er líklega það vinsælasta sem FM Belfast hefur sent frá sér til þessa.



### Meira af Ísþjóðinni í undirbúningi

Ísþjóðin, þættir **Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur** um unga Íslendinga, nutu vinsælda á Rúv síðastliðið haust. Eins og Fréttablaðið greindi frá á sínum tíma lentu Ragnhildur Steinunn og aðrir aðstandendur þáttarins í óvenjulegum erfiðleikum áður en sýningar hófust. Þættirnir áttu upphaflega að heita Ísfólkið, en því þurfti að breyta vegna mótmæla Margit Sandemo, höfundar samnefndra bóka. Það kom þó ekki að sök. Nú er hins vegar von á fleiri þáttum af Ísþjóðinni. Ragnhildur Steinunn hefur hafið undirbúning við aðra þáttaröðina og hefur fundað með væntanlegum viðmælendum sínum í vikunni.



**- fb, þeb**

## Mest lesið vísir

1. Lífshættulegt fyrir kjúklinga að fara í sláturhús
2. Nakin kona í Sherlock Holmes þáttum BBC vekur reiði
3. Mörður hvetur Steinþór til að segja upp
4. Búist við mun meiri leysingum en síðast
5. Teknir við kannabisræktun á tveimur stöðum


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



